



Kópavogsbær

# Skemmtilegar leikskólalóðir

Umhverfis- og menntasvið

2017





Kópavogsbær  
Umhverfis- og menntasvið  
1512173

# SKEMMTILEGAR LEIKSKÓLALÓÐIR



Skýrsla um leikskólalóðir í Kópavogi og tillögur  
starfshóps um endurgerð þeirra



# EFNISYFRLIT

---

Inngangur	7
Starfshópurinn	8
Könnun vegna nýtingar lóða og nærumhverfis	9
Umhverfismál leikskólanna	10
Útikennslusvæðin	11
Um gerð og endurgerð leikskólalóða í Kópavogi	13
Um viðhald leikskólalóða í Kópavogi	16
Framsetning greinargerðanna	17
Leikskólalóðirnar	
Leikskólinn Aðalþing	22
Leikskólinn Arnarsmári	25
Leikskólinn Austurkór	28
Leikskólinn Álfaheiði	31
Leikskólinn Álfatún	33
Leikskólinn Baugur	36
Leikskólinn Dalur	39
Leikskólinn Efstihjalli	41
Leikskólinn Fagrabrekka	44
Leikskólinn Fífusalir	47
Leikskólinn Furugrund	50
Leikskólinn Grænatún	52
Leikskólinn Kópahvoll	55
Leikskólinn Kópasteinn	58
Leikskólinn Kór	60
Leikskólinn Lækur	62
Leikskólinn Lækur (Stóri Lækur / Smárahvammur)	63
Leikskólinn Lækur (Litli Lækur / Kjarrið)	65
Leikskólinn Marbakki	66
Leikskólinn Núpur	69
Leikskólinn Rjúpnahæð	71
Leikskólinn Sólhvörf	74
Leikskólinn Urðarhóll	77
Leikskólinn Urðarhóll (Kópavogsbraut)	78
Leikskólinn Urðarhóll (Skólatröð)	80
Mat á leikskólalóðum	82
Tillögur að forgangsröðun í endurgerð leikskólalóða	84
Lokaorð	86
Heimildir - vinnugögn og myndaskrá	87
Víðauki 1. Bréf til leikskólastjóra dags. 10. desember 2015	88
Víðauki 2. Greinargerðir frá leikskólum	89



# INNGANGUR

Aðdraganda þessa verkefnis má rekja til þess að í málefnasamningi um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Kópavogs kjörtímabilið 2014-2018 segir í kaflanum um skóla- og menntamál:

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf að skerpa á ýmsum þáttum innan skólanna sem snúa að náminu en um leið tryggja að börnunum líði vel í skólanum og að hugað sé að velferð þeirra í hvívetna. Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði verður elft, farið verður í stefnumótandi verkefni um leið og ráðist verður í framkvæmdir á ýmsum sviðum.


Eitt þessara verkefna er skemmtilegri skóla- og leikskólalóðir.

Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2016 voru alls 80 millj.kr. fjárveitingar ætlaðar í endurgerð lóða. Sama fjárveiting er á fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og gert er ráð fyrir og að svo verði næstu árin þar sem verkefnið er yfirgripsmikið. Fjárveitingarnar eru aðskildar, 30 millj. kr. í endurgerð leikskólalóða og 50 millj.kr. í endurgerð grunnskólalóða.

Þessi skýrsla er eingöngu um leikskólalóðirnar en sambærileg skýrsla um grunnskólalóðirnar; Skemmtilegar skólalóðir í Kópavogi – greinargerð og tillögur starfshóps um endurgerð skólalóða, liggur fyrir, dags. 15. mars 2016.

Með „skemmtilegum“ lóðum er hér ekki aðeins átt við að gera lóðirnar fjölbreyttari og auka notagildi þeirra, heldur einnig að sinna meiriháttar viðhaldi og eðlilegri endurgerð lóðanna sjálfra og búnaðar á þeim. Þetta getur m.a. náð til leiktækja o.þ.h. búnaðar, breytinga á yfirborði lóða, lýsingar og girðinga svo nokkuð sé nefnt. Í sumum tilvikum getur verið um nær algera endurskipulagningu lóða að ræða.

Leikskólar í Kópavogi eru 21 talsins en lóðirnar eru 23. Saga þeirra nær rúma hálfa öld aftur í tímann því elsti leikskólinn tók til starfa árið 1964 og sá nýjasti árið 2014. Í þessari skýrslu er fjallað um alla leikskólana og flest það sem viðkemur lóðum þeirra, ásamt ýmsu öðru sem tengist lóðunum óbeint.



Mynd 2. Leikskólalóðir í Kópavogi í aldursröð: 1. Kópasteinn, 2. Kópahvoll, 3. Fagrabrekka, 4. Furugrund, 5. Urðarhóll-Skólatröð, 6. Efstihjalli, 7. Grænatún, 8. Marbakki, 9. Álfahéiði, 10. Stóri-Lækur, 11. Arnarsmári, 12. Dalur, 13. Núpur, 14. Urðarhóll-Kópavogsbraut, 15. Álfatún, 16. Fífusalir, 17. Litli-Lækur, 18. Rjúpnahæð, 19. Sólhvörf, 20. Kór, 21. Baugur, 22. Aðalþing, 23. Austurkór.

# STARFSHÓPURINN

Sviðstjórar umhverfissviðs og menntasviðs skipuðu í nóvember 2015 starfsmenn sviðanna í starfshóp sem ætlað var að halda utan um verkefnið. Ákveðið var að Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri stýrði hópnum. Í hópnum voru:

- Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri umhverfissviði
- Gerður Guðmundsdóttir, leikskólaráðgjafi menntasviði
- Gunnar Guðmundsson, íþróttafulltrúi menntasviði
- Jón Ingi Guðmundsson, verkefnastjóri umhverfissviði
- Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar menntasviði
- Sólveig H. Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur umhverfissviði.

Gunnar og Jón Ingi komu aðeins að vinnu starfshópsins í byrjun en margir starfsmenn umhverfissviðs komu að gerð skýrslunnar á síðari stigum.

Starfshópnum var m.a. ætlað að kynna sér ástand lóða, meta þörf á endurgerð þeirra og gera tillögur um forgangsröðun verkefna til næstu ára. Kynna átti málið í nefndum og ráðum og mikilvægt var að ákvörðun um framkvæmdir 2016 lægi fyrir fljótlega til að nægur tími gefist til undirbúnings.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 24. nóvember 2015 og fundað var nokkrum sinnum í framhaldinu. Fljótlega var þó ljóst að of mikið verk var að vinna að báðum verkefnum samhliða, þ.e. leikskóla- og grunnskólalóðum. Því var ákveðið að hópurinn einbeitti sér fyrst að grunnskólalóðunum og að leikskólalóðirnar yrðu teknar í framhaldi af því. Í desember 2015 var verkefnið kynnt á mánaðarlegum fundi leikskólastjóra og í framhaldi af því var þeim sent bréf, sjá fylgiskjal í viðauka 1. Þar var óskað eftir ábendingum og stuttri greinargerð frá hverjum leikskóla og foreldraráði um hvað talið var brýnast að gera á hverjum stað. Skilafrestur var til 15. mars 2016.

Á tímabilinu 18. febrúar - 10. mars 2016 mætti garðyrkjustjóri á fundi leikskólanefndar, skólanefndar, íþróttaráðs og umhverfis- og samgöngunefndar, kynnti verkefnið um skemmtilegri leikskóla- og skólalóðir, svaraði fyrirspurnum og tók við ábendingum. Í mars 2016 var í leikskólanefnd og bæjarráði samþykkt tillaga um að fjárveitingu ársins yrði varið í að ljúka endurgerð lóðar leikskólans Dals, sem hófst 2015, og að hafin yrði vinna við endurgerð lóðar leikskólans Grænatúns.

Skýrslan Skemmtilegar skólalóðir í Kópavogi – greinargerð og tillögur starfshóps um endurgerð skólalóða, var lögð fyrir bæjarráð í apríl og í framhaldi af því var haldið áfram vinnu með leikskólalóðirnar fram í maí. Íbúalýðræðisverkefnið Okkar Kópavogur setti þó strik í reikninginn þar sem tveir starfsmenn voru mjög bundnir af því frá vori og fram eftir hausti. Þráðurinn var svo loks tekinn upp aftur í nóvember og var fundað reglulega síðan þá. Alls fundaði hópurinn 19 sinnum, en aðallega var unnið í málinu milli funda.

Óskir og ábendingar frá leikskólasamfélaginu skiluðu

sér að mestu á tímabilinu mars til maí 2016 en þær síðustu skiluðu sér í hús í febrúar 2017. Í viðauka 2 er að finna allar þessar greinargerðir óstytta. Í maí 2016 sendi starfshópurinn leikskólastjórum spurningalista um ýmislegt sem varðar nýtingu lóðanna og nærumhverfis þeirra. Starfsmenn tóku einnig saman upplýsingar frá undanförunum árum sem tiltækar voru á umhverfis- og menntasviði og vörðuðu lóðirnar. Um var að ræða kvartanir, ábendingar eða hugmyndir um það sem betur mætti fara, hvort heldur er frá leikskólastjórnendum, foreldrum eða öðrum og ábendingar sem komið hafa á íbúafundum, t.d. vegna hverfisáætla og íbúalýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur. Einnig ýmiskonar úttektir og margt fleira sem tengist leikskólalóðunum.

Á tímabilinu nóvember 2016 - febrúar 2017 fór starfshópurinn yfir allar leikskólalóðirnar 23 ásamt innsendum greinargerðum o.fl. Í framhaldinu var hafin vinna við að skilgreina brýnustu verkefni eftir þeim upplýsingum sem fyrir lágu og taka saman og greina tölulegar upplýsingar. Á grundvelli þeirra upplýsinga var síðan gerð tillaga að forgangsröðun í endargerð lóða og endurbótum á þeim.



Mynd 3. Kastali við Kór. FB.



# KÖNNUN VEGNA NÝTINGAR LÓÐA OG NÆRUMHVERFIS

Vorið 2016 útbjó starfshópurinn könnun um nýtingu leikskólalóðanna og nærumhverfis þeirra og var spurningalisti sendur út til allra leikskólastjóranna í maí. Spurningarnar voru þessar:

1. Hvaða svæði á leikskólalóðinni eru í mestri notkun, vinsælust?
2. Breytist notkunin á svæðunum eftir árstíðum, ef svo, þá hvernig?
3. Er áhugi fyrir sérstöku vatnssvæði á leikskólalóðinni?
4. Er áhugi fyrir því að vera með grænmetisræktun á leikskólalóðinni?
5. Er áhugi fyrir að nýta berjarunna í leikskólasterfinu?
6. Er áhugi fyrir aukinni sorpflokkun?
7. Er áhugi fyrir moltugerð á leikskólalóðinni?
8. Hvaða svæði í nágrenni leikskólans notar leikskólinn?
  - a. boltasvæði?
  - b. sleðabrekku?
  - c. annað?
9. Hvaða útikennslusvæði notar leikskólinn?
10. Hefur leikskólinn aðgengi að íþróttasal?
11. Er gönguleiðin að þessum svæðum (sp. 8-10) örugg?

Tilgangur könnunarinnar var að athuga hvernig nýting lóðarinnar væri, hvort áhugi væri á sérstökum vatnssvæðum á lóð, grænmetisræktun og berjarunnum, moltugerð eða aukinni flokkun á sorpi. Þá var einnig kannað hvaða svæði í nærumhverfinu væru notuð og þá hvernig svo og þau útikennslusvæði sem hafa verið útbúinn með aðgengi fyrir flesta leikskóla. Samvinna hefur verið milli nokkurra leikskóla, grunnskóla og íþróttafélaga hvað varðar aðgengi að íþróttasölum og var kannað hve mikil notkunin væri. Að lokum var spurt hvort leikskólarnir teldu þær leiðir öruggar sem fara þyrfti til að nýta nærumhverfið.

Lóðir leikskólanna eru almennt vel nýttar en það fer eftir aldri barnanna hvernig þau leiktæki sem eru til staðar eru notuð. Rólar, kastalar og sandkassar eru vinsælustu leikstækin svo og „drullusvæði“ þar sem þau eru.

Notkun svæðanna breytist eftir árstíðum þar sem frost í jörðu og snjór hefur áhrif. Minni notkun er á sandkassa á vetrum þar sem sandur er frosinn, grasbrekkur breytast í sleðabrekkur og þau svæði leikskólalóða sem njóta sólar á veturna eru meira notuð en þau sem eru í skugga. Leikföng, s.s. boltar, þríhjól, snjóbotur ofl. eru árstíðabundin. Leikur inn á milli trjáanna er meiri yfir sumartímann og þar skapast miklir trúnaðarfundir.

Nokkrir leikskólar hafa nú þegar aðgang að vatni utandyra en mikill áhugi allra leikskóla er á vatnssvæði á leikskólalóðinni. Óskað hefur verið eftir að fá tannur til að safna regnvatni í, sem börnin hafi frjálstan aðgang að.

Mikill áhugi er fyrir grænmetisræktun í flestum leikskólunum. Margir leikskólanna eru með góða aðstöðu og rækta kartöflur, rófur, gulrætur og fleira og einn leikskóli er með garð hjá Skólagörðum Kópavogs. Tími er komin til að skipta um jarðveg á nokkrum stöðum.

Þær aðstæður hafa þó komið upp að í sumarleyfislokun leikskólanna hefur grænmeti horfið úr görðum og garðar eyðilagðir.

Á flestum leikskólalóðum eru berjarunnar og eru berin ýmist tind og gerð sulta eða þau eru borðuð jafnóðum sem sumum þykir best. Nokkrir leikskólar leita út fyrir lóð til að tína rifsber á almenningsvæðum, sem nýtt eru til sultugerðar.

Moltugerð hefur verið í gangi í fáeinum leikskólum með góðum árangri. Fleiri hafa þó gefist upp vegna flugna og annarra óværu. Takmarkaður áhugi er á moltugerð. Allir leikskólar eru með sorpflokkun en í mismiklum mæli og vinna þeim málum með börnunum. Nokkrir eru komnir með brúnu tunnuna fyrir lífrænan úrgang.

Leikskólarnir eru ágætlega duglegir að nýta sér aðstöðu í nærumhverfinu, s.s. boltavelli, sleðabrekkur, leikvelli og nálæg útivistarsvæði eins og Kópavogsdal, Fossvogsdal, Borgarholtið og Vígólavæðið.

Þau útikennslusvæði sem eru hvað mest notuð eru Magnúsarlundur á Kjávöllum og Asparlundur í Fossvogsdal. Það er þó árstíðarbundið hve mikið svæðin eru notuð. Önnur útikennslusvæði eru minna notuð og er þá helst nefnt að of langt sé í þau eða að bæta þurfi aðtöðu eins og t.d. á Vatnsendasvæðinu.


Flestir leikskólar eru með sal sem hægt er að nota fyrir íþróttir, en þeir eru misstórir. Nokkrir leikskólar hafa aðgang að íþróttasölum í Smáranum, Fífunni, Snælandsskóla og Kópavogsskóla og einn leikskóli fer í Gerplu tvisvar á ári.

Leikskólarnir telja að þær gönguleiðir sem þarf að fara til að nýta nærumhverfið séu nokkuð eða mjög öruggar og greiðfærar þannig að það ætti ekki að hindra nýtingu svæðanna. Einn leikskóli kom með ábendingu til bæjarstjóra fyrir nokkrum árum og óskaði eftir betri merkingum við gangbrautir og var skjótt brugðist við því.

Nánnar er um svör hvers leikskóla í viðkomandi greinargerð.



Mynd 4. Matjurtarækt í Álfaheiði. NN.



## Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Þar læra börn m.a. samvinnu, samstarf, virðingu og umhyggju fyrir sér og öðrum. Starfsfólki leikskólans ber að vera fyrirmynd barnanna, efla umhverfislega vitund þeirra og útskýra tengsl manns og náttúru. Í anda sjálfbærrar þróunar læri börn sem og aðrir tengdir leikskólunum samábyrgð, réttlæti og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Í þessu sem og öðru leikskólastarfi er leitast við að byggja á áhuga barnanna, að hlustað sé á raddir þeirra og að þau séu þátttakendur í að móta og meta leikskólastarfið.

„Sjálfbær þróun er sú þróun sem gerir okkur kleift að uppfylla þarfir okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.“

Markmið umhverfisstefnunnar er að unnið verði markvisst að umhverfismálum hjá leikskólum Kópavogsbæjar og að stefnan nýtist til aukinnar sjálfbærni, umhverfisverndar og hagræðingar.

**Markmið:**

- Skapa samfélag í leikskólanum sem byggir á jafnrétti og samábyrgð.
- Umhverfi leikskólans inni og úti sé heilnæmt, öruggt og hvetjandi fyrir börnin.
- Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfi sínu inni og úti.
- Umhverfismennt verði fléttuð inn í allt starf leikskólans.
- Draga úr hvers kyns sóun verðmæta, hráefna og myndun úrgangs.
- Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu.
- Auka hlut vistvænna innkaupa og umhverfismerkra vara í leikskólum.

Markmið þessi eiga að vera leiðbeinandi og mótandi fyrir leikskólastarf og eru grunnur að nánari útfærslu

Mynd 5. Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs.

Umhverfissráð og síðar umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar hafa veitt nokkrum leikskólanna viðurkenningar. Árið 2009 fengu leikskólarnir Álfaheiði, Fífusalir og Furugrund viðurkenningu fyrir stefnu sína í umhverfismálum í málaflokknum Framlag til umhverfismála og árið 2012 voru það leikskólarnir Arnarsmári, Kópasteinn og Kór í málaflokknum Umhverfi og samfélag.

### Skólar á grænni grein á Íslandi - Grænfáni

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni sem hefur það að markmiði að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Skólar ganga í gegnum sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólarnir að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Markmið með verkefninu er að: Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku, efla samfélagskennd innan skólans, auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan, styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun

skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur, og veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál. Fimm leikskólar í Kópavogi skarta Grænfánanum en það eru Álfaheiði, Arnarsmári, Efstihjalli, Sólhvörf og Heilsuleikskólinn Kór.



Mynd 6. Grænfáninn. Landvernd.

Á síðasta áratug tók umræðan um útinám og mikilvægi þess fyrir börn að aukast og kallað var eftir aðstöðu utandyra þar sem hægt væri að fræða nemendur um náttúru, dýralíf og borgarsamfélagið á fjölbreyttari hátt en gerist og gengur í almennum skólastofum. Í aðalskipulagi Kópavogs er talað um að sköpuð verði aðstaða til umhverfisfræðslu í leikskólum, meðal annars með útikennslu. Fyrstu slíku svæðin voru Laufáslundur í Kópavogsdal og Ævintýraskógur á Kópavogstúni. Árið 2010 var unnin áætlun um gerð útikennslusvæða fyrir leik- og grunnskóla í Kópavogi og var hún samþykkt í bæjarstjórn í október sama ár. Áætlunin hefur síðan verið endurskoðuð og útikennslusvæðunum fjölgað.

Meginmarkmið með gerð svæðanna er að skapa vettvang fyrir útinám þar sem börn komast í snertingu við náttúruna, upplifun á umhverfi eyskt ásamt því að gefa tækifæri til félagslegrar samveru og hreyfingar. Eftirfarandi útikennslusvæði eru nú í bænum:

## Guðmundarlundur

Lundurinn er nokkuð sérstakur og ber af útikennslusvæðum í Kópavogi. Skógræktarfélag Kópavogs hefur umsjón með lundinum en þar er góð aðstaða með skýli, bekkjum, grilli, grasflötum og leiktækjum. Þarna eru fjölbreytt gróðursvæði og net göngustíga gerir svæðið aðgengilegt. Svæðið er í nálægð við Hörðuvallaskóla en er opið öllum og skólar geta skipulagt dagsferðir þangað í samráði við Skógræktarfélagið.

## Ævintýraskógur á Kópavogstúni

Útikennslusvæðið var formlega vígt 2010 en þar má finna eldstæði og vandaða trébeikki úr grenitrjám í vel ræktuðu landi. Þetta er fyrsta svæðið sem útbúið var á þennan hátt sem útikennslusvæði og hefur frá upphafi verið markvisst notað af skólunum í kring. Svæðið er í nálægð við Urðarhól en einnig Kópastein.

## Lækjarneslundur í Kópavogsdal

Haustið 2012 var komið fyrir grillaðstöðu og trébekkjum á svæði neðan við Digraneskirkju, sem kallast Lækjarnes, og er svæðið talsvert nýtt sem útikennslusvæði. Árið 2014 voru síðan settir upp bekkir undir grenitrjám þar skammt frá. Kópavogsdalinn og Kópavogslækinn er svo auðveldlega hægt að nýta til kennslu og fræðslu. Lækjarneslundur er í nálægð við Læk og Arnarsmára en einnig Kópahvol o.fl.

## Víghólasvæðið

Útivistarsvæðið við Víghól var friðlýst sem náttúruvætti árið 1983 fyrir jökulsorfnar klappir með ávöllum hvalbökum og jökulrákum sem bera vitni um legu og skriðstefnu jökulsins sem lá yfir Kópavogi á síðustu ísöld fyrir um 10.000 árum. Útikennslusvæðið er í trjálundi norðan til á svæðinu og þar má finna eldstæði og vandaða trébeikki. Á Víghól eru einnig klettur og steinar sem gaman er að leika sér í. Víðsýnt er frá Víghól og þar hefur verið komið fyrir útsýnisskífu (hringsjá) þar sem sjá má m.a. nöfn á fjallahringnum sem blasir við. Svæðið er í nálægð við Kópahvol, Fögrubrekku, Álfaheiði, Efstahjalla og Grænatún.

## Asparlundur í Fossvogsdal

Við skólagarðana neðan Víðigrundar er fallegur asparlundur þar sem búið er að útbúa útikennslusvæði með bekkjum og eldstæði. Þar í næsta nágrenni eru einnig tjarnir og þær, ásamt Fossvogslæk og skógrækt norðan Lundar og reyndar umhverfið allt er hægt að nýta til kennslu. Asparlundurinn er í nálægð við Furugrund, Álfatún, Grænatún og Fögrubrekku.

## Lindaskógur ofan við Lindaskóla

Haustið 2012 byrjuðu nemendur, foreldrar og starfsfólk skólanna í Lindahverfi að gróðursetja tré og runna á opnu svæði fyrir ofan Lindaskóla sem síðar hlaut nafnið Lindaskógur. Einnig var það komið fyrir bekkjum. Síðan hefur árlega verið haldið áfram gróðursetningu á svæðinu en með því er verið að búa til betri aðstæður fyrir nemendur í komandi framtíð. Lindaskógur er útikennslusvæði fyrir nemendur í Dal og Núpi.



Mynd 7. Eldstæði í Rjúpnahæð. Á sumum leikskólalóðanna hefur verið gerð aðstaða til útikennslu, m.a. eldstæði. Myndin er af slíku. NN.

### Rjúpnalundur í Rjúpnahæð

Rjúpnalundur er svæði í mikilli rækt þar sem það er staðsett á skógræktarsvæði sem nær yfir alla norðurhlíð Rjúpnahæðar, ofan við golfvöllinn. Svæðið býður upp á marga möguleika í tengslum við útinám og þar má finna eldstæði og trébekki. Aðkoma að svæðinu er m.a. frá göngustíg þvert yfir golfvöllinn. Svæðið er í nálægð við Fífusali, Rjúpnahæð og Austurkór.

### Magnúsarlundur á Kjóavöllum

Lundurinn, sem er hverfisverndaður, er tvær gamlar sumarbústaðalóðir en þar má sjá ummerki frá húsunum tveimur sem þar stóðu, skorstein og húsgrunn. Magnúsarlundur er við götuna Hamraenda á Kjóavöllum, sunnan við Kórinn. Þar er tálgunarsvæði, stór grasflöt, bekkir og eldstæði. Á svæðinu er fjölbreyttur gróður, lautir og móar sem skapa fjölbreytt umhverfi og upplifun fyrir nemendur. Svæðið er í nálægð við Baug, Kór, Aðalþing og Austurkór.

### Garður við Dimmu

Dimma nefnist efsti hluti Elliðaánna, næst Elliðavatni og nýtur áin og umhverfi hennar hverfisverndar. Næst ánni er sumarbúsalóðin Dimmuhvarf 6 sem bar heitið Garður. Kópavogsbær hefur eignast lóðina sem er gróskumikil og skjólgóð og hentar vel til útináms. Þar er einnig hús sem gæti nýst nemendum og kennurum. Svæðið er nálægt Sólhvörfum.

### Trjásafnið í Meltungu í Fossvogsdal

Austarlega í Fossvogsdal, sunnan Víkingssvæðisins, hefur verið komið fyrir bekkjum á svæði sem nýtist til útíkennslu. Svæðið er hluti af trjásafni Kópavogsbæjar í Meltungu, sem er hverfisverndað. Svæðið, sem nær allt að Kjarrhólma og Fossvogsbúnað, er mjög fjölbreytt,

aðgengilegt og skjólgott og býður upp á mikla möguleika til fræðslu. Auk þessa svæðis má finna í dalnum mikinn trjágróður neðan við húsin í Álfatúni en þar liggur göngustígur í gegn sem tengist trjásafninu. Svæðið er í nálægð við Álfatún, Efstahjalla, Álfaheiði, Fögrubrekku og Furugrund.

### Hádegishólasvæðið

Hádegishólar eru hverfisverndaðir, en þar má finna tvo grágrýtishóla með áberandi hvalbökum og jökulrákum. Bergið í klöppunum tilheyrir svokölluðu Breiðholtsgrágrýti sem liggur ofan á grágrýtinu sem Kópavogur stendur að mestu á. Svæðið er við göngustíg nálægt Lindakirkju, sem liggur umhverfis Kópavogskirkjugarð. Þar má finna ósnortna náttúru og óbyggt svæði á holtinu í kring. Talsvert hefur verið gróðursett á svæðinu í kringum fyrirhugað útíkennslusvæði en þar er engin aðstaða komin enn sem komið er. Svæðið er í nálægð við Núp, Dal og Fífusali.



Mynd 8. Útíkennslusvæði í Kópavogsdal. FB.



Mynd 9. Ævintýraskógur við Kópavogstún á Kársnesi. NN.

# UM GERÐ OG ENDURGERÐ LEIKSKÓLALÓÐA Í KÓPAVOGI

Leikskólalóðir eru nauðsynlegur þáttur í skólastarfinu en gegna að auki mikilvægu hlutverki í hverfum bæjarins þar sem þær nýtast sem leik- og útivistarsvæði utan opnunartíma leikskólanna og í sumarfríum þeirra. Þær eru því með best nýttu svæðum bæjarins allan ársins hring og þarf að hafa það í huga, m.a. við hönnun lóðanna.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 segir: „Leikskólalóð er mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu. Til að svo megi vera þarf að huga að fjölbreytileika, m.a. í landslagi, jarðvegi, gróðri og þeim efnivið sem börnin hafa aðgang að. Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu leikskólans. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana. Manngert umhverfi í nágrenni leikskóla er einnig mikilvægt námsumhverfi sem börn þurfa að fá tækifæri til að kynnst og læra af.“

Í bæklingnum Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum sem Norræna ráðherranefndin gaf út árið 2007 er greint frá úrræðum sem yfirvöld á Norðurlöndum hafa gripið til þess að bæta umhverfi og heilsu barna. Þar eru sett fram í yfirliti 10 norræn boðorð um umhverfi og heilsu barna á leikskólum - á völdum sviðum. 7 þeirra lúta að lóðum og útivist. Þau eru:

- Nægileg fjarlægð frá umferðargötum og iðnaði. Staðsetjið leikskólann í a.m.k. 200 m fjarlægð frá umferðargötum og iðnaðarrekkstri til þess að forðast svifryksmengun og hávaða.
- Nánd við græn svæði – skóga, almenningsgarða, náttúrusvæði. Staðsetjið leikskóla nálægt grænum svæðum sem hengug eru til leikja og dvalar. Græn svæði skulu ekki vera fjær en svo að börnin komist fótgangandi á leikja- og afþreyingarsvæði, t.d. 200 m.
- Hreinn jarðvegur. Forðist að staðsetja leikskóla þar sem jarðvegur er mengaður. Gætið þess að hylja menguð jarðsvæði við núverandi leikskóla.
- Stór útisvæði. Gætið þess að útisvæði leikskóla séu nægilega stór – setjið t.d. 30-40 m<sup>2</sup> sem lágmark á hvert barn.
- Græn og fjölbreytt útisvæði. Gætið þess að útisvæðin séu græn og fjölbreytt með miklum gróðri, trjám og hæðum.
- Farið í daglegar ferðir ef núverandi staðsetning veldur vandræðum. Tryggið akstur, t.d. með áætlunarbifreið, til dvalar á skógar- og náttúrusvæðum, ef ekki gefst kostur á að bæta aðstæðum við leikskólann þar sem hann er staðsettur.
- Hreyfing. Tryggið að börnin fái eins mikla hreyfingu og kostur er á, a.m.k. í 60 mínútur á dag.

Það er margt sem taka þarf tillit til þegar kemur að hönnun eða endurhönnun leikskólalóða. Leiksvæði og -tæki þurfa að sjálfsögðu að vera örugg en jafnframt styrkja félags- og hreyfiproska barnanna. Fjölbreytni þarf að vera til staðar til að mæta ólíkum áhugasviðum. Ekki má gleyma aðstöðu til útikennslu og umhverfisfræðslu, ef hægt er að koma slíku við, sérstaklega ef náttúrulegt svæði er ekki í nálægð við leikskólann.

Segja má að leikskólalóðir séu ekki gerðar í eitt skipti fyrir öll, þar sem hvorki lóð, leiktæki né annar búnaður endist að eilífu. Eðlilegt er að leiktæki endist í 15-20 ár með góðu viðhaldi en sá tími getur verið mun styttri ef álag er mikið. Sama má segja með girðingar, stéttar og flest annað á lóðunum.

Gerðar voru úttektir á leikskólalóðunum árin 1993-1994 og í framhaldi af því var umtalsverð vinna og fjármagn lögð í lagfæringar og endurgerð þeirra, einkum m.t.t. öryggismála. Árið 1994 var tekin saman greinargerð um málið og sett fram áætlun um endurbætur. Þá voru 9 leikskólar í Kópavogi og ástand lóða þeirra var almennt talið gott, á þeirra tíma mælikvarða. Á þessum tíma, og reyndar fram yfir aldamótin, var viðhorf til þessara mála þó mikið að breytast.

Lóðagerð er ekki alltaf með sama hætti og fer það að mikilu eftir eðli starfseminnar og uppbyggingu stofnananna. Grunnskólalóðir eru alltaf gerðar á nokkrum árum eftir þeim áföngum sem skólinn er byggður í. Þar er jafnvel hægt að fresta því að ljúka við lóðarhluta, ef svo ber undir. Öðru máli gegnir um leikskólalóðir. Ekkert annað er í boði en að öll lóðin sé tilbúin og frágengin þegar nýr leikskóli tekur til starfa.



Mynd 10. Börn í Marbakka. FB.

	Upph. -ár	Helstu lagfæringar á lóðum undan farið
Kópasteinn	1964	Lóð endurgerð 1997-1998 og að hluta 2008
Kópahvoll	1970	Lóð endurgerð 1995 í tenglum við stækkun og viðbyggingu, lagfæringar síðan þá
Fagrabrekka	1976	Lóð sameinuð gæsluvelli og endurgerð að hluta 1993, annar hluti endurgerður 2005
Furugrund	1978	Lóð endurgerð 2013-2014
Urðarhóll (Skólatróð)	1980	Lóð fyrrum gæsluvallar endurgerð 1996-1998, engar stórlagfæringar síðan þá
Efstihjalli	1982	Lóð sameinuð gæsluvelli 2001 í tenglum við stækkun, að lögun og breytingar þá og síðar
Grænatún	1984	Lóð endurgerð 2016-2017
Marbakki	1986	Lóð stækkuð 2009 og endurgerð að hluta í tenglum við viðbyggingu
Álfaheiði	1990	Lóð endurgerð 2012-2013
Lækur (Stóri Lækur)	1994	Lóð stækkuð 1999, ýmsar lagfæringar síðan þá
Arnarsmári	1998	Engar stórlagfæringar á lóð
Dalur	1998	Lóð endurgerð 2015-2016
Núpur	2000	Lóð stækkuð 2005 í tengslum við viðbyggingu, engar stórlagfæringar síðan þá
Urðarhóll (Kóp.br.)	2000	Lóð endurgerð að hluta 2006-2007 í tenglum við uppbyggingu íbúðahverfis
Álfatún	2000	Lóð endurgerð að hluta 2012
Fífusalir	2001	Engar stórlagfæringar á lóð
Lækur (Litli Lækur)	2001	Lagfæringar á lóð 2010, eftir að bærin tók yfir rekstur
Rjúpnahæð	2002	Engar stórlagfæringar á lóð
Sólhvörf	2005	Engar stórlagfæringar á lóð
Kór	2006	Engar stórlagfæringar á lóð
Baugur	2007	Lóð stækkuð 2012 í tengslum við viðbyggingu, smálagfæringar 2014
Aðalþing	2009	Engar stórlagfæringar á lóð
Austurkór	2014	Ný lóð, engar stórlagfæringar

Tafla 1. Leikskólalóðir í Kópavogi í aldursröð og helstu lagfæringar sem gerðar hafa verið á þeim undanfarið.

Á mörgum leikskólalóðanna er kominn tími á endurnýjun leiktækja á næstu árum. Samhliða því þarf að endurnýja yfirborðsefni á öryggissvæðum þeirra og vinna að ýmsum öðrum nauðsynlegum úrbótum. Áður fyrr var nær eingöngu notuð sk. öryggismöl undir leiktækin en í seinni tíð hafa gúmmihellur, gervigras og sambærileg efni nær alveg tekið við. Einnig hefur mikil framþróun átt sér stað í hönnun lóða, gerð leiktækja og annars búnaðar. Nauðsynlegt er að vanda vel til endurgerðar lóða þar sem bæði leiktæki, búnaður og yfirborðsefni eru ákaflega dýr.



Mynd 11. Gróðursæld í Álfaheiði. FB.

Segja má að flestar leikskólalóðanna í Kópavogi séu hefðbundinnar gerðar. Hefðbundin leiktæki og -svæði eru víðast enda eru sandkassi, rólur og rennibrautir „klassík“ þó alltaf séu að koma á markaðinn ný leiktæki og nýjar áherslur. Alltaf verður að hafa í huga að öll leiktæki eru fyrirfram skilgreind fyrir ákveðna aldurshópa með tilliti til þroska þeirra og getu og því eru fá leiktæki sem henta öllum.

Þó gæði leikskólalóða bæjarins séu fremur lítil frá náttúrunnar hendi en bætt er úr því sem kostur er með mótun lands og gróðursetninum. Aðeins ein lóð er á einhvern hátt óröskuð en það er við Kópasteinn, elsta leikskóla bæjarins. Ástæðan er reyndar sú að um helmingur lóðarinnar er á jaðarsvæði friðlýsingar Borgarholtsins. Á nokkrum leikskólalóðum er reynt að líkja eftir náttúrulegum svæðum með notkun gróðurs, grjóts og timburs. Þannig eru gerð óhefðbundin leiksvæði og -tæki, sk. „náttúrusvæði“, sem njóta mikilla vinsælda og skapa mót vægi við hefðbundnari hluta leikskólalóðanna.

Á árunum upp úr síðustu aldamótum fór aldurs-samsetning barna á leikskólum að breytast á þann hátt að hlutfall yngri barna jókst mjög. Þetta skapaði nokkurn vanda þar sem lóðirnar voru ekki gerðar fyrir þetta ung börn, leiktæki hentuðu oft ekki og nokkuð var um árekstra. Í framhaldinu var farið í að breyta flestum lóðanna nokkuð til að bæta þessar aðstæður og algengast er nú að innan leikskólalóða sé sérstakt ungbarnasvæði, afgirt með lágrí girðingu, þar sem eru leiktæki sem henta.

Ekki er að efa að allur gróður bætir og reyndar allur gróður. Þar kemur líka sterkt inn fræðsluþáttur lóðanna. Í könnun sem gerð var hjá leikskólunum var m.a. spurt um matjurtaræktun og notkun berjarunna í leikskólastarfinu. Gert er ráð fyrir að trjá- og runnagróður á leikskólalóðum verði tekinn sérstaklega fyrir í öðru verkefni sem er í vinnslu á vegum garðyrkjustjóra og umhverfissviðs; Gróðurinn í bænum – stefna Kópavogsbæjar í ræktunarmálum, og koma niðurstöður fyrrnefndrar könnunar koma þar að góðum notum.



Mynd 12 . Náttúrusvæði í Dal. FB.



Mynd 13. Afgirt ungbarnasvæði í Furugrund. FB.



Mynd 14. Börn að leik í Baugi. FB.

# UM VIÐHALD LEIKSKÓLALÓÐA Í KÓPAVOGI

**Leikskólinn Urðarhöll (Kópavogsbraut)**  í lagi  athugasemdir

Rekstrarskoðun framkvæmd: 27.10.2016 af: Gunnaból Hermannssyni

Hreinbæti			Lasst grót utan við gröngu a-múltu lausir á lóð viba
Yfirborð leiksvæðis	Öryggismöl	X	
Yfirborð leiksvæðis	Gúmmihellur		Hella ónýt og lasst upp úr við rólu s-m, stíð
Yfirborð leiksvæðis	Gúmmimottur		Stemmd við gormarækt standa upp úr á Öryggismalaræði
Hellulagðar stéttar			Lagfæringa þétt á nokkrum stöðum
Steypur stigur		X	
Timburbrú			Plú í spjham
Grassvæði			Víða skemmdir eftir bæði grótt og álag
Gróturvæði			Klappa og einnig skemmd tré
Grýtt		X	
Varnargröngur			Stíða stendur út s-m
Gröngur			m
Handbó		X	
Hús			Neðrahlíf, boltar standa út, loka stíðargöngum
Lýsing		X	

Leiktæki og búnaður	Gerð	Upps. ár	
01 Róla 1, eldri dekk	Barnasm.		Athuga hæð undir dekkjum
02 Róla 2, eldri sezzur	Barnasm.		Stíð á sezzum, athuga hæð undir sezzu
03 Róla 3, yngri	Barnasm.		Stíð á stöngum, stíð á sætum, boltar standa út
04 Kastali	Barnasm.		Stemmd á plönu, stítt í ulra á kaði
05 Kúrtæki	Kompan		
06 Jafnvægisstíð (5 arma)		X	
07 Jafnvægisstíð með pall		X	
08 Rennbraut	Barnasm.		Fáinn staur við tröppu, stíð á plönum
09 Gormtæki	Kompan	2016	X
10 Bálur	plast		Stemmd í plasti, stíð á plönum
11 Kofi	Barnasm.		Plú og stíð á plönum
12 Lest	Kompan		Stíð á plönum, mála staur
13 Sandkassi (staeri)		X	Laga spjhu á einum stað
14 Borð í sandkassa (2 stök)	Kompan		Stíð á plönum
15 Ungbarnaborð		X	
16 Lítil borð, 2 stök		X	Stíð á plönum
17 Sultá	Barnasm.		Mála einn staur, sporti bundið á jarn fjarlægja
50 Geymskúfur (2 stök)		X	
51 Bekkur		X	
52 Borð með bekkjum, 3		X	Mála spjhu orðnar stíttar
53 Fánastöng		X	
54 Karla	Barnasm.		
55 Hólagindur		X	
56 Stíði með nafni		X	
57 Stíði vegna útblásturs	2 stök		neðrahlíf
58 Hundabannstíði (2 stök)			Smá skemmdir á stikum, lera stíði við götu á neðrahlíf
59 Ábyrgðarskíli (2 stök)			Fara skíli við eiri hlíf

**Leikskólinn Urðarhöll (Kópavogsbraut)**  athugasemdir

Rekstrarskoðun framkvæmd (dags.): af:


Sandkassi (innvi) í lagi. III Varnspómur. Stíð á plönu. IV Jafnvægisstíð (goma) í lagi

Palletu eldhús na-horni í lagi

Serþekkir: í lagi. V Vantar rist í núrfall a-m við Stubbapell/fara yfir núrföll

Gröngur: Stíða stendur út s-m við brott langband, vantar jarðveg við grænu gröngu við bílastæði, athugasemdir


festingar á ramskeytum na-horni og hágangur við hús



Mynd 15. Dæmi um rekstrarskoðunarblað, framhlið og bakhlið.

Viðhald og hirðing leikskólalóða og annarra stofnalóða bæjarins er á vegum umhverfissviðs. Fjárveitingar koma frá Eignasjóði sem rekur fasteignir Kópavogsbæjar en framkvæmdin hefur verið í höndum garðyrkjustjóra og garðyrkjudeildar Þjónustumiðstöðvar (áður nefnt Áhaldahús). Unnið er með hliðsjón af reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002. Þrisvar sinnum á ári er farið yfir allar lóðir með gátlista í sk. rekstrarskoðun, sjá mynd 4, þar sem athugað er slit og skemmdir á lóð, tækjum og búnaði og metin þörf á viðgerðum og öðru viðhaldi. Eftirlit og viðhald, einnig fyrirbyggjandi viðhald, er því stöðugt í gangi. Á nokkurra ára fresti er fenginn viðurkenndur og hlutlaus utanaðkomandi aðili í sk. aðalskoðun. Slík skoðun var síðast framkvæmd í apríl 2015 og þar áður vorið 2013 á leikskólalóðum Kópavogsbæjar. Fyrri aðalskoðanir voru árin 2008 og 2002 þannig að alls hafa þær verið 4 talsins síðan reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim tók gildi. Fyrirhugað er að næsta aðalskoðun leikskólalóða í Kópavogi verði gerð haustið 2017.

Viðhald hefur verið allgott um nokkurt skeið en takmarkað fjármagn hefur fengist til mikillar endurnýjunar tækja og meiriháttar viðhalds lóða undanfarinn rúman áratug, með nokkrum undantekningum þó.



Mynd 16. Reglulegt og fyrirbyggjandi viðhald léttir vinnuna og eykur öryggi. NN.



# FRAMSETNING GREINARGERÐANNA

Í apríl 2016 setti starfshópurinn saman ramma um hvað skyldi taka fyrir í greinargerðum um hverja leikskólalóð í skýrslunni um skemmtilegar leikskólalóðir, þannig að alstaðar væru sömu atriði tekin fyrir á sambærilegan hátt. Formið er að mestu það sama og er á sambærilegri skýrslu um grunnskólalóðirnar. Útkoman er sú að hér eru miklar upplýsingar komnar saman á einn stað, þar á meðal sögulegt yfirlit um leikskólana sem ekki hefur áður verið til.

Ætlunin er að þessi skýrsla verði einskonar grunn gagn sem nýtast muni á margan hátt næstu árin í ýmsu því sem snýr að leikskólum og leikskólalóðum Kópavogsbæjar. Hér á eftir er samantekt á helstu atriðum sem fjallað er um í greinargerðum um hvern og einn leikskóla.

## Leikskólinn

Hver greinargerð hefst á helstu upplýsingum um viðkomandi leikskóla og hvenær hann tók til starfa. Einnig er fjallað um stefnu skólans og áherslur, einkunnarorð o.fl.

## Fjöldi barna og aldurssamsetning

Þarna er að finna yfirlit yfir fjölda barna í leikskólanum. Það tekur til fjölda eftir árgöngum í desember 2016 og á árunum 2010, 2005 og 2000 til samanburðar. Nemendur í leikskólum Kópavogs voru alls 2.107 talsins í árslok 2016, sem er um 6,2% bæjarbúa. Ekki er hægt að segja annað en nýting leikskólanna sé góð, þar sem leikskólarýmin eru 2.126 sem gerir rúmlega 99% nýtingu.

## Fjöldi starfsmanna

Í kaflanum er einnig talinn upp heildarfjöldi starfsfólks hvers leikskóla 2016 sem og fjölda stöðugilda. Alls störfuðu 688 manns í leikskólum Kópavogs í 604 stöðugildum. Hafa verður þann fyrirvara á að fjöldi starfsmanna getur af ýmsum ástæðum verið breytilegru milli ára.


## Leikskólabyggingarnar

Næsti hluti greinargerðarinnar er um leikskólahúsnaðið. Hér er rakin í stuttu máli lausleg byggingarsaga leikskólanna, tímasetningar, viðbyggingar o.þ.h..

## Flatarmál húsa

Tekið var saman flatarmál leikskólahúsnaðis skv. FMR (Fasteignamati ríkisins) og borið saman við gögn Kópavogsbæjar. Í nokkrum tilvikum þarf að leiðrétta tölur FMR. Alls er flatarmál leikskólanna 15.655 m<sup>2</sup> í 26 byggingum.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	8	155	227	224
2 ára börn	135	380	465	457
3 ára börn	344	329	443	462
4 ára börn	339	355	431	491
5 ára börn	320	326	414	473
Samtals	1.146	1.545	1.980	2.107



Tafla 2. Aldurssamsetning leikskólabarna í Kópavogi frá aldamótum. Greinilegt er hvernig aldurssamsetning hefur breyst, sérstaklega hlutfall eins árs barna. Árið 2000 var það 0,7% en árið 2016 var hlutfallið 10,6% af heildarfjölda barna.

## Leikskólalóðirnar

### Stærð lóða

Kaflinn um lóðirnar er skiljanlega ítarlegastur. Byrjað er á að nefna hver heildarstærð þeirra er skv. FMR og síðan hver stærð lóðar innan girðingar sé, þ.e. það svæði sem í raun er útileiksvæði barnanna. Flatarmál lóðanna ætti að innihalda - auk útileiksvæðis, byggingar, bílastæði, aðkomu, sorpgerði o.fl. Heildarflatarmál leikskólalóða skv. FMR er alls 80.234 m<sup>2</sup>, en allur gangur er t.d. á því hvort bílastæði séu þar innan lóðar eða ekki og dæmi eru um að leikskólalóðir séu óskráðar. Útileiksvæði leikskólalóðanna, þ.e. lóð innan girðingar, mælist alls um 70.780 m<sup>2</sup>.

Skoðað var hve marga fermetra af útileiksvæði innan girðingar hvert barn hefur á leikskólalóðinni. Til að gera þann samanburð sem réttastan var ekki miðað við hve mörg börn væru í leikskólanum þessa stundina heldur hve mörgum rýmum (plássum) gert er ráð fyrir á viðkomandi leikskóla. Frá 1995 var í gildi reglugerð, sett með heimild í 6. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla, þar sem sagði: „Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal miðað við a.m.k. 30-40 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 m<sup>2</sup> fyrir hvert barn.“ Einnig sagði þar að leiksvæði skal hannað með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leikaðstöðu og að umhirða þess væri auðveld. Þetta viðmið var fellt út þegar fyrrnefnd lög um leikskóla

voru felld úr gildi árið 2008. Einnig leikskólalóðanna í Kópavogi er þó undir þessum viðmiðum. Stærð lóðar innan girðingar pr. barn, eða réttara sagt pr. rými, reyndist vera minnst 20,6 m<sup>2</sup> í Aðalþingi og mest 67,7 m<sup>2</sup> í Urðarhól – Skólatröð. Meðaltalið er 34,8 m<sup>2</sup> og miðgildið 34,2 m<sup>2</sup>.

Fermetrafjöldi leiksvæðis innan girðingar pr. rými er einn mælikvaðanna sem notaðir voru við mat á leikskólalóðunum.

Þá er farið í lauslegt yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóðunum undanfarna tvo áratugi eða svo, sem í mörgum tilvikum er frá upphafi leikskólans, hvað var gert og hvenær.

	Fjöldi rýma á leiksk. 2016	Fjöldi barna á leiksk. 2016	Fjöldi m <sup>2</sup> lóðar innan girðingar	Fjöldi m <sup>2</sup> lóðar skv. FMR	Fjöldi m <sup>2</sup> lóðar innan girðingar pr. rými
Aðalþing	120	120	2.470	4.127	20,6
Arnarsmári	90	90	3.390	4.666	37,7
Austurkór	120	118	3.400	5.759	28,3
Álfaheiði	84	84	3.030	3.720	36,1
Álfatún	79	69	1.860	750	23,5
Baugur	152	152	5.230	6.722	34,4
Dalur	88	87	2.360	3.331	26,8
Efstihjalli	100	101	4.040	2.700	40,4
Fagrabrekka	68	68	1.980	2.270	29,1
Fífusalir	111	113	3.520	3.450	31,7
Furugrund	72	72	1.670	1.342	23,2
Grænatún	65	64	2.110	2.900	32,5
Kópahvoll	80	80	3.210	160	40,1
Kópasteinn	73	70	2.550	0	34,9
Kór	120	123	5.330	7.000	44,4
Lækur (Stóri Lækur)	93	93	3.360	3.111	36,1
Lækur (Litli Lækur)	36	36	1.930	2.135	53,6
Marbakki	104	104	2.860	4.003	27,5
Núpur	105	100	3.220	4.077	30,7
Rjúpnahæð	111	109	3.660	5.164	33,0
Sólhvörf	120	120	4.110	5.909	34,3
Urðarhóll (Kóp.br.)	109	108	3.730	4.938	34,2
Urðarhóll (Skólatröð)	26	26	1.760	2.000	67,7
<b>SAMTALS:</b>	<b>2.126</b>	<b>2.107</b>	<b>70.780</b>	<b>80.234</b>	
<b>MEÐALTAL:</b>	<b>92,4</b>	<b>91,6</b>	<b>3.077</b>	<b>3.488</b>	<b>34,8</b>

Tafla 3. Fjöldi rýma og barna á leikskólum, ásamt flatarmál lóða.

### Leiktæki, leiktækjastig og leiktækifæri

Einnig er í töflu yfirlit yfir þau leiktæki sem nú eru á lóðunum og hvenær þau voru sett upp. Fjöldi leiktækja á lóðum leikskólanna er alls 439. Fimm algengustu gerðir leiktækja eru rólur (83), leikkofar (52), sandkassar (49), gormatæki (49) og rennibrautir (39). Þessi tæki eru samtals rúm 60% af heildarfjöldanum. Skoðaður var fjöldi barna á hvert leiktæki og reyndist meðaltalið vera um 5 börn pr. leiktæki. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerð leiktækjanna og þeim gefin stig. Þannig fékk t.d. einföld jafnvægisslá eða borð í sandkassa 1 stig, leikkofi 2 stig, venjuleg róla 3 stig og kastali með rennibraut eða sambærilegt 5-6 stig. Öll leiktæki fengu þannig 1-6 „leiktækjastig“. Það hversu mörg börn voru um hvert leiktækjastig gefur í raun réttari mynd heldur en um hvert leiktæki og er því notað sem mælikvarði við mat á aðstæðum. Jafnframt var skoðað og tekið tillit til við forgangsroðun hver aldur leiktækjanna var.



Mynd 17. Lóðaframkvæmdir í Dal 2015. FB.

	Fjöldi rýma á leiksk. 2016	Fjöldi barna á leiksk. 2016	Fjöldi leiktækja	Fjöldi leikt.stiga	Fjöldi "leiktækifæra"	Fjöldi rýma pr. leiktæki	Fjöldi rýma pr. leikt.stig	Fjöldi rýma pr. "leiktækifæri"
Aðalþing	120	120	17	41	13	7,1	2,9	9,2
Arnarsmári	90	90	20	47	14	4,5	1,9	6,4
Austurkór	120	118	16	38	9	7,5	3,2	13,3
Álfaheiði	84	84	18	41	19	4,7	2,0	4,4
Álfatún	79	69	11	27	11	7,2	2,9	7,2
Baugur	152	152	23	51	13	6,6	3,0	11,7
Dalur	88	87	25	60	18	3,5	1,5	4,9
Efstihjalli	100	101	23	54	11	4,3	1,9	9,1
Fagrabrekka	68	68	18	40	10	3,8	1,7	6,8
Fífusalír	111	113	26	56	16	4,3	2,0	6,9
Furugrund	72	72	13	34	11	5,5	2,1	6,5
Grænatún	65	64	20	47	17	3,3	1,4	3,8
Kópahvoll	80	80	17	42	12	4,7	1,9	6,7
Kópasteinn	73	70	19	44	15	3,8	1,7	4,9
Kór	120	123	22	51	14	5,5	2,4	8,6
Lækur (Stóri Lækur)	93	93	23	52	12	4,0	1,8	7,8
Lækur (Lítli Lækur)	36	36	10	25	9	3,6	1,4	4,0
Marbakki	104	104	21	46	12	5,0	2,3	8,7
Núpur	105	100	20	47	15	5,3	2,2	7,0
Rjúpnahæð	111	109	22	46	18	5,0	2,4	6,2
Sólvörf	120	120	18	42	12	6,7	2,9	10,0
Urðarhóll (Kóp.br.)	109	108	24	50	15	4,5	2,2	7,3
Urðarhóll (Skólatröð)	26	26	13	25	12	2,0	1,0	2,2
<b>SAMTALS:</b>	<b>2.126</b>	<b>2.107</b>	<b>439</b>	<b>1.006</b>	<b>308</b>			
<b>MEÐALTAL:</b>	<b>92,4</b>	<b>91,6</b>	<b>19,1</b>	<b>43,7</b>	<b>13,4</b>	<b>4,9</b>	<b>2,1</b>	<b>7,1</b>

Tafla 4. Fjöldi leiktækja, leiktækjastiga og „leiktækifæra“.

Leiktæki þurfa skv. reglugerð að vera með sk. falldempandi undirlag, til að minnka líkur á alvarlegum slysum vegna falls. Flest leiksvæði á eldri leikskólalóðunum eru með öryggismöl sem undirlag. Hún uppfyllir kröfur en er að margan hátt óheppileg. Á nýju lóðunum og þeim nýendurgerðu eru gúmmihellur, gúmmimottur og gervigras nær eingöngu notað til falldempunar.

En það er fleira en fjöldi leiktækja sem gerir leikskólalóð góða. Hér eru einnig nefnd ýmis önnur atriði sem við eiga um hverja lóð og starfshópurinn kom sér saman um að kalla einu nafni leiktækifæri. Hér er t.d. að ræða:

- Matjurtargarð og -svæði
- Náttúrusvæði
- Malarsvæði
- Setstalla
- Eldstæði
- Stórar stéttar/malbikssvæði
- Fuglahús/-bretti
- Drullumallssvæði
- Sleðabrekku
- Timburpalla
- Bekki
- Útivatnskrana
- Gróðursæld
- Boltavöll eða -svæði
- Hjólastíga eða aðra stíga
- Staurabyrping
- Borð með bekkjum
- Grasbrekku (ekki sleða-)
- Fjölbreyttan efnivið
- Grasflöt
- Brú
- Grjót
- Göng
- Hól
- Berjarunna

Samantekt á því sem á við hverja leikskólalóð er að finna í viðkomandi greinargerð.

### Bíla- og reiðhjólstæði

Í lóðarhluta greinargerðanna er einnig talinn upp fjöldi bílastæða við hvern leikskóla og staðsetning þeirra, einnig bílastæði hreyfihamlaðra, fjöldi þeirra og staðsetning. Bílastæði við leikskólalóðirnar 23 eru alls 527 talsins, sjá töflu 5, en þarna eru eftir því sem við á einnig nefnd bílastæði í eigu bæjarins í nágrenni leikskólans. Við lóðir Núps, Urðarhóls-Skólatraðar og Efstahjalla að nokkru leyti, eru bílastæðin sameiginleg með aðliggjandi grunnskólum. Að meðaltali eru um 25 bílastæði við hvern leikskóla en langfæst eru þau við Fögrubrekku, aðeins 7 talsins.

Við leikskólana eru alls 23 bílastæði fyrir hreyfihamlaða, en við tvo þeirra, Kópahvol og Kópastein, eru engin sérmerkt stæði. Úr þessu þarf að bæta hið fyrsta.

Fjöldi reiðhjólstæða sem er á hverri lóð er einnig talinn upp, ef þau eru á annað borð fyrir hendi. Alls eru aðeins 63 hjólstæði við leikskólana, sjá töflu 5, og er full ástæða til að fjölga þeim verulega eftir því sem óskað er eftir. Við 12 lóðanna eru engin hjólstæði en þar sem þau er að finna er oftast um hefðbundna gerð að ræða. Nokkrir leikskólanna óska eftir yfirbyggðum hjólaskýlum og/eða kerrugeymslum. Á sumum lóðum er hægt að koma því við en annarstaðar er slíkt erfiðara. Æskilegt væri að marka stefnu í þessum málum.

	Fjöldi starfsm. 2016	Fjöldi rýma 2016	Fjöldi bílastæða	Fjöldi bílast. hreyfihaml.	Fjöldi hjólstæða	Fj. starfsm. pr. bílastæði	Fj. rýma pr. bílastæði	Fj. starfsm. pr. hjólstæði	Fj. rýma pr. hjólstæði
Aðalþing	33	120	22	1	5	1,5	5,5	6,6	24,0
Arnarsmári	28	90	22	1		1,3	4,1		
Austurkór	32	120	40	3	10	0,8	3,0	3,2	12,0
Álfheiði	28	84	26	1	5	1,1	3,2	5,6	16,8
Álfatún	28	79	19	1		1,5	4,2		
Baugur	46	152	37	1		1,2	4,1		
Dalur	31	88	14	1		2,2	6,3		
Efstihjalli	35	100	40	2		0,9	2,5		
Fagrabrekka	25	68	7	1		3,6	9,7		
Fífusalir	39	111	33	1		1,2	3,4		
Furugrund	30	72	20	1	5	1,5	3,6	6,0	14,4
Grænatún	26	65	14	1		1,9	4,6		
Kópahvoll	21	80	16		5	1,3	5,0	4,2	16,0
Kópasteinn	29	73	16		5	1,8	4,6	5,8	14,6
Kór	35	120	30	1		1,2	4,0		
Lækur	37	129	37	2	6	1,0	3,5	6,2	21,5
Marbakkí	37	104	23	1	6	1,6	4,5	6,2	17,3
Núpur	31	105	23	1	6	1,3	4,6	5,2	17,5
Rjúpnahæð	40	111	27	1	5	1,5	4,1	8,0	22,2
Sólhvörf	38	120	31	1		1,2	3,9		
Urðarhóll	39	135	30	1	5	1,3	4,5	7,8	27,0
<b>SAMTALS:</b>	<b>688</b>	<b>2.126</b>	<b>527</b>	<b>23</b>	<b>63</b>				
<b>MEÐALTAL:</b>	<b>32,8</b>	<b>101,2</b>	<b>25,1</b>	<b>1,2</b>	<b>5,7</b>	<b>1,5</b>	<b>4,4</b>	<b>5,9</b>	<b>18,5</b>

Tafla 5. Fjöldi bíla- og hjólstæða við leikskólana.

## Lýsing

Einnig er nefnd lýsing á lóðum og tilgreindur fjöldi ljósastólpa á lóðinni, sem og hvort lóðarlýsingin tengist inn á rafmagn hússins eða gatnalýsingu, sem er algengara. Alls eru 148 ljósastaurar á leikskólalóðum bæjarins, utan bílastæða, og tengjast um 65% þeirra gatnalýsingunni. Hér er einnig nefnt hversum mörg útiljós eru á leikskólabyggingunum. Rætt hefur verið um að láta gera heildarúttekt á gæðum útilýsingar á öllum leikskólalóðunum í tengslum við þetta verkefni.

## Girðingar og hlið

Sagt er frá lengd girðinga umhverfis lóðir og hversar gerðar þær eru. Þess má geta að heildarlengd girðinga umhverfis leikskólalóðir bæjarins er um 5 km, sem jafngildir leiðinni frá Reykjanesbraut í austri, vestur allan Fossvogsdalinn og út Fossvoginn á móts við enda Kársnessins. Einnig er talinn upp fjöldi hliða á hverri lóð ásamt staðsetningu þeirra.

## Annað

Önnur atriði sem nefnd eru í lóðarhlutanum eru t.d. ungbarnasvæði, sorpgerði, leikfangageymslur og annað sem vert er að taka fram sem viðkemur lóðinni.

Að lokum eru nefnd ýmis atriði sem fram komu í könnun sem lögð var fyrir leikskólana, sjá bls. 9, og lýtur að notkun leikskólalóðarinnar og útivistarsvæða í nágrenninu, þar með talin útikennslusvæði.

## Ábendingar frá leikskólasamfélaginu o.fl.

Eins og áður hefur komið fram var sent bréf til leikskólastjóra þar sem verkefnið var kynnt og óskað eftir ábendingum og stuttri greinargerð frá hverjum leikskóla um hvað er talið brýnast að gera á hverjum stað. Tekið var fram að mikilvægt væri að greinargerðin yrði unnin í samráði við foreldraráð og stjórnir foreldrafélaga. Óskir og ábendingar frá leikskólunum skiluðu sér að mestu áður en fresturinn sem gefinn var rann út en misjafnt var hvernig samráði innan leikskólasamfélagsins (leikskólastjórnendur, leikskólakennarar, foreldrafélag, foreldraráð) var háttað.

Í greinargerð um hverja lóð er að finna útdrátt úr þessum innsendu ábendingum og óskum leikskólanna en öll gögn sem bárust er að finna óbreytt í viðauka 2. aftast í skýrslunni. Í verkefni sem þessu er ómetanlegt að fá upplýsingar frá þeim sem daglega eru á þeim vinnustað sem leikskólinn er og þekkja málin því best. Margt af því sem óskað var eftir í greinargerðunum eru í raun viðhaldsverk. Ljóst er að ekki verður alltaf hægt að verða við ítrustu óskum, enda eru þær stundum misvísandi eða illframtæklegar.

## Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Í lok greinargerðar um hverja lóð eru tekin saman þau verk sem að mati starfshópsins þyrfti að fara í á næstu árum til að uppfylla það sem verkefnið um skemmtilegri leikskólalóðir gengur út á. Í sumum tilvikum er um tiltölulega einföld verk að ræða en óljósara í öðrum,

sérstaklega þegar endurhanna þarf lóð eða lóðarhluta. Viðhaldsverk sem hér eru talin upp er lagt til að verði kostuð af Eignasjóði og unnin á næstu árum, samhliða verkefninu um skemmtilegri leikskólalóðir. Stærstu verkin eru tekin saman síðar í skýrslunni í tillögum um forgangsroðun framkvæmda.



Mynd 18. Sorpgerði við Kór. NN.



Mynd 19. Hjólabogar í Furugrund. FB.



Mynd 20. Hjólabogar í Furugrund. FB.

# LEIKSKÓLINN AÐALÞING



Leikskólinn Aðalþing er rekinn í anda hugmyndafræði Loris Malaguzzi, oftast kennd við Reggio Emilia á Ítalíu. Aðalþing er sex deilda einkarekinn leikskóli með þjónustusamning við Kópavogsbæ og hóf starfsemi þann 4. mars


2009. Áhersla er lögð á leikinn sem undirstöðu náms hjá börnunum. Skapandi starf og umhverfi leikskólans á að styðja við náttúrulega rannsóknar- og sköpunarþörf barna. Hlutverk starfsfólks er að vera samverkamenn barnanna.

Börn í Aðalþingi í desember 2016 voru 120. Starfsmenn 2016 voru 33 í 32,38 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Aðalþing er í Aðalþingi 2 (landnr. 131165). Hann var byggður 2008 og er grunnflötur leikskólabyggingarinnar 868 m<sup>2</sup> auk 12 m<sup>2</sup> geymsluskúrs, alls 880 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

	2010	2016
1 árs börn	1	2
2 ára börn	34	24
3 ára börn	43	28
4 ára börn	21	31
5 ára börn	22	35
Samtals	121	120



Tafla 6. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Aðalþingi.



Mynd 21. Leikskólinn Aðalþing sumarið 2009. BM



Mynd 22. Leikskólinn Aðalþing í júlí 2015. LUKK

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 4.127 m<sup>2</sup> en svæðið sem er innan girðingar mælist 2.470 m<sup>2</sup> og eru því 20,6 m<sup>2</sup> lóðar pr. barn. Þetta er minnsta flatarmál pr. barn á leikskólalóðum bæjarins.

Lóðargerð lauk að mestu í árslok 2008 áður en leikskólinn tók til starfa. Síðan þá hefur lítið verið um breytingar eða endurnýjun á lóð, utan reglubundins viðhalds. 2014 voru þó gerðar ýmsar lagfæringar á lóð, aðallega á grassvæðum vegna slits.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 7. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist gúmmihellur eða öryggismöl.

Bílastæði eru 23 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra.

Hjólástæði eru 5 og eru staðsett við inngang.

Leiktæki	Upps.- ár	Fjöldi	Leikt.- stig
Róla 1., eldri	2008	1	3
Róla 2., eldri	2008	1	3
Ungbarnaróla	2008	1	2
Sandkassi	2008	1	4
Sandkassi á timburpalli	2008	1	2
Klifurgrind	2008	1	3
Gormtæki 1.	2008	1	2
Gormtæki 2.	2008	1	2
Kofi 1.	2008	1	2
Kofi 2.	2008	1	2
Kofi 3.	2008	1	2
Kofi 4.	2008	1	2
Kastali	2008	1	4
Rennibraut í kastala	2008	1	2
Rennibraut (lítil)	2008	1	2
Vatnspóstur	2008	1	2
Hringekja	2008	1	2
		<b>17</b>	<b>41</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Gróðursæld	1
Fuglahús	1
(Hjóla)-stigur	1
Brú	1
Grasbrekka	1
Grasflöt	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Timburpallur	1
Setpallar	1
Bekkir	1
Boð með bekkjum	1
	<b>13</b>

Tafla 7.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu, þar eru 10 ljósastólpar auk 13 útiljosa á húsi. Tveir ljósastólpar eru til viðbótar við bílastæði.

Girðingar umhverfis leikskólalóðina eru alls um 210 m, að mestu leyti stálgrindagirðing en að hluta úr timbri. Göngu- og aksturshlið er við bílastæði en auk þess er gönguhlið við sorpgerði norðan húss og annað við matjurtagarð þar nærri.

Ungbarnaleiksvæði, afmarkað af lágrí girðingu, er á tréþalli sunnan við hús. Matjurtagarður er á afgirtu svæði norðan hússins.

Sorpgerði úr forsteyptum einingum er staðsett norðan við hús og leikfangageymsla með steyptum sökkli er á lóðinni.

Aðalþing nýtir útikennslusvæðið Magnúsarlund á Kjóavöllum. Engin svör bárust frá leikskólanum vegna könnunar á nýtingu lóðar og nærumhverfis.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð sem foreldrafélag og kennarar leikskólans sendu inn kemur fram að henni sé ætlað að skýra frá væntingum og óskum beggja aðila um framtíð lóðar leikskólans. Sérstaklega er nefnt álag vegna smæðar lóðarinnar. Verkefni eru sett fram í forgangsröð.

Brýnast er talið að bæta frárennismál á lóð og skipta út gúmmihellum við sandkassa vegna slyshættu. Leiktæki þarf að endurnýja og lagfæra, s.s. gormatæki. Fjarlægja rólu sem ætluð er yngstu börnunum, setja í staðinn leiktæki sem bjóða upp á hlutverkaleik, s.s. bát, bíl eða strætó. Óskað er eftir borði í miðjan sandkassann, efni til jafnvægisæfinga og skjólvegg fyrir austanátt. Undir viðhaldsmálum er nefnt að grasflöt þarfnist endurnýjunar, beð þurfa hreinsun og áburð og að Kópavogsbær þurfi að gera áætlun um hálkuvörnir á lóðinni.

Greinargerðina óstyttu ásamt myndum er að finna í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Vatnssöfnun á lóð er vandamál sem þarf að leysa sem fyrst, hugsanlega með því að hækka allt niðurgrafna leiksvæðið. Unnið verði strax að undirbúningi þessa verks, sem eins og fleiri atriði sem nefnd eru í ábendingunum s.s. að skipta út gúmmihellum, lagfæra leiktæki og hirðing lóðar, falla undir verkefni eignasjóðs og verða unnin burtséð frá forgangsröðun í „Skemmtilegri leikskólalóðir“.

- Hugað verði að útskiptum á leiktækjum þegar komið er nær endurnýjunartíma þeirra.



Mynd 23. Grænmetisrækt. FB.



Mynd 24. Listasýning. FB.



Mynd 25. Hljóðfæri. FB.



# LEIKSKÓLINN ARNARSMÁRI




Leikskólinn Arnarsmári tók til starfa í janúar 1998. Arnarsmári er fimm deilda leikskóli og stendur á Nónhæð, þaðan er mjög fallegt útsýni í allar áttir. Frjáls leikur er aðalatriði í öllu starfi skólans, þar sem ímyndunarafl og sköpunargleði barnanna

fær að njóta sín. Lögð er áhersla á að leikföng skólans og efniviður sé breytilegur, sveigjanlegur og skapandi og bjóði upp á fleiri en eina leið/lausn. Markmiðið er að laða fram í fari barnanna frumkvæði, vináttu og gleði. Lögð er sérstök áhersla á iðkun dyggða. Unnið er eftir uppeldisstefnu sem nefnist Uppbygging sjálfsaga - Uppeldi til ábyrgðar, sem miðar að því að kenna börnum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Umhverfisvernd er í hávegum höfð í Arnarsmára og útikennsla er ríkur þáttur í námi barnanna.

Börn í Arnarsmára í desember 2016 voru 90 og starfsmenn voru 28 í 23,75 stöðugildum.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	15	19	5
2 ára börn	11	16	24	18
3 ára börn	23	18	15	20
4 ára börn	21	22	14	24
5 ára börn	43	25	19	23
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>96</b>	<b>91</b>	<b>90</b>



Tafla 8. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Arnarsmára.



Mynd 26. Leikskólinn Arnarsmári haustið 2003. FB

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Arnarsmári er í Arnarsmári 34 (landnr. 173702) og var byggður árið 1997. Grunnflötur leikskólabyggingar er 627 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 4.666 m en svæði sem er innan girðingar mælist um 3.390 m<sup>2</sup>, þannig að hvert barn hefur um 37,7 m<sup>2</sup> lóðar innan girðingar. Norðausturhluti lóðarinnar, um 610 m<sup>2</sup> aftan við húsið, er utan girðingar.

Árið 1999 var farið í minniháttar breytingar á lóðarlögun. 2006-2007 var hluti leiktækja endurnýjaður og einnig 2013.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 9. Yfirborðsefni (undirlag) við öll leiktækin er öryggismöl.

Bílastæði eru 22 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra en auk þess eru um 12 stæði austan við götuna. Hjólastæði eru engin.

Lýsingu á lóðinni er mjög ábótavant, ljósastólpar eru 5 talsins en þeir eru óheppilegir og allt of lágir. 8 útiljós á húsi eru þó til bóta. Ljósastólpar á lóðinni og tengjast inn á rafmagn hússins en ekki gatnalýsingu, eins og algengara er. Við bílastæði eru 2 ljósastólpar.



Mynd 27. Leikskólinn Arnarsmári í júlí 2015. LUKK

Girðing er alls um 190 m, að mestu vírnetsgirðing með tréstaorum hlutar hennar við báða húsgaflana eru úr timbri. Göngu- og aksturshlið er við bílastæði en auk þess er gönguhlið við norðurgafli hússins sem liggur að opnu svæði.

Ekkert afgirt ungbarnaleiksvæði er á lóðinni. Sorpgerði úr timburgirðingum er staðsett nærri aðkomuhliði við suðurgafli húss. Leikfangageymsla úr timbri er á vesturhluta lóðar.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að þau leiktæki sem mest eru notuð í Arnarsmára séu rólur, sandkassi, kofar, klifurgrind, litli ónýti kastalinn. Á sumrin er neðra græna svæðið mjög vinsælt, að vera inn í trjámum (þar skapast miklir trúnaðarfundir) og turninn. Tveir útikranar hafi oft á tíðum vel verið nýttir í fjölbreytta vatnsleiki. Fjórir matjurtakassar á vesturhluta lóðarinnar eru nýttir undir kartöfluræktun o.fl. öll sumur. Berjarunni í garðinum er notaður og eins hefur verið farið á nærliggjandi opið svæði í hverfinu og tínd ber í sultugerð.

Arnarsmári nýtir boltavöll og sleðabrekku á útvistarsvæði utan leikskólalóðarinnar, móann austan megin við skólann, sem reyndar er byggingarlóð, og nokkra leikvelli í nágrenninu. Leikskólinn nýtir í raun svæði um allan Kópavog. Arnarsmári er útikennsluskóli og mikið er verið á ferðinni, niðri við Kópavogslæk, í leikskólalundinum við Digraneskirkju og svo í nánasta umhverfi skólans en sérstakt útikennslusvæði er ekki til staðar utan leikskólalóðar. Börn í Arnarsmára fara á fimmtudögum í íþróttasal í Smáranum og/eða Fífunni. Þau telja gönguleiðina á þessa staði vera nokkuð örugga

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í ábendingum og óskum frá kennurum og foreldraráði Arnarsmára voru helstu áherslur þessar:

Girða þarf af lóð fyrir yngstu börnin, athuga lóðina bakatil. Endurnýja þarf geymslu fyrir útileikföng. Setja gerfigras á bak við sandkassa en það er svæði sem er notað sem sparkvöllur. Endurnýja þarf lítinn kastala, kofar eru orðnir fúnir, girðing hallar undir flatt á nokkrum stöðum, ljósastaurar á lóðinni eru óhentugir og mála þarf leiktæki. Mikil vatnssöfnun er á neðra svæði lóðar þar mætti skipta um jarðveg og setja þrautabrautir. Grisja tré og setja skyggni (markísu) á hús, fá stóran opinn kofa, útielhús fyrir drullumall og saltkistu undir fötur og skóflur. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Endurgera þarf lóðina að miklu leyti, minnka malarsvæði, gera afgirt ungbarnasvæði og útikennslusvæði. Endurnýja þarf hluta leiktækja og leiktækjaskúr, setja nýtt undirlag o.fl. auk þess sem endurnýja þarf alla lýsingu á lóð og stóran hluta girðingar.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri		1	3
Róla 2., eldri		1	3
Róla 2., m. ungb.sæti		1	3
Ungbarnaróla		1	2
Sandkassi, stærri		1	4
Sandkassi, minni	2013	1	2
Klifurgrind		1	3
Gormtæki 1.		1	2
Gormtæki 2.		1	2
Gormtæki 3.		1	2
Kofi 1.	1997	1	2
Kofi 2.	1997	1	2
Kofi 3.	1997	1	2
Kofi 4.	1997	1	2
Turn úr múrsteinum	1997	1	2
Kastali	1997	1	2
Rennibraut í brekku	2013	1	3
Vegasalt		1	2
*Drullumallseldhús*		1	2
Karfa		1	2
		<b>20</b>	<b>47</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Berjarunnar	1
Gróðursæld	1
Fuglahús	1
Útivatnskranir	1
(Hjóla)-stigur	1
Eldstæði	1
Grasbrekka	1
Grasflöt	1
Grjót	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	1
	<b>14</b>

Tafla 9.



Mynd 28. FB.

# LEIKSKÓLINN AUSTURKÓR



Leikskólinn Austurkór var formlega opnaður 1. febrúar 2014. Leikskólinn er sex deilda, staðsettur í Rjúpnahæð. Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru: Lýðræðisleg vinnubrögð - útinám - námslotur byggðar á gildum skólans.

Gildi skólans eru: Samvinna – lýðræði - atorka.

Börn í Austurkór í desember 2016 voru 118 og starfsmenn voru 32 í 31,68 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Austurkór stendur við Austurkór 1 (landnr. 207543) og var byggður árið 2013. Flatarmál bygginga er 876 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð er 5.759 m<sup>2</sup> skv. FMR en svæði sem er innan girðingar mælist 3.400 m<sup>2</sup> og eru því um 28,3 m<sup>2</sup> lóðar pr. barn.

Lokið var við lóð 2014 en gera þurfti ýmsar lagfæringar á henni sumarið eftir. Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 11.

Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er gúmmihellur.


Bílastæði eru 40 talsins, þar af 3 bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru 10 og eru hvergi fleir við leikskóla í Kópavogi. Yfirbyggt hjóla- og kerruskýli, það eina á leikskólum bæjarins, er við bílastæði en er ekki notað sem slíkt heldur sem leiksvæði.

10-11 ljósastólpar eru á lóðinni og tengjast þeir inn á rafmagn hússins en ekki gatnalýsingu. Auk þess er lýsing á bílastæði og 6 útiljós á húsi.

Girðingar umhverfis leikskólalóðina eru alls um 230 m, að mestu stálgrindagirðingar en næst húsi er timburgirðing. Göngu- og aksturshlið eru við bílastæði.

Ekkert afmarkað ungbarnasvæði er á lóðinni. Yfirbyggð sorpgeymsla er tengd húsinu, utan lóðar. Leikfangageymsla á steiptum grunni er á lóðinni vestanverðri.

	2016
1 árs börn	9
2 ára börn	29
3 ára börn	26
4 ára börn	37
5 ára börn	17
<b>Samtals</b>	<b>118</b>



Tafla 10. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Austurkór.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla, eldri	2014	1	3
Ungbarnaróla	2014	1	2
Sandkassi 1.	2014	1	3
Sandkassi 2.	2014	1	3
Klifurgrind	2014	1	3
Gormtæki 1.	2014	1	2
Gormtæki 2.	2014	1	2
Kofi 1.	2014	1	2
Kofi 2.	2014	1	2
Kofi 3.	2014	1	2
Kastali	2014	1	3
Rennibraut 1.	2014	1	2
Rennibraut 2.	2014	1	3
Rennibraut 3.	2014	1	2
Rennibraut 4.	2014	1	2
Hringekja	2014	1	2
		<b>16</b>	<b>38</b>

Leiktækifæri	Stig
Útivatnskrani	1
(Hjóla)-stigur	1
Eldstæði	1
Stauraþyrping	1
Grasbrekka	1
Grasflöt	1
Stór stétt eða malbik	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	1
	<b>9</b>

Tafla 11.



Mynd 29. Leikskólinn Austurkór í júlí 2015. LUKK.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Austurkór eru vinsælustu svæðin drullueldhúsið, rólurnar, og í kringum verðlausan efnivið s.s. dekk, pallettur og rafmagnskefli. Notkun á lóð breytist eftir árstíðum t.d. ef frost er þá er sandkassinn ónothæfur. Það eigi einnig við í miklum rigningum og bleytu því þá safnast vatn fyrir í honum – það mikið að af því stafi slyshætta. Einnig eru hjól ekki leyfð í hálfu. Áhugi er fyrir sérstöku vatnssvæði á lóð og sömuleiðis fyrir ræktun en það þyrfti að bæta og breyta núverandi

reitum til að þeir myndu nýtast.

Einnig kom fram áhugi á að nýta berjarunna í leikskólafarfinu en efasemdir voru um hvort þeir myndu þrífast í rokinu í Austurkór.

Austurkór nýtir sleðabrekku í nágrenni leikskólans en eru líka dugleg að fara í heimsóknir og nota lóðina í Hörðuvallaskóla og öðrum leikskólum í kring. Útikennslusvæðið leikskólans er Magnúsarlundur

á Kjóavöllum og svo holt og móa í nærumhverfi skólans. Einni er stutt í útikennslusvæðið Rjúpnalundi í Rjúpnahæð. Austurkór hefur verið í samstarfi við HK og farið í Kórinn reglulega með elstu börnin. Þau telja gönguleiðina á þessa staði vera örugga.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð frá stjórnendum Austurkórs kemur fram að þeir telji útisvæði ágætt þar sem yfirsýn sé góð. Þó hafi verið gert ýmislegt til að auka fjölbreytni, t.d. sett upp drullu-eldhús, drullumallssvæði og eldstæði, sem þarf reyndar að laga. Óskað er eftir betra aðgengi að vatni, að „dauð“ svæði séu gerð áhugaverð, gert leiksvæði til að æfa jafnvægi og klifur, að drullumallssvæði sé bætt og afmarkað og matjurtasvæði gert ræktanlegt. Pollamyndin er vandamál á lóðinni og þarf að skoða dren sem og hitalögn í stéttum. Einnig sé gras ónýtt víða og þurfi að laga. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Lóðin er ný og því ekki þörf á endurnýjun hennar á næstunni. Minni verk sem nefnd eru í ábendingum, s.s. að laga eldstæði, matjurta- og drullumallssvæði falla undir reglubundin verkefni eignasjóðs. Einnig þarf að athuga ástæður pollamyndunar og virkni snjóbræðslulagna.

- Æskilegt er að gera lóðina áhugaverðari og auka leiktækifæri, t.d. með gerð jafnvægis- og klifursvæðis. Einnig þyrfti að auka gróður á lóð, m.a. til skjólmyndunar.



Mynd 30. Kastali í Austurkór. GH.



Mynd 31. Austurkór. Hvergi eru fleiri bílastæði fyrir hreyfihlaða við leikskóla í Kópavogi. GH.

# LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI




Leikskólinn Álfaheiði tók til starfa 1990 og er á sunnanverðum Digraneshálsi. Einkunnarorð leikskólans eru: Deilum gildum okkar til að skapa betri heim. Stutt er í skemmtileg útvistarsvæði og staði sem tengjast þjóðtrúnni um álfa og huldufólk. Álfaheiði

er fjögurra deilda leikskóli sem vinnur eftir námsefninu Lífsmennt en það byggir á 12 jákvæðum gildum. Meginmarkmið þess er að örva jákvæða sjálfsmynd nemenda, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Til að ná tökum á gildunum þurfa nemendur að upplifa þau í öllu daglegu starfi. Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og lögð er áhersla á að börnin upplifi hana af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka.

Börn í Álfaheiði í desember 2016 voru 84 og starfsmenn voru 28 í 23,91 stöðugildum.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	7	11	1
2 ára börn	11	27	16	30
3 ára börn	24	17	19	14
4 ára börn	25	18	22	20
5 ára börn	28	14	16	19
Samtals	88	83	84	84



Tafla 12. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Álfaheiði.



Mynd 32. Leikskólinn Álfaheiði í júlí 2015. LUKK.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Álfaheiði er í Álfaheiði 46 (landnr. 113529) og var byggður árið 1990. Grunnflötur leikskólabyggingar er 602 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 3.720 m<sup>2</sup> en svæði innan girðingar er 3.010 m<sup>2</sup>, mælt af loftmynd. Það gera um 36,1 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 1998 og árin þar á eftir var farið í endurnýjun hluta leiktækja o.fl. Á árunum 2011-2012 voru leiksvæði, leiktæki og hluti girðingar endurnýjaður.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 13. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er gúmmihellur.

Bílastæði eru 26 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra, en norðan við bílastæði leikskólans eru önnur 24 bílastæði í eigu bæjarins. Hjólastæði eru 5, staðsett við vestara hliðið..

Lýsing á lóðinni tengist inn á rafmagn hússins en ekki gatnalýsingu, sem er algengara. Ljósastólpar á lóð eru 4 talsins en engin lýsing er við bílastæði. 19 útljós eru á húsinu.

Girðing umhverfis lóðina er um 280 m og var upphaflega að mestu með vírneti. Því var skipt út fyrir timburklæðningu 2011 en eftir er að endurnýja um 210 m eldri girðingar. Hlið eru inn á lóðina vestan og austan megin við húsið.

Ungbarnaleiksvæði, afmarkað með lágri girðingu, er sunnan við austurhluta húss.

Sorpgerði er staðsett við gangstétt og bílastæði austan hússins. Safnkassar eru á vestasta hluta lóðarinnar og þar er stunduð moltugerð.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að yngri börnin væru meira í leiktækjunum og sandkassa en þau eldri meira í hreyfi- og boltaleikjum. Notkunin á grassvæðinu breytist eftir árstíðum, boltaleikir yfir sumartímann en snjóþotur og annað yfir vetrartímann. Aðstaða til vatnsleikja er til staðar á lóðinni. Grænmetisræktun er í matjurtagarði á austasta hluta lóðarinnar og einnig eru berjarunnar nýttir. Hjólastígur mætti vera neðst á lóðinni.

Börnin í Álfaheiði fara oft á sparkvöllinn í Digranesi, í Kópavogsdal og Víghólinn og boltasvæði við Álfrólsskóla/Digranes er einnig notað. Kópavogsdalur og Víghólasvæðið eru notuð sem útikennslusvæði. Leikskólinn hefur einnig aðgang að íþróttasal í Digranesi. Þau telja gönguleiðina á þessa staði örugga.

## Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í innsendri greinargerð frá Álfaheiði er óskað eftir að gert verði fallega yfirbyggð svæði fyrir hlutverkaleik utandyra

allan ársins hring, t.d. „drullmallseldhús“. Lagfæra þarf hluta af girðingu, auka lýsingu vestan megin á lóð og girða af kartöflugarð. Óskað er eftir að fá útilistaverk sem lýsir hugmyndafræði leikskólans og útskorin skilti úr tré með nafni leikskólans og deilda. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

## Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Að ljúka endurnýjun girðingar, bæta lýsingu á lóð og girða af matjurtasvæði er í raun hluti viðhaldsverka eignasjóðs og verða þessi verk unnin á næstunni.

- Síðar mætti skoða að gera yfirbyggt svæði fyrir hlutverkaleiki.
- Bæta þarf lýsingu við bílastæði.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2012	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2012	1	3	Berjarunnar	1
Róla 3., eldri	2012	1	3	Gróðursæld	2
Sandkassi, stærri	2012	1	4	Fuglahús	1
Sandkassi, minni	1998	1	2	Útivatnskrani	1
Gormtæki 1.	2012	1	2	Drullumallssvæði	1
Gormtæki 2.	2012	1	2	Eldstæði	1
Gormtæki 3.	2012	1	2	Náttúrusvæði	1
Gormtæki 4.	2012	1	2	Staurabyrping	1
Kofi 1.	2012	1	2	Grasbrekka	1
Kofi 2.	2012	1	2	Grasflöt	1
Kastali	2012	1	3	Stór stétt eða malbik	1
Rennibraut í kastala	2012	1	2	Malarsvæði	1
Litill kastali m. rennibraut	2012	1	3	Timburpallur	1
Vatnspóstur	2012	1	2	Setpallar	1
Vegasalt	2012	1	2	Bekkir	2
Borð í sandkassa (stærri)		1	1	Borð með bekkjum	1
Borð í sandkassa (minni)	2012	1	1		
		<b>18</b>	<b>41</b>		<b>19</b>

Tafla 13.



Mynd 33. Timburpallur í Álfaheiði í smíðum 2011. FB.



# LEIKSKÓLINN ÁLFATÚN




Leikskólinn Álfatún tók til starfa í nóvember 2001. Hann er staðsettur austarlega í Fossvogsdalnum í beinum tengslum við fjölbreytt útvistarsvæði. Álfatún er fimm deilda leikskóli þar sem áhersla er lögð á málörvun, hreyfingu og

skapandi starf í gegnum leik. Einnig er lögð áhersla á viðurkennandi samskipti og að njóta samvista með öðrum, tjá sig eftir fjölbreyttum leiðum og styrkja sjálfsmynd barnanna. Við viljum að traust, umhyggja og jákvæðni einkenni samskipti á milli allra sem að leikskólanum koma.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Álfatún er í Álfatúni 2 (landnr. 113529). Húsið var byggt árið 1983 sem íbúðarhús. 2000-2001 var þar einkarekinn leikskóli, Álfahöllin, sem ætlaður var fyrir yngstu börnin. Árið 2001 yfirtók Kópavogsbær rekstur leikskólans og 2003 var tekið í notkun rými í kjallara og er hann því nú á þremur hæðum. Grunnflötur leikskólabyggingarinnar er 246 m<sup>2</sup> en flatarmál alls er 664 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

	2005	2010	2016
1 árs börn	30	16	7
2 ára börn	13	19	21
3 ára börn	16	11	18
4 ára börn	6	12	12
5 ára börn	11	15	11
Samtals	76	73	69



Tafla 14. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Álfatúni.



Mynd 34. Leikskólinn Álfatún haustið 2003. Vel sést hve hæðarmismunur er mikill frá aðalleiksvæði og upp að bílastæðum, sem gerir lóðina verr nýtanlega en ella. FB


## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 750 m<sup>2</sup> (gamla lóð einbýlishússins) en svæði innan girðingar mælist 1.860 m<sup>2</sup> sem gerir 23,5 m<sup>2</sup> pr. barn. Hluti lóðarinnar nýtist þó illa þar sem um mjög bratta brekku er að ræða.

Lóðargerð lauk 2000 og árið eftir var lokið frágangi við bílastæði. 2003 var lóð stækkuð norðan húss, sett upp lýsing o.fl. Lóðin var endurnýjuð að hluta árin 2012-2013, settir timburstallar og leiktækjum fjölgað.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 15. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki á stærsta leiksvæðinu er öryggismöl en annars staðar eru gúmmíhellur og -mottur.

Bílastæði eru 19 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru engin.



Mynd 35. Leikskólinn Álfatún í júlí 2015. LUKK

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu og ljósastólpur eru 4, auk tveggja til viðbótar við bílastæði. 8 útljós eru á húsinu.

Girðingar umhverfis lóðina eru úr timbri, alls um 170 m. Hlið er við bílastæði.

Ungbarnasvæði er afgirtur tréþallur norðan við hús þar sem er útgengt úr kjallara.

Sorp er innan trégirðingar á vesturhluta lóðarinnar og leikfangaskúr úr timbri er á lóðinni.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Álfatúni séu öll svæði lóðarinnar séu í sjálfu sér vinsæl hver á sinn hátt og vel nýtt, fer eftir aldri. Á veturna sé ekki fært um allar brekkur og allt frosið í sandkassa. Mikill áhugi er á sérstöku vatnssvæði. Hins vegar ekki að svo stöddu áhugi á grænmetisræktun á lóðinn, grænmetið sé ræktað inni, en á lóðinni séu berjarunnar sem nýtast. Þörf sé á að bæta aðstæður fyrir hreyfigetu barna. Leikskólinn notar sleðabrekkuna við bílastæðið en ekkert boltasvæði er nálægt. Trjásafnið, þ.e. Yndisgarður og „ævintýraskógur“ er mikið notað sem útikennslusvæði.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Eftirfarandi eru óskir frá Álfatúni:

Fá skemmtilega ævintýralega klifur- / þrautagrind og bæta „þrautum“ við rennibraut, útielðhús (drullusvæði), kofa, gormadýr, rör og körfuboltaspjald. Mála mark á steinvegg og París á stétt. Gera tónlistar hljóðvegg og auka náttúruæfni, s.s. tréstubba. Setja plexigler í stað hluta af trégrindverki. Gera nýtt aðgengi niður í dalinn og stígagerð í framhaldi. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Að mála mark á steinvegg og París á stétt eru smáverk sem framkvæmd verða sumarið 2017.

- Endurnýja þarf leiktæki á núverandi malarsvæði og undirlag þar, fjölga leiktækjum og leiktækifærum á lóð. Einnig gera nýtt hlið á norðanverða girðingu og tengja með stíg niður í dalinn.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2000	1	3	Berjarunnar	1
Róla 2., eldri	2012	1	3	Gróðursæld	1
Ungbarnaróla	2000	1	2	Útivatnskranir	1
Sandkassi	2012	1	3	Drullumallssvæði	1
Sandkassi á timburpalli		1	2	(Hjóla)-stigur	1
Klifurrampur í brekku	2012	1	2	Grasbrekka	1
Jafnvægisslá	2000	1	1	Stór stétt eða malbik	1
Kofi 1.	2000	1	2	Malarsvæði	1
Kofi 2.	2012	1	2	Timburpallur	1
Kastali	2000	1	4	Setpallar	1
Rennibraut í brekku	2012	1	3	Bekkir	1
		<b>11</b>	<b>27</b>		<b>11</b>

Tafla 15.



Mynd 36. Börn að leik í Álfatúni FB.



Mynd 37. Leiksvæði í Álfatúni. FB.

# LEIKSKÓLINN BAUGUR



Leikskólinn Baugur opnaði haustið 2007. Einkunarorð leikskólans eru: skynjun, uppgötvun og þekking. Baugur er átta deilda leikskóli í Kórahverfi. Starfsemi leikskólans er í tveimur húsum. Hugmyndafræði leikskólans hefur starfsaðferðir Reggio


Emilia að leiðarljósi þar sem börn og fullorðnir uppgötva heiminn í sameiningu, allur fjársjóður heimsins býr í hversdagsleikanum og galdurinn felst í því að gefa börnunum tækifæri til að skynja og uppgötva, þannig eykst þekking þeirra. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, að hver einstaklingur fái að njóta sín og að traust og gott samband ríki við foreldra.

Börn í Baugi í desember 2016 voru 152 og starfsmenn voru 46 í 36,39 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Baugur er við Baugakór 36 (landnr. 210321). Leikskólinn var byggður árið 2007 og 2012 var komið þar fyrir tveimur sambyggðum lausum kennslustofum. Grunnflötur leikskólabyggingar er 842 m<sup>2</sup> auk lausra kennslustofa sem eru 182 m<sup>2</sup> og 12 m<sup>2</sup> geymsluskúrs, alls 1.024 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

	2010	2016
1 árs börn	2	27
2 ára börn	31	27
3 ára börn	20	31
4 ára börn	38	32
5 ára börn	29	35
Samtals	120	152



Tafla 16. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Baugi.



Mynd 38. Leikskólinn Baugur og nágrenni sumarið 2009. BM.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 6.722 m<sup>2</sup> en svæði sem er innan girðingar er um 5.230 m<sup>2</sup>, eða 34,4 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 2007 lauk lóðargerð áður en leikskólinn tók til starfa. 2012 var farið í stækkun lóðar og lagfæringar í tengslum við að leikskólinn var stækkaður með lausum kennslustofum. 2013 var bílastæðum fjölgað og ári síðar var farið í lagfæringar á hluta lóðar vegna slits.

Leiktæki á lóðinni nú eru 23 talsins. Upplýsingar um þau og aldur þeirra er að finna í töflu 17. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktækin er víðast hvar gúmmihellur nema við kastala er öryggismöl.

Bílastæði eru 37 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu og er fjöldi ljósaastólpa 10, auk lýsingar við bílastæði. 11 útiljós eru á húsum.



Mynd 39. Leikskólinn Baugur í júlí 2015. LUKK

Girðingar umhverfis lóðina er um 310 m að lengd og er bæði úr timbri og stágrindum. Aðalhlíðið er við bílastæði en einnig er hlíð að norðanverðu, ætlað þeim sem ganga í leikskólann.

Ungbarnasvæði er við austurgafli aðalbyggingar og er afmarkað með lágrí girðingu. Sorpgerði er staðsett við bílastæði, nærri hlíði. Leikfangageymsla með steypum sökkli er á vesturhluta lóðar.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Baugi er skógurinn, grasbali við bílastæðið, tré og drullusvæðið vinsælustu lóðarhlutarnir. Notkunin á svæðunum breytist t.d. þannig eftir árstíðum að á sumrin er fótbolti vinsæll en að renna á hólum við leikfangaskúrinn á veturnar. Áhugi er á sérstöku vatnssvæði á lóðinni og einnig á grænmetisræktun en það þurfi að skipta um jarðveg í matjurtagarðinum. Berjarunnar eru á lóð.

Baugur notar boltasvæði við Hörðuvallaskóla og myndi vilja geta nýtt hann meira en hann er mjög mikið upptekin. Sem sleðabrekku er brekkan við malbikað plan við litla Baug og S-brekkan við Flesjakór en n. Útikennslusvæðið er Magnúsarlundur á Kjávöllum en einnig er notaður skógur og móinn við leikskólann. Elstu börnin nota íþróttaaðtöðu í Kórnum. Gönguleiðirna á þessa staði telur leikskólinn frekar öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð frá Baugi er bent á að leikskólinn er sá stærsti í Kópavogi. Lóð þurfi að vera tvískipt milli yngri og eldri barna og leiktæki og efniviður vera í samræmi við það. Auka þarf fjölbreytni í leiktækjum, m.a. úr náttúrulegum efnivið, sem byggja á samvinnu barnanna og gefa ýmsa möguleika í málörvun, hreyfingu og samhæfingu. Fá nýjar rólur í stað körfurólu og rennibraut í brekku fyrir ofan hús. Einnig bekkir fyrir börn, foreldra og starfsmenn, hjóla- og kerrugeymsla (eins og í Austurkór) og útielldhús. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Körfurólu hafa verið settar aftur upp og bekkir verða settir á lóð strax vorið 2017. Lóð er þrískipt nú.

- Endurskoða þarf nýtingu norðaustur hluta lóðar, fjölga þar fjölbreyttum leiktækjum og leiktækifærum.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stíg	Leiktækifæri	Stíg
Róla 1., eldri	2007	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2007	1	3	Berjarunnar	1
Róla 3., eldri	2012	1	3	Gróðursæld	1
Ungbarnaróla	2007	1	2	(Hjóla)-stigur	1
Körfuróla, litil	2007	1	2	Staurabyrping	1
Körfuróla, stór	2007	1	3	Grasbrekka	1
Sandkassi, stærri	2007	1	4	Grasflöt	1
Sandkassi, minni	2007	1	2	Hóll	1
Klifurgrind	2007	1	3	Stór stétt eða malbik	2
Jafnvægisslá 1.	2007	1	1	Timburpallur	1
Jafnvægisslá 2.	2012	1	1	Borð með bekkjum	2
Kofi 1.	2007	1	2		
Kofi 2.	2007	1	2		
Kastali	2007	1	4		
Rennibraut í kastala	2007	1	2		
Litil rennibraut	2007	1	2		
Hringekja	2007	1	2		
Bátur	2007	1	2		
Veltipétur	2007	1	2		
"Drullumallseldhús"		1	2		
Karfa	2007	1	2		
Borð í sandkassa 1.	2007	1	1		
Borð í sandkassa 2.	2007	1	1		
		<b>23</b>	<b>51</b>		

Tafla 17.



Mynd 40. Drullumallseldhús á Baugi. GH.



Mynd 41. Sandkassi á Baugi. GH.

# LEIKSKÓLINN DALUR



Leikskólinn Dalur tók til starfa 11. maí 1998. Dalur er 4ja deilda leikskóli í Lindahverfi. Þar er lögð áhersla á viðurkennandi samskipti og unnið út frá hugtökunum virðing, ábyrgð og sjálfstæði. Grundvöllur starfsins er byggður á kenningum John Dewey


um „learning by doing“ og Berit Bae um viðurkennandi samskipti, ásamt uppeldisfræði „dauðu músarinnar“. Lögð er áhersla á góð og traust samskipti við foreldra.

Börn í Dal í desember 2016 voru 87 og starfsmenn voru 31 í 25,92 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Dalur er í Funalind 4 (landnr. 178136). Leikskólinn var byggður árið 1997 og grunnflötur leikskólabyggingar er 613 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	1	17	7
2 ára börn	2	18	18	18
3 ára börn	23	25	22	21
4 ára börn	42	25	23	15
5 ára börn	37	25	14	26
Samtals	104	94	94	87



Tafla 18. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Dal.



Mynd 42. Leikskólinn Dalur í júlí 2015. Framkvæmdir við fyrri hluta endurgerðar lóðar stóðu þá yfir. LUKK

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 3.331 m<sup>2</sup> en svæðið sem er innan girðingar mælist 2.360 m<sup>2</sup> sem gerir 26,8 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 1998 lauk lóðargerð samhliða húsbyggingu. 2000-2008 var farið í minniháttar breytingar á lóð og endurnýjun hluta leiktækja. Á árunum 2015-2016 var lóðin síðan algerlega endurnýjuð.

Leiktæki á lóðinni nú er 25. Upplýsingar um þau og aldur þeirra er að finna í töflu 19. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki eru ýmist gúmmihellur, gúmmimottur eða gervigras.

14 bílastæði eru norðan leikskólans, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra, en auk þess eru 14 bílastæði bæjarins norðar í götunni. Hjólasteræði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist rafmagni húss og eru þar 3 ljósastólpar, auk lýsingar við bílastæði. 12 útiljós eru á húsi.

Girðingar umhverfis lóð eru um 190 m, ýmist timbur- eða stálgrindagirðingar en einnig er hluti girðingar klæddur náttúrulegum asparboðrum. Hlið er við vesturgafi húss en auk þess er hlið á austurhluta lóðar, sem liggur að opnu svæði.

Afgirt ungbarnasvæði er við austurgafi húss.

„Náttúrusvæði“ sem gert var 2015 tekur allan suðvestur hluta lóðarinnar og nýtur mikilla vinsælda. Efniviðurinn þar er að mestu gróður, gras, grjót og trjábólir en þar er einnig skógarkofi og þrautabrautir.

Sorpgerði, afgirt með timburgirðingu, er við gangstétt vestan lóðar. Leikfangageymsla úr timbri er í tengslum við sorpgerði.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Dal eru rólur, kastali, húsin og nýju gönguleiðirnar við náttúrusvæðið það vinsælasta á lóðinni. Á veturna sé farið á rassapotur á lóðinni. Drullusvæði sé á lóð og verið sé að gera tunnu sem tekur við rigningavatni sem börnin geti gengið að. Áhugi sé á grænmetisræktun og núna sé komin aðstaða til þess á nýrri lóð og sama er að segja með berjarunna. Eftir að lóð hafi verið endurgerð sé ekki þörf á að bæta aðstöðu vegna aukinnar hreyfingu.

Dalur notar róluvellina í kring, opnu grasbalana við blokkirnar og eins lóð Lindaskóla. Boltavöllur er við hliðina á lóðinni. Útikennslusvæðið Lindaskógur er m.a. ætlað Dal en leikskólinn notar meira náttúrusvæðið í garðinum þar sem nú er viðarkofi og allt til alls. Dalur hefur aðgengi að íþróttasal þar sem Lindaskóli býður þeim aðeins tíma seinnipart dags. Gönguleiðirnar á þessa staði telur leikskólinn góðar en þó mætti salta og sanda betur þegar frost er eða skafa snjó.

## Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Foreldrar og starfsmenn sendu ekki inn eiginlegar ábendingar eða óskir heldur þakkir til allra sem komu að endurhönnun og endurgerð leikskólalóðarinnar þar sem sjónarmið allra aðila fengu hljómgrunn. Þetta hafi verið samstarfsverkefni til eftirbreytni. Mikil breyting hafi orðið frá því sem var og notagildi garðsins og fjölbreytni í leiktækifærum hafi aukist til muna. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Lóðin var endurgerð 2015-2016. Smávægilegum eftirhreytum verður lokið vorið 2017.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2016	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2016	1	3	Berjarunnar	1
Róla 3., yngri	2016	1	2	Gróðursæld	1
Þjálfaróla	2015	1	3	Útivatnskrani	1
Ungbarnaróla 1.	2016	1	2	Drullumallssvæði	1
Ungbarnaróla 2.	2016	1	2	(Hjóna)-stigur	1
Sandkassi	2016	1	4	Eldstæði	1
Sandkassi 2	2016	1	2	Náttúrusvæði	2
Klifurgrind	2005	1	3	Boltasvæði	1
Jafnvægisslá (gorma)	2015	1	2	Grasbrekka	1
Gormtæki 1.	2016	1	3	Grjót	1
Gormtæki 2. (ungbarna)	2015	1	2	Stór stétt eða malbik	2
Kofi 1. (ungbarna)	2016	1	2	Timburpallur	1
Kofi 2.	2016	1	2	Setpallar	1
Kofi 3.	2016	1	2	Bekkir	1
Kofi 4.	2016	1	2	Borð með bekkjum	1
Timburkofi	2015	1	3		
Kastali	2015	1	4		
Rennibraut í kastala	2015	1	2		
Rennibraut (ungbarna)	2016	1	3		
Hringekja (potta)	2015	1	3		
Stauraleiktæki með reipi	2015	1	2		
Karfa	2015	1	2		
Borð í sandkassa 1.	2016	1	1		
Borð í sandkassa 2.	2016	1	1		
		<b>25</b>	<b>60</b>		<b>18</b>

Tafla 19.



# LEIKSKÓLINN EFSTIHJALLI



Leikskólinn Efstihjalli tók til starfa 1982. Haustið 2002 var tveimur deildum bætt við leikskólann þannig að í dag er hann fimm deilda. Leikskólinn er í grónu hverfi í göngufæri við útivistarsvæðin í Fossvogsdal, Kópavogsdal og við Víghól. Leikurinn, í allri sinni fjölbreytni, er


kjarninn í uppeldisstarfinu. Einnig er unnið í litlum hópum að hinum ýmsu verkefnum sem örva félagsfærni barnanna, styrkja sjálfsmýnd þeirra og auka skynreynslu. Skipulögð hreyfing fer fram í aldurskiptum hópum einu sinni í viku.

Börn í Efstahjalla í desember 2016 voru 101 og starfsmenn voru 35 í 32,06 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Efstihjalli er í Efstihjalla 2 og 4 (landnr. 114190). Hann var byggður 1982 og byggt við hann árið 2000. Flatarmál leikskólabyggingar er nú samtals 813 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamats ríkisins), þ.e. upphaflega 420 m<sup>2</sup> auk 90 m<sup>2</sup> kjallara og viðbygging sem er 303 m<sup>2</sup>. Á lóðina er enn skráð gæsluvallarhús frá 1991 sem flutt var þaðan 2001 og er nú staðsett á lóð Hjallavallar sunnan leikskólalóðarinnar. Það hús er 43,9 m<sup>2</sup>.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	8	13	17
2 ára börn	10	27	21	23
3 ára börn	27	16	25	24
4 ára börn	20	23	24	25
5 ára börn	19	20	24	12
Samtals	76	94	107	101



Tafla 20. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Efstahjalla.



Mynd 43. Leikskólinn Efstihjalli sumarið 2009. Nýi Hjallavöllur er fjær á myndinni. BM

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 2.700 m<sup>2</sup> á Efstahjalli 2 og 6.900 m<sup>2</sup> á Efstahjalla 4, alls 9.600 m<sup>2</sup>. Eins og áður hefur komið fram eru langt síðan þessar lóðir voru sameinaðar og mælist lóðin nú 4.040 m<sup>2</sup> innan girðingar, þ.e. 40,4 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árin 1997-1998 var endurnýjaður hluti leiktækja og girðinga. 2000-2001 var endurgerður hluti lóðar vegna

viðbyggingar og þá var lóð stækkuð til suðurs með því að innlíma gæsluvöllinn Hjallavöll. Árið 2006 var austurhluti lóðarinnar endurgerður og 2013 var loks farið í varanlegan frágang við nýbygginguna frá 2001 og bætt aðkoma að leikskólanum.

Leiktæki eru nú alls 23 talsins og upplýsingar um þau og aldur þeirra er að finna í töflu 21. Yfirborðsefni (undirlag) við öll leiktækin er öryggismöl.



Mynd 44. Leikskólinn Efstihjalli í júlí 2015. LUKK.

Bílastæði eru 21 talsins, þar af 2 bílastæði hreyfihamlaðra en að auki eru tæplega 30 bílastæði vestan lóðarinnar sem einnig eru ætluð fyrir Hjallaskóla og gæsluvöllinn Hjallavöll. Hjólástæði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist rafmagni hússins og eru þar 6 ljósastólpar en auk þess eru 11 útljós á húsi. Aðeins einn stólpi er við bílastæði.

Girðingar umhverfis lóðina eru úr timbri, alls um 280 m að langd. Hlið eru bæði að austan- og vestanverðu.

Ungbarnasvæði, afgirt lágri girðingu, er í norðaustur horni lóðarinnar.

Sorpgerði er norðan við húsið, með aðkomu frá göngustíg frá Álfrólsvegi.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Efstahjalla eru kastalinn, rólurnar og það svæði vinsælast og að garðurinn sé almennt vel nýttur. Notkunin breytist helst eftir árstíðum ef það sé snjór. Áhugi er á sérstöku vatnssvæði á lóð, sem og að vera með grænmetisræktun og berjarunna. Hins vegar sé ekki þörf á að bæta aðstöðu vegna aukinnar hreyfigetu.

Leikskólinn notar Fossvogsdal og Kópavogsdal töluvert en hvorki boltavelli, sleðabrekkur né önnur svæði í nágrenninu. Á leið í dalina þarf að fara yfir götu.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Frá Efstahjalla bærust eftirfarandi hugmyndir af leiksvæði:

Planta fjölbreyttum trjám og runnum (m.a. fjölbreyttum berjarunnum) upp við bílastæði og víðar. Fá skúr fyrir útileikföng, setja kurl í beð og gera kartöflugarð. Bæta aðgengi að vatni fyrir sulluleiki og drullumall, setja upp fuglahús og -bretti, fá statíf fyrir hjól og kerrur. Gera lítinn pall vestan við hús, hækka girðingu þar og gera „kórþalla“. Setja gler í hluta skjólveggja við dyr, jafnvel setja glerþak milli álma. Fá gúmmímottur undir rólur, hús með bekkjum og breyta kastala. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Endurnýja þarf hluta leiktækja og undirlags og fjölga leiktækjum og leiktækifærum, auka trjágróður á lóð, setja upp leikfangaskúr og hjólagrindur, gera matjurtagarð o.fl.
- Einnig þarf að bæta lýsingu á bílastæðum.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri		1	3
Róla 2., eldri		1	3
Róla 3., eldri		1	3
Ungbarnaróla	2006	1	2
Sandkassi 1.	2001	1	4
Sandkassi 2.	1998	1	3
Sandkassi 3. ungbarna	2006	1	2
Klifurgrind	2001	1	3
Jafnvægisslá		1	1
Gormtæki 1.		1	2
Gormtæki 2.		1	2
Kofi 1.	2001	1	2
Kofi 2.	2001	1	2
Kastali (litill)	2006	1	2
Kastali (stór)	2001	1	4
Rennibraut í kastala	2001	1	2
Rennibraut (ungbarna)	2006	1	2
Stór rennibraut í brekku	2008	1	3
Vegasalt		1	2
Hringekja		1	2
Bill		1	2
Karfa		1	2
Borð í sandkassa		1	1
		<b>23</b>	<b>54</b>

Leiktækifæri	Stig
Gróðursæld	1
(Hjóla)-stigur	1
Sleðabrekka	1
Grasbrekka	1
Grasflöt	1
Grjót	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Timburpallur	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	1
	<b>11</b>

Tafla 21.



Mynd 45. Sesselja Hauksdóttir leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar (t.v.) og Herdis Storgaard verkefnastjóri barnaslysavarna hjá SVFÍ í úttekki árið 1993. FB.

# LEIKSKÓLINN FAGRABREKKA



Leikskólinn Fagrabrekka var opnaður 1976 og er þriðji elsti leikskóli bæjarins og hét í upphafi Kópabrekka. Leikskólinn er fjögurra deilda, staðsettur í gamalgrónu hverfi í austurbæ Kópavogs. Starfað er eftir Reggio Emilia starfsaðferðinni, sem

segir að börn hafi 100 mál en við fullorðna fólkið tókum frá þeim 99. Starfsaðferðin snýst um að leyfa börnunum að nota öll hundrað málin með lýðræðið að leiðarljósi. Gengið er út frá því að barnið sé hæfileikaríkur og virkur einstaklingur og eru verkefnið unnin samkvæmt því. Að „uppgötva, sjá og skynja“ með orðunum „hvað, hvernig og hvers vegna“. Í leikskólanum er unnið sérstaklega með tónlist. Markmið leikskólans eru að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, gleði og frumkvæði.

Börn í Fögrubrekku í desember 2016 voru 68 og starfsmenn voru 25 í 21,75 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Fagrabrekka er í Fögrubrekku 26 og 26A en það síðarnefnda var áður gæsluvöllurinn Brekkuvöllur. Landnúmerið er 114268. Leikskólinn var byggður 1977 en gæsluvallarhús er frá 1972. Árið 1993 var kjallari hússins tekinn undir starfsemi leikskólans en þar hafði áður verið rekin félagsmiðstöðin Ekkó. Samhliða því var gæsluvöllurinn lagður niður og lóðin sameinuð leikskólalóðinni. Skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins) er flatarmál leikskólabyggingarinnar frá 1977 508 m<sup>2</sup>, þ.e. 254 x 2 hæðir og gæsluvallarskúr sem er 25 m<sup>2</sup>.

## LEIKSKÓLALÓÐIN


Lóðarstærð skv. FMR er 1.400 m<sup>2</sup> á Fögrubrekku 26 og 870 m<sup>2</sup> á Fögrubrekku 26A, sem áður var gæsluvallarlóð, alls 2.270 m<sup>2</sup>. Lóð innan girðingar er 1.710 m<sup>2</sup> og því eru um 29,1 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 1993 var kjallari hússins tekinn undir leikskólann og gæsluvöllurinn Brekkuvöllur lagður niður og sameinaður leikskólalóðinni. Til að þetta gæti orðið þurfti algera endurnýjun norðurhluta lóðarinnar. Um 2000 var farið í endurnýjun girðinga o.fl. og árið 2006 var suðurhluti lóðarinnar endurnýjaður sem og leiktækin sem þar eru.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni, sem eru 18 talsins, og aldur þeirra er að finna í töflu 23. Yfirborðsefni (undirlag) við öll leiktækin er öryggismöl.

Bílastæði eru aðeins 7 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Þetta er langt undir meðaltali annarra leikskóla og þarf að bæta úr. Til skamms tíma hafði leikskólinn aðgang að um 5 stæðum til viðbótar á bílastæðum við fyrrum verslun austan leikskólans en svo er ekki lengur. Hjólstæði eru engin.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	8	10	13
2 ára börn	13	15	11	14
3 ára börn	23	11	15	15
4 ára börn	19	16	15	16
5 ára börn	16	18	16	10
Samtals	71	68	67	68



Tafla 22. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Fögrubrekku.



Mynd 46. Gæsluvöllurinn Brekkuvöllur um 1990, þar sem nú er norðurhluti leikskólalóðarinnar. FB



Mynd 47. Eldstæði og heimasmiðaðir bekkir í Fögrubrekku. GH.

Lýsing á lóðinni tengist rafmagni húss og eru þar 3 ljósastólpar og einn að auki við bílastæði. 17 útljós eru á húsi.

Girðingar umhverfis lóðina eru úr timbri og eru alls um 180 m að lengd. Hlið eru annars vegar við bílastæði að sunnanverðu og hins vegar við göngustíg að austanverðu. Að auki er hlið að vestanverðu sem liggur út á opið svæði.

Ungbarnasvæði, afgirt lágrí girðingu er í suðurgarði, rétt vestan við húsgafl.

Sorpgerði er við göngustíg að austanverðu, nærri hliði. Leikfangaskúr úr timbri (einingahús) er á suðurlóðinni.



Mynd 48. Leikskólinn Fagrabrekka í júlí 2015. LUKK

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Fögrubrekku sé notkun lóðar mjög jöfn, ekkert eitt svæði vinsælla en annað. Breyting á notkun svæða eftir árstíðum lýsir sér helst í því að kaldara sé í neðri garðinum þegar vindur er og frost eða snjókoma. Ómetanlegt væri að fá sérstakt vatnssvæði á lóð. Matjurtagarður er á norðurhluta lóðarinnar en fullreynt sé með ræktun vegna þess að moldin hafi verið orðin mjög léleg, skemmdarverk voru unnin og erfitt hafi verið að halda við yfir sumarlokun. Mikill áhugi er á að rækta berjarunna, nú sé farið niður í Kópavogsdal og tínd rífsber.

Fagrabrekka nýtir Fossvogsdalinn, Kópavogsdalinn og leikvöllinn vestan megin leikskólans, fótboltavöllinn á sama stað og sleðabrekkuna í Hlíðarhjallanum. Sem útikennslusvæði er notaður leikvöllinn vestan megin og þeirra eigin sem er í norðurgarði. Tvisvar á ári er farið í íþróttasal Gerplu í tvær klukkustundir. Fara þarf yfir umferðargötur til að komast í dalina en ekki á leikvöllinn.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Frá stjórn foreldrafélags Fögrubrekku bárust eftirfarandi punktar með ósk um að þeir verði hafðir til hliðsjónar og að farið verði í umbætur á lóðinni sem fyrst. Það sé aðkallandi bæði fyrir öryggi og ánægju barnanna sem og til að auka starfsánægju starfsmanna.

Losna við malarundirlag í suðurgarði og fá gúmmíundirlag. Færa þarf steinkant við kastala þar. Fá nýja girðingu þar sem núverandi girðing takmarkar útsýni. Laga gras í suðurgarði og hóla í norðurgarði. Pallur í norðurgarði er ónýtur, fjarlægja og gera t.d. þrautabraut þar. Klífurveggur er loka ónýtur. Vantar leikfangaskúr í norðurgarði. Athuga þarf hæðarmun í garði – slysaþetta, t.d. á veturna. Endurskoða svæðið allt við vesturgafli húss. Yfirfara þarf öll tæki á lóð. Vantar leiktæki fyrir yngstu börnin, t.d. gormatæki. Óskað er endurnýjunar á hluta leiktækja. Treysta þarf lás á grind við neyðarútgang. Það er sérstök ósk foreldrafélagsins að notagildi norðurgarðs verði aukið. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Yfirferð leiktækja o.þ.h. er hluti af reglubundnum viðhaldsverkefnum eignasjóðs.

Nauðsynlega þarf að fjölga bílastæðum við leikskólann og er tillaga þess efnis er í umfjöllun þegar þessi skýrsla er gerð. Sú framkvæmd yrði þó ekki hluti að verkefninu Skemmtilegar leikskólalóðir.

- Endurnýja þarf hluta norðurgarðs og svæði við húsgafli og leiktæki sem þar eru. Einnig þarf að endurnýja undirlag í suðurgarði og endurskoða hluta svæðisins.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2005	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2005	1	3	Gróðursæld	1
Ungbarnaróla	2005	1	2	Eldstæði	1
Stauraróla	2005	1	2	Grasbrekka	1
Sandkassi, stór	1993	1	4	Stór stétt eða malbik	2
Sandkassi, litill	2005	1	2	Malarsvæði	1
Klífurveggur	2005	1	3	Timburpallur	1
Klífurrampur í brekku	1993	1	2	Bekkir	1
Jafnvægisslá	2005	1	1	Borð með bekkjum	1
Litill kastali m. rennibr.	2005	1	3		
Kastali	2005	1	4		<b>10</b>
Rennibraut í kastala	2005	1	2		
Bill	2005	1	2		
Karfa		1	2		
Sparkveggur	1993	1	1		
"Drullumaltseldhús"		1	2		
Borð í sandkassa 1.		1	1		
Borð í sandkassa 2.	2005	1	1		
		<b>18</b>	<b>40</b>		

Tafla 23.



Mynd 49. Suðurlóð Fögrubrekku. FB.

# LEIKSKÓLINN FÍFUSALIR



Leikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli sem tók til starfa síðla árs 2001. Skólinn er í Salahverfi þar sem stutt er í ósnortna náttúru. Áhersla er lögð á heilbriggt lífverni, jákvæð samskipti, uppgötvunarnám


og umhverfismennt. Einkunnarorð skólans eru: virðing - uppgötvun - samvinna. Leikskólinn byggir hugmyndafræði sína á kenningum John Dewey um uppgötvunarnám, lýðræði og kenningum Berit Bae um samskipti barna og kennara.

Börn í Fífusölum í desember 2016 voru 113 og starfsmenn voru 39 í 33,05 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Fífusalir er á Salavegi 4 (landnr. 188061) og var byggður 2001. Grunnflötur skólabyggingar er 794 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

	2005	2010	2016
1 árs börn	5	8	14
2 ára börn	42	31	29
3 ára börn	25	35	27
4 ára börn	22	23	20
5 ára börn	24	23	23
Samtals	118	120	113



Tafla 24. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Fífusölum.



Mynd 50. Leikskólinn Fífusalir sumarið 2009. BM

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 3.450 m<sup>2</sup> en það svæði sem er innan girðingar er 3.520 m<sup>2</sup> sem gera um 31,7 m<sup>2</sup> pr. barn. Lóð Fífusala fékk árið 2005 viðurkenningu umhverfisráðs Kópavogsbæjar fyrir hönnun.

Lóðargerð lauk 2001 áður en leikskólinn tók til starfa. Síðan þá hafa aðeins verið minniháttar lagfæringar á lóð, auk reglubundins viðhalds. Árið 2015 var gert bílastæði hreyfihamlaðra og bætt aðgengi við aðkomu og farið í lítilsháttar lagfæringar á lóð.

Leiktæki á lóð eru alls 25. Upplýsingar um leiktækin og aldur þeirra er að finna í töflu 25. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er öryggismöl.

Bílastæði eru 33 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu. Fjöldi ljósastólpa er 10 og aðrir 3 eru við bílastæði. Auk þess eru 18 útiljós á húsi.

Girðingar umhverfis lóð eru um 230 m, aðallega úr stálgrindum en hluti er úr timbri. Aðalhlíð er við bílastæði að vestanverðu en einni er hlið frá göngustígi að sunnanverðu.

Ungbarnasvæði, afgirt með lágrí girðingu, er við austurgafli hússins.

Matjurtagarður er á afgangu svæði við vestugafli hússins. Þar eru einnig berjarunnar og safnkassar.

Sorpgerði með timburgirðingu er við aðalhlíð. Leikfangaskúr úr timbri er við sandkassa sunnan húss.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram



Mynd 51. Leikskólinn Fífusali í júlí 2015. LUKK



að í Fífusölum sé mest notaði lóðarhlutinn grasvöllur sem sé orðinn að algjörri drullu og ónýtur, en einnig rólur, kofar, kastali og hóllinn. Það sé ekki hægt að vera í sandkassanum þegar það sé frost og að börnin renni mikið á hólnum þegar það sé snjór. Áhugi er á sérstöku vatnssvæði á lóð. Leikskólinn hafi verið með grænmetisræktun er það ræktast illa og síðan öllu verið stolið í sumarfríinu. Rífsberjarunnar á lóð og eru m.a. nýttir í sultugerð.

Fífusalir nýta gæsluvöllinn Hvammsvöllur við Hvammsveg, lóð Salaskóli, leikvöll í Ársölum og aðra leikvelli í kring. Útikennslusvæði þeirra er Rjúpnalundur en það er of lítið notað, langt að fara yfir vetratímamann og fleira sem hamlar. Gönguleiðir á þessa staði séu þó finar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð frá foreldrafélagi og starfsmanna Fífusala kemur fram að það sé samdóma álit þeirra að koma þurfi lóðinni í ásættanlegt horf áður en farið er í aðrar breytingar.

Sinna þurfi almennu viðhaldi betur og laga drenlagnir á mörgum stöðum. Aðrar hugmyndir sem taldar eru nauðsynlegar eru að setja mjúkt undirlag, fá rólur fyrir yngstu börnin, gera sparkvöll og að laga vatnshana. Þá þurfi að gera átak í matjurtagarði, grisja berjarunna, setja skít í beð, tæma tunnur og safnkassa. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Búið er að taka til hendinni í matjurtagarðinum. Finna þarf strax viðunandi lausn vegna vatnssöfnunar á lóð, hugsanlega með því að hækka land undir brú á hjólastíg. Lóðin ber ekki eiginlegan sparkvöll en hægt væri að setja gervigras á svæði sem notað er til boltaleikja en verður alltaf að svæði vegna álags.

- Á næstu árum fer að koma tími til endurnýjunar leiktækja vegna aldurs og þá verður einnig skipt um undirlag o.fl.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri	2001	1	3
Róla 2., eldri	2001	1	3
Ungbamaróla 1.	2001	1	2
Ungbamaróla 2.	2001	1	2
Sandkassi, stór	2001	1	4
Sandkassi, litill	2001	1	2
Klifurveggur	2001	1	3
Klifurgrind	2001	1	3
Jafnvægisslá 1.	2001	1	1
Jafnvægisslá 2.		1	1
Gormtæki 1.	2001	1	2
Gormtæki 2.		1	2
Kofi við sandkassa a-m	2001	1	2
Kofi 1.	2001	1	2
Kofi 2.	2001	1	2
Kofi 3.	2001	1	2
Kastali	2001	1	4
Rennibraut í kastala	2001	1	2
Litil rennibraut	2001	1	2
Hringekja	2001	1	2
Bátur	2001	1	2
Vegasalt 1.	2001	1	2
Vegasalt 2.	2001	1	2
Karfa		1	2
Borð í sandkassa	2001	1	1
Vatnspóstur	2001	1	1
		<b>26</b>	<b>56</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Berjarunnar	1
Gróðursæld	2
Útivatnskrani	1
(Hjóla)-stigur	2
Brú	1
Grasflöt	1
Hóll	1
Grjót	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Timburpallur	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	1
	<b>16</b>

Tafla 25.



Mynd 52. Biðskylda við hjólastíg í Fífusölum. GH.

# LEIKSKÓLINN FURUGRUND



Leikskólinn Furugrund hóf starfsemi sína 1978. Furugrund er í grónu íbúðarhverfi við Fossvogsdalinn, sem býður upp á óþrjótandi möguleika hvað varðar útvíst og vettvangsferðir allt árið. Furugrund er fjögurra deilda leikskóli. Helstu


áherslur eru: Að rækta með börnunum sjálfstæði og sjálfsaga. Áhersla er lögð á þrjár grunnþarfir: öryggis-, sjálfsvirðingar- og félagslega þörf. Daglegt starf er byggt upp með þessi markmið í huga. Frjáls leikur er grunnur en þættir eins og þemastarf, leikfimi, matartímar og samverustundir eru stærstu hjálpartækin í uppeldisstarfinu.

Börn í Furugrund í desember 2016 voru 72 og starfsmenn voru 30 í 25,65 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Furugrund er í Furugrund 1 (landnr. 114391), byggður árið 1977 en byggt var við hann til austurs 1988. Grunnflötur leikskólabyggingar er 536 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	4	10	8	5
2 ára börn	9	14	19	19
3 ára börn	21	16	18	15
4 ára börn	31	24	16	16
5 ára börn	16	15	16	17
Samtals	81	79	77	72



Tafla 26. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Furugrund.



Mynd 53. Leikskólinn Furugrund í júlí 2015. LUKK.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 1.342 m<sup>2</sup> en svæði innan girðingar er 1.670 m<sup>2</sup>, mælt af loftmynd. Því eru um 23,2 m<sup>2</sup> lóðar pr. barn í Furugrund, sem er það næst minnsta á leikskólum Kópavogs.

Á árunum 1997-1998 var hluti lóðar og leiktækja endurnýjaður. 2004-2005 var farið í endurnýjun girðinga og hluta leiktækja. 2013-2014 var lóðin svo til öll endurgerð og stór hluti leiktækja endurnýjaður.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 27. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktækin er gúmmihellur.

Bílastæði eru 20 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólástæði (-bogar) eru 5.

Lýsing á lóðinni tengist inn á rafmagn hússins og eru þar 2 ljósastólpar, auk tveggja ljósastólpa við bílastæði sem tengjast gatnalýsingu. 17 útiljós eru á húsi.

Girðing umhverfis lóð eru um 150 m langar og er úr timbri. Hlið er að austanverðu, við bílastæði.

Stórt ungbarnasvæði, afgirt með lágrí girðingu, er á austurhluta lóðarinnar.

Sorpgerði er við vesturgafli húss, næst gangstétt.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í kastalinn, rólur og sandkassar séu það vinsælasta í Furugrund og að notkun svæða breytist ekki eftir árstíðum. Áhugi er á sérstöku vatnssvæði á lóðinni. Ekki sé rými til að vera með grænmetisræktun en leikskólinn leigir tvo skólagarða við Víðigrund á sumrin og áhugi sé á að nýta berjarunna í leikskólalastarfinu.

Furugrund nýtir Fossvogsdalinn og skógræktina, boltasvæði í nágrenninu á sumrin og sleðabrekku á veturna. Útikennslusvæðið er Asparlundur í Fossvogsdal. Leikskólinn hefur aðgang að gamla íþróttasalnum í Snælandsskóla alla morgna frá 9-1. Gönguleiðir á þessa staði eru öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð leikskólalastjóra kemur fram að lóðin sé í alla staði til fyrirmyndar eftir gagngerar endurbætur 2013-2014. Þó væri skammtilegt og til bóta að fjölga leiktækjum, bæta aðgengi að vatni og koma fyrir innréttingu sem bíður upp á búleik. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Bætt aðgengi að vatni ætti varla að vera stórmál og verður skoðað strax.

- Fjölgun leiktækja gæti verið vandasöm vegna smáðar lóðarinnar. E.t.v. ætti að huga að þeim málum í tengslum við endurnýjun kastala, sem er eina tækið sem ekki var endurnýjað 2013-2014.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stíg	Leiktækifæri	Stíg
Róla 1. Körfuróla	2014	1	3	Berjarunnar	1
Róla 2. eldri	2014	1	3	Gróðursæld	1
Ungbarnaróla	2013	1	2	Útivatnskrani	1
Sandkassi 1.(stærri)	2014	1	4	(Hjóla)-stígur	1
Sandkassi 2.(minni)	2013	1	2	Grasbrekka	1
Klifurgrind	2005	1	3	Grjót	1
Gormtæki	2013	1	2	Stór stétt eða malbik	1
Kofi	1998	1	2	Setpallar	1
Kastali	2005	1	4	Bekkir	2
Rennibraut í kastala	2005	1	2	Borð með bekkjum	1
Stór rennibraut í brekku	2014	1	3		
Lítil rennibraut	2013	1	2		
Karfa		1	2		
		<b>13</b>	<b>34</b>		<b>11</b>

Tafla 27.



Mynd 54. Fjölbreytt yfirborð í Furugrund. FB.

# LEIKSKÓLINN GRÆNATÚN



Leikskólinn Grænatún tók til starfa 1984. Grænatún er þriggja deilda leikskóli í nálægð við Fossvogsdal sem býður upp á skemmtilega útivist allt árið. Helstu áherslur eru virkt nám barnsins þannig að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir

sjálft. Leikurinn er þungamiðjan en einnig er rík áhersla lögð á hinar daglegu þarfir. Þá er unnið markvisst með hreyfingu, myndlist og tónlist.

Börn í Grænatúni í desember 2016 voru 64 og starfsmenn 26 í 21,36 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Grænatún er í Grænatúni 3 (landnr. 114481). Hann var byggður árið 1984 en byggt var við hann til norðurs árið 2004. Grunnflötur leikskólabyggingar er 475 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins), þar af er flatarmál viðbyggingar 55 m<sup>2</sup>.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 2.900 m<sup>2</sup> en það svæði sem er innan girðingar er 2.110 m<sup>2</sup>, mælt af loftmynd, þ.e. um 32,5 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 1998 var farið í endurnýjun hluta leiktækja og lóðar. 2004 var haldið áfram endurnýjun leiktækja og stétta og þá var lóð stækkuð til norðurs við viðbyggingu. 2008 var bætt aðgengi við bílastæði og hlið og girðing að sunnanverðu endurnýjuð. Árið 2016 var unnið í endurgerð lóðar og leiktækja, fyrri áfanga.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 29 og miðast við stöðuna þegar endurgerð lóðar verður lokið. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist gúmmihellur eða gervigras.


Bílastæði eru 15 talsins, þar af eitt bílastæði hreyfihamlaðra, staðsett við Brekkutún. Hjólastæði eru engin

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu. 6 ljóastólpar eru á lóð auk tveggja annarra við bílastæði. Á húsi eru 5 útiljós.

Girðingar umhverfis lóð eru úr timbri, alls um 210 m að lengd. Um 100 m af því er upprunalega girðing frá 1984. Aðalhlið er í suðvestur horni lóðar en auk þess er hlið að vestanverðu, við Brekkutún.

Ungbarnasvæði, afgangur með lágri girðingu, er vestan megin við hús. Matjurtaþé eru nærri stétt við hús á vesturhluta lóðarinnar. „Náttúrusvæði“, líkt og í Dal, er fyrirhugað að þeim hluta lóðarinnar sem á eftir að endurnýja.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	1	2	2
2 ára börn	9	17	16	16
3 ára börn	20	22	19	13
4 ára börn	23	13	12	12
5 ára börn	20	11	16	21
Samtals	72	64	65	64



Tafla 28. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Grænatúni.



Mynd 55. Leikskólinn Grænatún haustið 2002. FB



Mynd 56. Leikskólinn Grænatún í júlí 2015. LUKK.

Sorpgerði er vestan við hús, með aðkomu frá Brekkutúni. Leikfangaskúr er ekki á lóðinni en fyrirhugað er að setja upp tvo „leikfangaskápa“ við girðingar.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Grænatúni séu rólurnar, bíllinn og gervigrasið í mestri notkun en eftir breytinguna á lóðinni séu öll þau svæði sem eru á lóðinni verið vel nýtt og notkun dreifist mjög vel. Áhugi er á sérstöku vatnssvæði á lóð og grænmetisræktun og berjarrunnar eru nýttir.

Grænatún nýtir Fossvogsdalinn og sleðabrekku fyrir neðan leikskólann. Útikennslusvæði þeirra er Asparlundur við Snælandsskóla. Gönguleiðir þangað eru öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð starfsfólks og foreldraráðs Grænatúns kemur fram að lóðin hafi verið gerð upp sumarið 2016 og að áætluð verklok séu vorið 2017. Sú framkvæmd hafi verið til fyrirmyndar, bæði af hálfu Kópavogsbæjar, arkitekta og framkvæmdaraðlia og starfsfólk og foreldrar sé mjög sátt við verkið allt. Samráð hafi verið mikið og þau hafi fengið að koma með sínar hugmyndir við gerð lóðarinnar þegar drög lágu fyrir. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Eins og fram kemur er fyrirhugað að ljúka síðari áfanga lóðarinnar vorið 2017. Í því felst m.a. gerð „náttúrusvæðis“ með þrautabraut í suðurhluta lóðar, gróðursetning, endurnýjun hluta girðingar o.fl.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri v-m	2016	1	3
Róla 2., eldri a-m	2016	1	3
Ungbamaróla	2016	1	2
Sandkassi v-m	2016	1	4
Sandkassi a-m	2016	1	2
Klifurgrind	2004	1	3
Gormatæki 1., köttur	2016	1	2
Gormatæki 2., hestur	2016	1	2
Kofi 1.	2016	1	2
Kofi 2.	2016	1	2
Ungbarnakofi	2016	1	2
Kastali	2004	1	4
Rennibraut í kastala	2004	1	2
Stór rennibraut í brekku	2014	1	3
Ungbarnarennibraut	2016	1	2
Bill		1	3
Lítil mörk		2	2
Karfa		1	2
Borð í sandkassa 1.		1	1
Borð í sandkassa 2.		1	1
		<b>21</b>	<b>47</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Berjarrunnar	1
Gróðursæld	1
Drullumallssvæði	1
(Hjóla)-stigur	1
Eldstæði	1
Náttúrusvæði	2
Boltasvæði	1
Sleðabrekka	1
Grasbrekka	1
Grjót	1
Stór stétt eða malbik	1
Timburpallur	1
Setpallar	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	1
	<b>17</b>

Tafla 29.



Mynd 57. Hluti nýrrar lóðar í Grænatúni. GH.



Mynd 58. Nýtt ungbarnaleiksvæði í Grænatúni. GH.

# LEIKSKÓLINN KÓPAHVOLL



Leikskólinn Kópahvöll tók til starfa 1970 og er næst elsti leikskóli bæjarins. Kópahvöll er í austurbæ Kópavogs og stendur við Víghólinn, sem er friðað svæði. Útsýni þaðan er stórbrotið og mikið ku vera um álfa og huldufólk í umhverfinu. Kópahvöll er fjögurra deilda leikskóli.


Helstu áherslur þar eru: Menning, list, lífsleikni, útivera og skapandi starf.

Börn í Kópahvoli í desember 2016 voru 80 og starfsmenn voru 21 í 18,69 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Kópahvöll er á Bjarnhólastíg 26 (landnr. 113894). Hann var byggður 1969 og var þá tæpir 200 m<sup>2</sup>. 1993 var byggt við hann 244 m<sup>2</sup> skv. teikningu. Bjarnhólastígur 21, „Græna messan“, er 114 m<sup>2</sup> timburhús, byggt 1975 sem safnaðarheimili Digranessóknar. Leikskólinn hefur notað húsið frá 1995 og þar er nú Krummadeild.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	5	10	4
2 ára börn	6	19	20	19
3 ára börn	25	26	22	17
4 ára börn	28	18	18	23
5 ára börn	27	14	12	17
<b>Samtals</b>	<b>86</b>	<b>82</b>	<b>82</b>	<b>80</b>



Tafla 30. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Kópahvoli.



Mynd 59. Leikskólinn Kópahvöll haustið 2003. Krummadeild er fremst á myndinni og Víghóll efst, hægra megin. FB

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð Kópahvols er óskráð skv. FMR en lóð Krummadeildar er þar skráð 160 m<sup>2</sup>. Svæði sem er innan girðingar er um 3.210 m<sup>2</sup>, mælt af loftmynd sem er um 40,1 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 1993-1995 var farið i endurgerð og stækkun lóðar við viðbyggingu og Krummadeild, ásamt endurnýjun leiktækja. 2010 var hluti leiktækja endurnýjaður, gert ungbarnaleiksvæði o.fl.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 31. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktækin er gúmmihellur.

Ekkert sérmerkt bílastæði er fyrir hreyfihamlaðra en aðstaða fyrir slíkt er við stíg norðan leikskólans, með aðkomu frá Lyngheiði. Þar er einnig vöru- og neyðaraðkoma, ásamt sorplosun. Hjólasteræði eru og eru staðsett við hlið að norðanverðu.

Lýsing á lóðinni tengist rafmagni húss og eru þar 5 ljósastólpur en auk þess eru 13 útiljós á húsum. Þrjú ljósastóplar eru við bílastæði og tengjast þeir gatnalýsingunni.



Mynd 60. Leikskólinn Kópahvoll í júlí 2015. LUKK.



Girðingar umhverfis leikskólalóðina er úr timbri og er alls um 160 m. Þrjú hlið eru inn á lóðina, að vestan-, norðan- og austanverðu.

Ungbarnasvæði er við suðurgafli hússins.

Enginn matjurtagarður er á lóðinni.

Sorpgerði er við hlið að austanverðu. Leikfangaskúr (einingahús) er á lóðinni.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Kópahvoli sé það miðsvæðið, sandkassinn, rólurnar og kastalinn sem er í mestri notkun en í snjó á veturna sé brekkan vinsæl. Mikill áhuga er á því að vera með vatnssvæði á lóð. Enginn sérstakur áhugi er á grænmetisræktun en meiri að nýta berjarunna í leikskólastarfinu.

Víghólasvæðið er vel nýtt af Kópahvoli, eldri deildirnar nota fótboltavöll þar og útikennslusvæðið er líka á Víghól. Gönguleiðir eru mjög öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Við vinnslu greinagerðar Kópahvols gafst öllum starfsmönnum leikskólans kostur á að koma tillögum sínum á framfæri, bæði með hliðsjón af uppeldislegu gildi leikvallar og vegna öryggis og eðlilegs viðhalds. Auk þess var tekið tillit til ábendinga frá foreldraráði skólans, m.a. úr viðamikilli foreldrakönnun þar sem rúmlega 90% foreldra tóku þátt í og þar bærust margar ábendingum varðandi upplifun þeirra á skólalóðinni. Þau atriði sem nefnd voru tók leikskólastjóri saman, flokkaði og setti í fjóra meginflokka sem eru: öryggismál, uppeldis- og menntunarlegt gildi, umhverfisgildi og viðhald á útisvæði.

Öryggismál: Fá girðingu á milli efri og neðri garðs og laga girðingu á svæði yngstu barnanna. Lagfæra þarf hellur, tröppur og göngustíg að skólanum svo og hliðin. Huga að undirlagi og setja gúmmihellur víða, minnka malarsvæðin. Ath. þak á Krummadeild en þar safnast mikið af grýlukertum á veturna. Yfirfara svæði við girðingu umhverfis skólann.

Uppeldis- og menntunarlegt gildi: Færa sandkassa og / eða breyta, fjölga leiktækjum, fá t.d. langan rugguhest eða strætó, vegasalt, litla kofa til leikja, fleiri rólur, affalstunnur frá rennum til vatnsleikja og minnka eða taka burtu jafnvægisslá.

Umhverfisgildi: Yfirfara gróður, breyta svæði meðfram húsi, gera litla garðinn skjólsælli eða færa á skjólsælli stað. Bæta aðgengi að leikskólanum fyrir hreyfihamlaða og setja nýjar tröppur á Krummadeild, jafnvel yfirbyggðar

Viðhald á útisvæði: Fá nýtt net yfir báða sandkassana, yfirfara girðingu, setja nýjar tröppur við Krummadeild og mála leiktæki.

Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Að laga hellur, laga eða endurnýja hlið, yfirfara girðingar, gera ráðstafanir vegna grýlukerta, fá net yfir sandkassa, mála leiktæki o.fl. fellur allt undir reglubundið viðhald og verður gert óháð öðrum verkum.

- Ekki er þörf á algerri endurnýjun lóðar og leiktækja á næstunni en sum leiktækjanna eru að koma á tíma. Samhliða endurnýjun þeirra þarf að athuga með fjölgun tækja, endurnýja undirlag, breyta svæði næst húsi og athuga skiptingu lóðar með girðingu. Síðast en ekki síst þarf að endurnýja tröppur frá Bjarnhólastíg eða bæta aðgengi á annan hátt.
- Bæta þarf göngutengingar á bílastæðum og lýsingu þar, sbr. tillögu sem fór í kosningu í Okkar Kópavogur.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2010	1	3	Gróðursæld	1
Róla 2., eldri	2010	1	3	Fuglahús	1
Sandkassi I.	1995	1	4	(Hjóna)-stigur	1
Sandkassi II.	1995	1	4	Sleðabrekka	1
Sandkassi, litill	2010	1	2	Grasbrekka	1
Jafnvægisslá	2010	1	1	Grasflöt	1
Gormtæki 1.	2010	1	2	Grjót	1
Gormtæki 2.	2010	1	2	Stór stétt eða malbik	1
Gormtæki 3.		1	2	Malarsvæði	1
Gormtæki 4.		1	2	Timburpallur	1
Kastali	2010	1	4	Bekkir	1
Rennibraut í kastala	2010	1	2	Borð með bekkjum	1
Stór rennibraut í brekku	1995	1	3		
Ungbarnakastali m. r.br.	2010	1	3		
Göngubrú á ungb.sv.	2010	1	2		
"Drullumallseldhús"		1	2		
Borð í sandkassa		1	1		
		<b>17</b>	<b>42</b>		<b>12</b>

Tafla 31.



Mynd 61. Rennibraut í Kópahvoli. GH.

# LEIKSKÓLINN KÓPASTEINN



Leikskólinn Kópasteinn hóf starfsemi árið 1964 og er fyrsti leikskólinn í Kópavogi. Einkunnarorð leikskólans eru: Gaman saman. Leikskólinn stendur í jaðri Borgarholts, sem er friðlýst náttúruvætti, og er í göngufæri við helstu menningarstofnanir

Kópavogsbæjar. Kópasteinn er fjögurra deilda leikskóli, tvær yngri deildir og tvær eldri. Áherslur í starfi eru þessar helstar: leikur, upplifun, samvera, gleði. Samverustundir og vinnustundir eru dag hvern og þar er m.a. unnið með tónlist, skapandi starf, hreyfingu, stærðfræði, lífsleikni og margt fleira.

Börn í Kópasteini í desember 2016 voru 70 og starfsmenn voru 29 í 24,75 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Kópasteinn er á Hábraut 1 (landnr. 114508). Lokið var við fyrsta áfanga hans árið 1964 en byggt var við leikskólann til austurs um 1982. Grunnflötur leikskólabyggingar er 542 m<sup>2</sup> en flatarmál bygginga alls er 715 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð Kópasteins er skv. FMR er óskráð en svæðið innan girðingar er um 2.550 m<sup>2</sup> sem er um 34,9 m<sup>2</sup> pr. barn. Um 1.200 m<sup>2</sup>, eða tæpur helmingur lóðarinnar, er innan jaðarsvæðis friðlýsingar Borgarholtsins.

1997-1998 var stór hluti lóðar endurgerður og leiktæki endurnýjuð. Árið 2008 var hluti lóðar endurgerður, gert ungbarnaleiksvæði o.fl. Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 33. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist öryggismöl, gúmmíhellur eða -mottur.

Bílastæði norðan húss eru 16 talsins, ekkert þeirra er sérmerkt fyrir hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru 5 talsins og eru fest á húsvegg við bílastæði.

5 ljóastólpar eru á lóðinni, þar af tveir með tvo lampa, og aðrir tveir við bílastæði, allir tengdir inn á gatnalýsingu. Auk þess eru 8 útiljós á húsinu.


Girðing úr timbri er umhverfis lóðina og er um 210 m að lengd. Hlið inn á lóðina er frá gangstétt austan hússins.

Ungbarnasvæði, afgirt lágri girðingu, er sunnan við vesturhluta leikskólans.

Sorpgerði er við bílastæði norðan húss. Leikfangaskúr (einingahús) er á lóðinni norðanverðri.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Kópasteini sé holtið, sandkassar og hjólastígar þau svæði sem eru í mestri notkun. Holtið geti verið ófært á vetrum vegna hálfu og eða leysinga á vorin. Lóðin sé í

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	3	6	12	4
2 ára börn	12	18	22	24
3 ára börn	23	13	13	15
4 ára börn	27	18	12	12
5 ára börn	19	16	15	15
Samtals	84	71	74	70



Tafla 32. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Kópasteini.



Mynd 62. Leikskólinn Kópasteinn sumarið 2009. BM



Mynd 63. Lóð Kópasteins sumarið 1993. FB

klakaböndum að mestu sbr. síðasta vetur. Foreldrar hafi kvartað, vildu útiveru, en starfsmenn treystu sér ekki í þá ábyrgð vegna hálfu o.fl. Leikskólinn hefur góðan aðgang að vatni, tvo útistúta og slöngur til vatnsleikja. Mikill áhugi er á að auka grænmetisrækt, núverandi matjurtagarður sé lítill, en áhugi sé á að vera með meiri tilraunir og hafa meira rými. Berjarunnar á lóð eru nýttir, ekki sé eitt ber eftir í lok sumars, allt ofan í maga ... sem sé best.

Kópasteinn nýtir Borgarholtið og leiksvæði í kringum Marbakka og á Rútstúni. Boltavöllur er hinu megin við götuna en hefur lítið verið sóttur. Útikennslusvæði þeirra er Ævintýraskógurinn á Kópavogstúni en þangað er of langt að fara og hefur því verið óskað eftir slíkri aðstöðu í leikskólalóðinni. Gönguleið á staðina telja þau örugga, annars færu þau ekki.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Greinargerð Kópasteins kemur frá leikskólastjóra og foreldraráði. Þar kemur fram að lóðin þarfnist viðhalds með megin áherslu á tvö svæði. Það fyrra er svæðið við Hábraut sem sé orðið illa farið. Þar er hugmynd að gera „sull og drull“ svæði, jafnvel afmarkað. Hitt svæði er við „Stóra stein“ sem er kennileiti í lóðinni og mikið notaður. Þar hugmynd um að girða af svæði í norðvestur horni lóðarinnar þar sem steininn er til að tryggja öryggi. Þar væri hægt að setja upp aðstöðu fyrir eldstæði og útikennslu með eldri börnunum. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Lagfæring girðingar er viðhaldsmál sem verður farið í á næstunni, óháð þessu verkefni.

- Setja upp girðingu í holtinu norðanverðu og gera þar útikennslusvæði.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri	2015	1	3
Róla 2., eldri	2016	1	3
Ungbamaróla	2008	1	2
Sandkassi, stór	2008	1	4
Sandkassi, litill	1998	1	2
Sandkassi á ungb.sv.	2008	1	2
Klifurgrind		1	3
Gormtæki 1., 4 sæta	2008	1	3
Gormtæki 2. hrútur	2008	1	2
Gormtæki 3. selur	2008	1	2
Gormtæki 4. fill	2008	1	2
Kofi	1998	1	2
Ungbarnakastali m. r.br.	2008	1	3
Bogakastali	1998	1	2
Rennibraut	2008	1	2
Bill	2008	1	3
Karfa		1	2
Borð í sandkassa (stór)		1	1
Borð í sandkassa (litill)		1	1
		<b>19</b>	<b>44</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Berjarunnar	1
Gróðursæld	1
Útivatnskrani	1
Náttúrusvæði	1
Boltasvæði	1
Sleðabrekka	1
Grasflöt	1
Grjót	2
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Bekkir	2
Borð með bekkjum	1
	<b>15</b>

Tafla 33.



Mynd 64. Leikskólinn Kópasteinn í júlí 2015. LUKK.

# LEIKSKÓLINN KÓR (heilsuleikskóli)



Leikskólinn Kór (heilsuleikskóli) var opnaður 1. júní 2006 og er einkarekinn af Skólum ehf. Leikskólinn, sem er sex deilda, er fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára aldurs. Kjörorð leikskólans eru „heilbrigð sál í hraustum líkama“. Markmið


heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og mikla hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa. Markmið heilsustefnunnar er jafnframt að stuðla að heilsuefingu í leikskólasamfélaginu.

Börn í Kór í desember 2016 voru 123 og starfsmenn voru 35 í 33,47 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Kór er í Baugakór 25 (landnr. 131165) og var byggður árið 2006. Grunnflötur leikskólabyggingar er 842 m<sup>2</sup> auk 12 m<sup>2</sup> skúrs, alls 854 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins).

	2010	2016
1 árs börn	0	8
2 ára börn	34	26
3 ára börn	23	23
4 ára börn	26	25
5 ára börn	41	41
<b>Samtals</b>	<b>124</b>	<b>123</b>



Tafla 34. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Kór.



Mynd 65. Leikskólinn Kór í júlí 2015. LUKK.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 7.000 m<sup>2</sup> en lóð sem er innan girðingar er um 5.330 m<sup>2</sup> sem gera um 44,4 m<sup>2</sup> pr. barn.

Lokið var við lóðina vorið 2006 áður en leikskólinn tók til starfa. Minniháttar lagfæringar voru gerðar 2008 en síðan þá hefur aðeins verið sinnt venjubundnu viðhaldi og engar stórvægilegar breytingar verið gerðar á lóð eða leiktæki endurnýjuð.

Leiktæki eru alls 22. Upplýsingar um og aldur þeirra er að finna í töflu 35. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist gúmmihellur eða öryggismöl.

Bílastæði eru 30 talsins, þar af 6 sem gerð voru 2014. Eitt bílastæðanna er ætlað hreyfihömluðum. Hjólstæði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu og eru þar 8 ljósastólpar auk lýsingar við bílastæði. 7 útiljós eru á húsi.

360 m löng stálgrindagirðing umlykur lóðina og hlið er við bílastæði.

Matjurtagarður er á afgirtu svæði norðaustan við hús. Þar eru einnig safnkassar og moltugerð.

Ekkert afgirt ungbarnasvæði er á lóðinni.

Sorpgerði er við bílastæði, vestan hússins. Leikfangaskúr er með steypum sökkli er staðsettur norðan við húsið.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Kór eru rólusvæðin, kastalinn og sandkassi vinsælast. Á veturna sé minna verið austan megin við skólann vegna veðurs, meiri rok, rigning og snjór þar. Áhugi er að fá sullusvæði á lóð. Einnig að vera með grænmetisrákt en að lagfæra þurfi græmetisgarðana sem í dag séu fiskikör. Leikskólinn nýtir berjarunnana sem eru allt í kringum lóðina.

Leikskólinn notar gervigrasvöllurinn í Kórnum og sleðasvæðið á milli húsanna í Baugakór / Flesjakór. Magnúsarlundur á Kjóavöllum er útikennslusvæði Kórs og móinn fyrir ofan Kórahverfið. Einnig allt hverfið þegar leikskólinn er í vettvangsferðum með börnunum. Börnin hafa fengið að fara í íþróttir í Kórnum. Gönguleiðirnar telja þau öruggar en það þurfi að skipta þeim í hjóla- og göngustíga því ítrekað er verið að mæta vespum og hjólum á miklum hraða sem veldur slyshættu.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Haldinn var fundur í foreldraráði Kórs um hverju mætti breyta á lóðinni. Síðan var annar fundur með starfsfólki. Afraksturinn er eftirfarandi hugmyndir:

Setja gúmmímottur undir kastala og við hringekju, bent er á að tækin séu of há. Fjarlægja sulluker og setja körfuboltaspijald í staðinn. Vantar hjóla- og vagnageymsla. Setja timburstalla í brekkuna austanmegin (eins og er

í Dal) og rennibraut öðru megin við. Setja ný og hærri tré að austanverðu til að mynda skjól. Fá nokkra kofa til leikja og fótboltamörk. Setja upp edstæði og fasta bekki í kring. Hækka beð í matjurtagarði og setja meiri mold eða nota svæðið sem sullusvæði. Laga ræsi svo vatn flæði frá. Tilflutningur á trjágróðri innan lóðar. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Lagfæring á ræsi er viðhaldsmál sem ætti að leysa strax, óháð þessu verkefni.

- Leiktæki á lóðinni eru tiltölulega ný og verða ekki endurnýjuð á næstu árin vegna aldurs. Þegar farið verður í meiri lagfæringar á lóð þarf að setja gúmmihellur og gervigras undir leiktæki, fjölga leiktækjum, setja upp eldstæði, auka trjágróður til skjólmyndunar o.fl. Þessi verk þurfa ekki að vera unnin öll í einu.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri	2006	1	3
Róla 2., eldri	2006	1	3
Róla 3., eldri	2006	1	3
Ungbarnaróla	2006	1	2
Körfuróla	2006	1	3
Sandkassi 1.	2006	1	3
Sandkassi 2.	2006	1	3
Sandkassi 3.	2006	1	3
Klifurgrind	2006	1	3
Jafnvægisslá	2006	1	1
Gormtæki 1.	2006	1	2
Gormtæki 2.	2006	1	2
Kofi 1.	2006	1	2
Kofi 2.	2006	1	2
Kastali	2006	1	4
Rennibraut í kastala	2006	1	2
Hringekja	2006	1	2
Bátur	2006	1	2
Veltipétur	2006	1	2
Rör í sandkassa	2006	1	1
Karfa	2006	1	2
Vatnsleiktæki	2006	1	1
		<b>22</b>	<b>51</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Gróðursæld	1
Útivatnskranir	1
(Hjóla)-stigur	1
Stauráþyrping	1
Sleðabrekka	1
Grasbrekka	1
Grasflöt	1
Hóll	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Bekkir	1
Borð með bekkjum	2
	<b>14</b>

Tafla 35.

# LEIKSKÓLINN LÆKUR



Leikskólinn Lækur er sex deilda leikskóli sem varð til við sameiningu leikskólanna Smárahvamms og Kjarrsins árið 2011. Kjarríð var einkarekinn leikskóli frá byggingu til 2011. Deildirnar á Læk eru aldurskiptar, eldri börnin eru í Stóra Læk (sem áður hét

Smárahvammur) og yngri börnin í Litla Læk (sem áður hét Kjarríð). Leikskólinn er í Kópavogsdal, þar sem stutt er í góð og skemmtileg útivistarsvæði á öllum árstímum. Leikskólinn hefur einnig afnot af Lækjavelli, fyrrum gæsluvelli við Lækjarsmára, sem nýtist sem útiskóli. Lækur er opinn leikskóli þar sem meiginhluti leikrýmis barnanna er notað sameiginlega en hver deild er með sína heimastofu. Lækur starfar í anda hugsmíðahyggu og eru einkunnarorð skólans sjálfræði, hlýja og virðing.


Börn í Læk í desember 2016 voru 129 og starfsmenn 2016 voru 37 í 35,80 stöðugildum.

Lækur hefur aðgang að Lækjavelli, fyrrum gæsluvelli sem gerður var árið árið 1998 og liggur á milli Litla- og Stóra-Lækjar. Lóðin þar er um 1.850 m<sup>2</sup> að stærð. Leikskólinn Lækur (Stóri-Lækur)



Mynd 66. Lækjavöllur. FB.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	5	15	12
2 ára börn	9	22	20	24
3 ára börn	45	21	22	33
4 ára börn	24	21	15	35
5 ára börn	29	27	21	25
<b>Samtals</b>	<b>107</b>	<b>96</b>	<b>93</b>	<b>129</b>



Tafla 36. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Læk.



Mynd 67. Leikskólinn Lækur haustið 2002. Litli Lækur nær, Stóri Lækur fjær. Lækjavöllur þar á milli. FB

# LEIKSKÓLINN LÆKUR (STÓRI - LÆKUR)

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Stóri-Lækur (áður Smárahvammur) er í Lækjasmára 114 (landnr. 131165) og var byggður árið 1994. Flatarmál leikskólabyggingarinnar er 632 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð Stóra-Lækjar er 3.111 m<sup>2</sup> skv. FMR. Lóð innan girðingar mælist um 3.360 m<sup>2</sup>. Rými á Stóra-Læk eru 93 talsins og því eru um 36,1 m<sup>2</sup> pr. barn.

Lóð var gerð 1994 áður en leikskólinn tók til starfa. 1999 var lóð stækkuð norðan húss og bílastæði frágengin. Árið 2006 var stór hluti leiktækja endurnýjaður, ásamt smábreytingum á lóð. 2014 var farið í tilflutning leiktækja milli Litla-Lækjar og Stóra-Lækjar vegna breyttar aldurskiptingar.

Leiktæki á lóðinni eru alls 23. Upplýsingar um þau og aldur þeirra er að finna í töflu 37. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er öryggismöl.

Bílastæði austan leikskólans eru 14 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Auk þess eru 23 bílastæði vestan húss, sem einnig eru nýtt af Litla-Læk og Lækjavelli. Hjólastæði eru 6 talsins og eru staðsett við eystra hliðið.

Lýsing á lóðinni tengist rafmagni hússins en ekki gatnalýsingu og eru þar 3 ljósastólpar, auk lýsingar við bílastæði. 15 útiljós eru á húsi.

Girðingar umhverfis lóðina eru úr timbri og eru um 310 m að lengd. Hlið eru bæði við austur- og vesturhlið lóðarinnar.

Ekkert afgirt ungbarnasvæði er á lóðinni, enda hafa yngri börnin verið á Litla-Læk undanfarin ár.

Sorpgerði er við bílastæði austan húss. Leikfangaskúr (einingahús) úr timbri er á suðurhluta lóðarinnar.



Mynd 68. Leikskólinn Lækur (Stóri Lækur) í júlí 2015. LUKK

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Læk sé misjafnt eftir árstíðum og börnum hvað svæði séu í mestri notkun. Moldarsvæðið, sem börnin hafa búið það til með því að grafa holur á grassvæðinu, er þó sívinsælt. Einnig rólurnar, kastalinn og sandkassarnir. Brekkurnar verða vinsælar í snjó og hjólin eru vinsælli á stéttum leikskólans þegar ekki er snjór yfir öllu. Áhugi er á að hafa sérstakt vatnssvæði á lóð Lækjavallar. Ekki er áhugi á grænmetisrækt en meiri á nýtingu berjarunna. Einnig kom fram að tún og malarsvæði séu mjög illa farin. Rætur aspanna séu komnar upp úr túnblettinum og skapi hættu.

Lækur notar Kópavogsdalinn og stundum Smárahvammstúnið sem boltasvæði og sleðabrekkuna við Digraneskirkju. Sem útikennslusvæði notar leikskólinn Lækjavöll og Kópavogsdalinn. Lækur hefur aðgang að íþróttahúsinu Smáranum tvo daga í mánuði. Gönguleiðir á þessa staði eru tryggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð starfsfólks Lækjar eru settar fram óskir um að sett verði gúmmíteppi á malbikaða fótboltavöllinn og lokið verði endurnýjun girðingar þar, breyta hól og fjarlægja hluta gróðurs. Á suðurlóð er óskað eftir stóru grjóti og jafnvægisdrumbum og koma fyrir leiktækjum á grasflöt. Einnig að undirlag leiktækja verði endurnýjað. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Endurnýjun girðingar við fótboltavöllinn er lokið.

- Þegar farið verður í endurnýjun tækja á suðurlóð, ásamt endurnýjun undirlags, verður hugað að breytingum á því svæði. Stígar og svæði næst húsi þarfnast einnig lagfæringa vegna jarðvegssigs.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri		1	3	Útivatnskranir	1
Róla 2., eldri		1	3	Gróðursæld	2
Róla 3., yngri	2006	1	3	(Hjóla)-stigur	1
Sessuróla		1	2	Boltasvæði	1
Sandkassi, stór	2006	1	4	Sleðabrekka	1
Sandkassi, litill		1	2	Grasflöt	1
Klifurgrind	2006	1	3	Hóll	1
Klifurveggur		1	3	Stór stétt eða malbik	1
Jafnvægisslá		1	1	Malarsvæði	1
Gormtæki 1.		1	2	Bekkir	1
Gormtæki 2.		1	2	Borð með bekkjum	1
Gormtæki 3.		1	2		
Gormtæki 4.		1	2		
Kofi	1999	1	2		
Kastali	2006	1	4		
Rennibraut í kastala	2006	1	2		
Vatnspóstur	1999	1	2		
Vegasalt	1999	1	2		
Karfa		1	2		
Mörk		2	4		
Borð í sandkassa (stór)		1	1		
Borð í sandkassa (litill)		1	1		
		<b>23</b>	<b>52</b>		<b>12</b>

Tafla 37.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., yngri	2011	1	3	Gróðursæld	1
Róla 2., yngri	2014	1	3	Útivatnskranir	1
Róla 3., eldri	2014	1	3	(Hjóla)-stigur	1
Sandkassi	2011	1	3	Grasflöt	2
Gormtæki 1.	2011	1	2	Stór stétt eða malbik	1
Gormtæki 2.	2011	1	2	Malarsvæði	1
Kofi 1.	2011	1	2	Bekkir	1
Kofi 2.	2011	1	2	Borð með bekkjum	1
Litil rennibraut	2014	1	2		
Bill		1	3		
		<b>10</b>	<b>25</b>		<b>9</b>

Tafla 38.



Mynd 69. Litli - Lækur FB.



# LEIKSKÓLINN LÆKUR (LITLI - LÆKUR)

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Litli-Lækur (áður Kjarrið) er í Lækjasmára 116 (landnr. 1311659 og var byggður árið 2001. Flatarmál leikskólabyggingar er 360 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð Litla-Lækjar er 2.125 m<sup>2</sup> skv. FMR. Lóð innan girðingar mælist 1.930 m<sup>2</sup>. Rými á Litla-Læk eru 36 talsins þannig að þetta eru um 53,6 m<sup>2</sup> pr. barn, sem sem það næstmesta á leikskólalóðum bæjarins.

Lóð leikskólans var gerð 2001 en hann var þá einkarekinn. Kópavogsbær yfirtók reksturinn 2011 og var þá farið í ýmsar breytingar á lóð, uppsetningu lýsingar, endurnýjun hluta girðinga o.fl. 2013 var lokið endurnýjun girðinga o.fl. og árið eftir farið í tilflutning leiktækja milli Litla-Lækjar og Stóra-Lækjar vegna breyttar aldurskiptingar.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 38. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er öryggismöl og að nokkru leyti gúmmímottur.

Bílastæði eru 23 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Þessi bílastæði eru sameiginleg með Lækjavelli. Þá er aðgangur að fjölda bílastæða bæjarins vestan lóðarinnar. Hjólastæði eru engin.

3 ljósastólpar eru á lóðinni, hver þeirra með tveimur lömpum, og eru þeir tengdir gatnalýsingunni, eins og lýsingin við bílastæðin. 6 útiljós eru á húsi.

Girðingar umhverfis lóðina eru bæði úr stálgrindum og timbri, alls um 190 m að lengd. Hlið er við bílastæði.

Ekkert sérstakt ungbarnasvæði er á Litla-Læk, enda eru þar aðeins börn í yngri kantinum.

Sorpgerði er við bílastæði, nærri hliði.

## Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Óskað er eftir að trjágróður verði gróðursettur utan girðingar til skjólmyndunar. Lokað verði af svæði norðan hússins og þar plantað gróðri. Einnig að undirlag verði endurnýjað. Sjá óstýtt í viðauka 2.

## Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Auka gróður innan lóðarinnar og endurnýja undirlag leiktækja.



Mynd 70. Leikskólinn Lækur (Litli-Lækur) í júlí 2015. LUKK.

# LEIKSKÓLINN MARBAKKI



Leikskólinn Marbakki tók til starfa 1986. Hann er í nálægð við hafð, eins og nafnið gefur til kynna, en hann stendur við Fossvoginn. Marbakki er sex deilda leikskóli þar sem megináhersla er lögð á skapandi starf í öllum listgreinum, þar sem hugmyndafræði sem


kennd er við Reggio Emilia á Ítalíu er höfð að leiðarljósi. Hugmyndafræðin er löguð að íslenskum aðstæðum og menningu. Til að börnin verði skapandi, virk og gagnrýnin er þeim kennt að skilgreina hlutina og skoða frá öllum hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka afstöðu. Mikilvægt er að börnin fái að vinna verkefni út frá eigin forsendum. Starfsfólk leikskólans hefur mikilvægu hlutverki að gegna í öllu námi barnanna.

Börn í Marbakka í desember 2016 voru 104 og starfsmenn voru 37 í 25,73 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Marbakki er á Marbakkabraut 4 (landnr. 115570). Hann var byggður árið 1985 og byggt við hann 2009. Grunnflötur leikskólabyggingar er 743 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamatí ríkisins), þar af er viðbyggingin 315 m<sup>2</sup>.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	7	34	26
2 ára börn	12	14	24	14
3 ára börn	20	12	12	21
4 ára börn	21	18	18	24
5 ára börn	24	13	13	19
Samtals	77	64	101	104



Tafla 39. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Marbakka.



Mynd 71. Leikskólinn Marbakki sumarið 2009. BM

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 4.003 m<sup>2</sup> en það svæði sem er innan girðingar er 2.960 m<sup>2</sup>, mælt af loftmynd, um 27,5 m<sup>2</sup> pr. barn

Árin 1997-1998 var hluti leiktækja endurnýjaður ásamt stéttum. 2003 var haldið áfram endurnýjun hluta leiktækja og gerð var ný aðkoma að sunnanverðu. Árið 2009 var byggt við leikskólann og var þá farið í lóðargerð við nýbyggingu og í endurbætur á hluta eldri lóðar. Síðan þá hefur verið um minniháttar lagfæringar að ræða.

Leiktæki á lóð eru 21 talsins. Upplýsingar um leiktækin og aldur þeirra er að finna í töflu 40. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist gúmmihellur eða öryggismöl.

Bílastæði sunnan leikskólans eru 23, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra. Norðan við leikskólann, við dælustöð við Sæbólsbraut, eru 9 stæði til viðbótar og austan leikskólans eru 23 bílastæði bæjarins. Hjólastæði eru 6 talsins.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu. Fjöldi ljóastólpa er 6, þar af 3 með tvo lampa, og 2 ljóastólpar eru við bílastæði. Þá eru 10 útiljós á húsi.

Girðing umhverfis leikskólalóðina er alls um 270 m að lengd. Að mestu er um timburgirðinga að ræða en á nýrri hluta lóðarinnar er stálgrindagirðing. 5 hlið eru á lóðinni. Aðalhlið er að sunnanverðu, eldra hlið að vestanverðu og tvö við göngustíg að austanverðu. Auk þess er hlið fyrir vöruaðkomu að vestanverðu.

Afgirt ungbarnaleiksvæði er staðsett á vesturhluta lóðar.

Sorpgerði úr forsteyptum einingum er í norðaustur horni lóðarinnar. Tvær leikfangageymslur eru á lóðinni.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að á Marbakka sé svæðið í kringum kastalann mjög vinsælt en annars dreifist börnin mjög víða um lóðina. Spurningu um hvort notkunin breytist á svæðunum eftir árstíðum var svarað játandi. Í norðugarðinum sé oft mikið kaldara en sunnan við húsið. Norðanvindur sé sérstaklega vondur á veturna. Einnig kpmi mikil hafgola sem kælir á hlýjum dögum. Því sækja bæði börn og fullorðnir í að vera sunnan við húsið, sérstaklega þegar sólin skín, bæði á sumrin og veturna. Sleðabrekka hefur aðdráttarafli á þeim árstíma sem snjór er. Fótboltasvæði er í norðurgarði og það heillar, sérstaklega á sumrin. Mjög mikill áhugi sé á vatnssvæði, leikskólinn fékk skemmtilegt vatnsleiktæki að gjöf frá foreldrafélaginu síðastliðið sumar. Grænmetiskassar voru í garðinum, sem búið var að reyna að rækta í en ekki virtist vera nægilegur áhugi starfsmanna fyrir slíku og það sem gert var gekk ekki nægilega vel. Kassarnir voru því teknir síðastliðið sumar og rýmt fyrir vatnsleiktæki. Berjarunnar eru aftur á móti nýttir í skólastarfið. Berin týnd og sultað. Einnig kemur fram að lóðin sé stór og góð og bjóði upp á mjög fjölbreytta hreyfingu.



Mynd 72. Marbakki í júlí 2015. LUKK

Marbakki notar „Sjóræningjaróló“ neðan Huldubrautar mikið, sem og gangstígar meðfram sjónum og fjöruna en ekki boltavelli eða sleðabrekkur. Útikennslusvæði er ekkert. Leikskólinn hefur ekki aðgang að íþróttasal og þar sem langt er í næsta skólahúsnæði væri erfitt að nýta slíkt þó það væri í boði. Gönguleiðir meðfram sjónum eru nokkuð öruggar en meiri áhyggjur eru af umferð þegar farið er út frá skólanum, t.d. á bókasafn, listasafnið o.fl.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð foreldraráðs, foreldrafélags og starfsfólks Marbakka eru settar fram hugmyndir sem lúta að því að gera lóðina öruggari og auka notagildi hennar. Verkefni eru sett fram eftir staðsetningu á lóð.

Ungbarnagarður: Hækka þarf girðingu sem skilur að ungbarnagarð og efri garð og stækka ungbarnagarð að hliði. Færa hús í sandkassa í og fá borð í sandkassann.

Efri garður: Kastalinn er slysgildra þar sem hann er of opinn. Minnt er á að svæði milli kastala og leikskóla fékk athugasemd í síðustu öryggisskoðun. Óskað er eftir að undirlag húsanna sé hækkað.

Neðri garður: Fá fótoltamörk vestan megin í neðri garð og bæta þar við s.s. vegasalti.

Auka þarf lýsingu á gangstétt við bílastæði og á leikskólalóðinni sjálfri, yfirfara grindverk og minnka gróður við leiksvæði. Einnig er minnt á hugmynd sem sett var fram 2009 um stækkun lóðar til suðurs, austan við bílastæði, og að þar verði gert útikennslusvæði fyrir leikskólann.

Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Búið er að og breyta kastala vegna öryggis. Breytingar á ungbarnagarði og yfirferð á girðingu og gróðri er hluti af almennu viðhaldi og verður unnið á næstunni.

- Vegasalt eða annað leiktæki sett upp á norðurlóð. Þegar kastali á suðurlóð verður endurnýjaður þarf að huga að breytingum á því svæði ásamt nýju undirlagi.
- Athuga ætti möguleika á stækkun lóðar til suðurs og að þar verði gert útikennslusvæði.
- Bæta þarf lýsingu við bílastæði.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2009	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2014	1	3	Gróðursæld	1
Róla 3., yngri		1	3	Útivalnskranir	1
Sandkassi 1.		1	3	(Hjóla)-stigur	1
Sandkassi 2.		1	3	Sleðabrekka	1
Klifurgrind	2003	1	3	Grasbrekka	1
Gormtæki 1.		1	2	Grasflöt	1
Gormtæki 2.		1	2	Grjót	2
Gormtæki 3.		1	2	Stór stétt eða malbik	1
Kofi í sandkassa		1	2	Bekkir	1
Kofi 1.		1	2	Borð með bekkjum	1
Kofi 2.		1	2		
Kastali	2003	1	4		12
Rennibraut í kastala	2003	1	2		
Rennibraut	2009	1	2		
Vatnsleiktæki	2016	1	2		
Gúmmidekk, niðurgr.	2009	3	3		
Karfa		1	2		
Borð í sandkassa		1	1		
		<b>21</b>	<b>46</b>		

Tafla 40.



Mynd 73. Lóð leikskólans Marbakka um 1990. FB.



Mynd 74. Kastali á Marbakka. FB.

# LEIKSKÓLINN NÚPUR



Leikskólinn Núpur tók til starfa í janúar árið 2000 og er fimm deilda fyrir allt að 114 börn. Lögð er áhersla á hugmyndaflug og sjálfræði barnsins og að börnin fái að reyna, skynja og skapa á eigin forsendum út frá áhugasviði og þroska hvers og eins. Einkunnarorð


skólans eru: sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði.

Börn í Núpi í desember 2016 voru 100 og starfsmenn voru 31 í 27,51 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Núpur er í Núpalind 3 (landnúmer 1808889). Hann var byggður árið 2000 en byggt var við hann 2005. Flatarmál leikskólabyggingar frá 2000 er 648 m<sup>2</sup> en flatarmál bygginga alls er 741 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	1	3	14	15
2 ára börn	4	27	26	22
3 ára börn	46	23	23	24
4 ára börn	29	24	22	20
5 ára börn	20	31	23	19
Samtals	100	108	108	100



Tafla 41. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Núpi.



Mynd 75. Lóð leikskólans Marbakka um 1990. FB.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 4.077 m<sup>2</sup> en lóð innan girðingar er um 3.220 m<sup>2</sup>, þ.e. um 30,7 m<sup>2</sup> pr. barn.

Lóðargerð lauk í árslok 1999 áður en leikskólinn tók til starfa. 2005 var farið í stækkun lóðar og aðlögun vegna viðbyggingar að austanverðu. Árið 2014 voru girðingar endurnýjaðar en að öðru leyti hafa engar stórlagfæringar átt sér stað á lóðinni frá byrjun.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra eru í töflu 42. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er öryggismöl.

Bílastæði eru sameiginleg með Lindaskóla og 38 talsins, þar af er 1 bílastæði hreyfihamlaðra sem tilheyrir leikskólanum. Einnig eru 4 við Núpaland, meðfram leikskólalóðinni. Hjólastæði eru 6 talsins, staðsett við hlið.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu, ljósastólpar eru 7 talsins. Auk þess eru 12 útljós á húsi.

Girðing umhverfis leikskólalóðina er úr timbri og er alls um 230 m löng. Hlið er að sunnanverðu og var áður einnig að norðanverðu en því var lokað vegna óánægju íbúa.

Afmarkað ungbarnasvæði er við suðurgafli húss og tengist viðbyggingu.

Sorpgerði er staðsett nærri hliði. Leikfangaskúr úr timbri er þar nærri.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Núpi sé mikil dreifing í garðinum, rólurnar séu alltaf vinsælar, mikið klifrað í trjánnum, stéttin (krítað, leikið, hjólað) og kastalinn. Á veturna sé hluti garðsins ónothæfur vegna klaka og vatns sem safnast neðst í lóðinni. Áhugi er á vatnssvæði á lóðinni sem og grænmetisræktun en leikskólinn fékk ræktunarkassa sl. sumar. Einnig er áhugi á notkun berjarunna.

Núpur notar sparkvöllinn við Lindaskóla og Norðurpóllinn sem er opna svæðið fyrir ofan Hlíðadalsveginn, beint upp af leikskólanum. Útikennslusvæði er Lindarskógur og en þar er engin aðstaða til útieldunar og útikennslusvæðið við Hádegishólasvæðið er óklárað. Leikskólinn hefur ekki aðgang að íþróttasal. Gönguleiðir á fyrrnefnda staði eru öruggar að mati leikskólans.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Eftirfarandi kom fram í greinargerð frá Núpi. Fá gormatæki og litla rólu fyrir yngstu börnin í litla garði. Stækka garð til austurs og bæta þar við leiktækjum – setja girðingu frá húsi til afmörkunar. Staðsetning leikfangaskúrs skapar mörg blindsvæði, athuga að færa hann í útjaðar lóðar. Hækka jarðveg við suðurhlið lóðar þannig að ekki sé brekka niður að girðingu, annars fjarlægja runna og útbúa þar þrautabraut. Fjarlægja hól við girðingu í neðri hluta lóðar, til að vatn renni betur í

burtu. Færa girðingu eins utarlega og hægt er en þar mætti setja eldstæði og drumba til að sitja á. Óskað eftir klifurvegg / klifurstaurum neðan við sandkassa og að fá bekk í kringum ljósastaur. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Búið er að afmarka ungbarnasvæði með lágri girðingu og stækka svæðið lítillaga til austurs.

- Flest öll leiktæki á lóð eru jafngömul og þarfnast endurnýjunar á næstu árum. Samhliða því verður undirlag endurnýjað í gúmmíhellur og gervigras, gert eldstæði með tilheyrandi, skoðaður möguleiki á að færa leikfangaskúr o.fl.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri		1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri		1	3	Gróðursæld	2
Ungbarnaróla	1999	1	2	Útivatnskrani	1
Sandkassi 1.	1999	1	4	(Hjóla)-stigur	2
Sandkassi 2.	1999	1	3	Brú	1
Sandkassi litill	1999	1	2	Sleðabrekka	1
Gormtæki 1.		1	2	Grasbrekka	1
Gormtæki 2.		1	2	Grasflöt	1
Gormtæki 3.		1	2	Grjót	1
Kastali	1999	1	4	Stór stétt eða malbik	1
Ungbarnakastali	1999	1	3	Malarsvæði	1
Rennibraut í kastala	1999	1	2	Bekkir	1
Litil rennibraut	1999	1	2	Borð með bekkjum	1
Vegasalt	1999	1	2		
Bill	1999	1	3		
Karfa 1.	1999	1	2		
Karfa 2.	1999	1	2		
"Drullumallseldhús"		1	2		
Borð í sandkassa		1	1		
Ungbarnaborð	1999	1	1		
		<b>20</b>	<b>47</b>		<b>15</b>

Tafla 42.



Mynd 76. Ungbarnaleiksvæði. FB.

# LEIKSKÓLINN RJÚPNAHÆÐ



Leikskólinn Rjúpnahæð er sex deilda leikskóli og stendur efst í Salahverfi þar sem stutt er í ósnortna náttúru. Leikskólinn tók til starfa árið 2002. Stefna leikskólans er hugsmíðahygja og meginmarkmið er sjálfræði. Unnið er út frá hugtökum


sem stuðla að sjálfræði og sjálfstæði barnsins. Hugtökin eru frelsi, gleði, sjálfstæði, sjálfsbjargarviðleitni, virðing, ábyrgð, samvinna og lýðræði. Skipulag umhverfis er hvetjandi og örvandi til vísinda, lista og rannsókna.

Börn í Rjúpnahæð í desember 2016 voru 109 og starfsmenn voru 40 í 35,35 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Leikskólinn Rjúpnahæð er í Rjúpnasölum 3 (landnr. 190358) og var byggður árið 2002. Flatarmál leikskólabyggingar er 794 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

	2005	2010	2016
1 árs börn	6	14	29
2 ára börn	24	34	18
3 ára börn	10	21	21
4 ára börn	36	25	22
5 ára börn	27	25	19
<b>Samtals</b>	<b>103</b>	<b>119</b>	<b>109</b>



Tafla 43. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Rjúpnahæð.



Mynd 77. Leikskólinn Rjúpnahæð sumarið 2009. BM

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð er 5.164 m<sup>2</sup> skv. FMR en lóð innan girðingar er um 3.660 m<sup>2</sup>, þ.e. um 33,0 m<sup>2</sup> pr. barn.

Árið 2002 lauk lóðargerð og ári síðar voru bílastæði frágengin. 2011 var gert afmarkað ungbarnaleiksvæði o.fl. en síðan þá hefur ekki verið stórlagfæringar á lóð að ræða, utan venjubundins viðhalds.

Leiktæki á lóð eru 22. Upplýsingar um þau og aldur þeirra er að finna í töflu 44. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er víðast hvar öryggismöl en einnig gúmmihellur.

Bílastæði eru 27, þar af eitt bílastæði hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru 5 og eru staðsett við gangstétt nærri austurgafli leikskólans.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu, ljósastólpar eru 8 talsins og aðrir 2 við bílastæði. Þá eru 20 útiljós á húsi.

Girðingar umhverfis lóð eru úr timbri og eru um 230 m að lengd. Tvö hlið eru á lóðinni, annað við bílastæði vestan við lóð og hitt við gangstétt nær húsi.

Afmarkað ungbarnaleiksvæði er á lóðinni.

Matjurtagarður er á afgirtu svæði við vestugafli hússins. Þar eru einnig berjarunnar og safnkassar.

Sorpgerði er við austurgafli húss. Leikfangaskúr úr timbri er staðsettur nærri hlið. Á lóðinni er annar timburskúr sem nýttur er í tengslum við útikennslu.



Mynd 78. Leikskólinn Rjúpnahæð í júlí 2015. LUKK.



Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í dag sé það útikennslusvæðið inni á leikskólalóð Rjúpnahæðar sem sé vinsælast en einnig sé rólusvæðið alltaf vinsælt. Notkun lóðarinnar er svipuð eftir árstíðum. Mikill áhugi er á sérstöku vatnssvæði og stefnan sé að setja upp sullvegg næsta vor. Einnig er mikill áhugi fyrir græmetisræktun og hefur leikskólinn verið með öfluga ræktun síðan hann byrjaði fyrir 14 árum. Leikskólinn hefur verið með sérstaka berja- og sultudaga að hausti, þá eru berin berin af runnunum og notuð til sultugerðar. Farið er í nærumhverfið og tínd ber. Einnig kemur fram að lagfæra mætti lóðina með tilliti til aukinnar hreyfingu.

Rjúpnahæð notar fótoltavöllinn sem er mjög nálægt leikskólanum mikið, einnig opna svæðið fyrir aftan leikskólann. Til útikennslu notar leikskólinn útikennslusvæðið á leikskólalóðinni og opin svæði í nærliggjandi umhverfi. Rjúpnahæð hefur ekki aðgang að íþróttasal, og hefur ekki leitast eftir því. Gönguleiðir á fyrrnefnd svæði telur leikskólinn öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Leikskólinn Rjúpnahæð sendi inn greinargerð þarf sem eftirfarandi kom fram:

Endurnýja þarf og mála allt viðarverk, stólpar á bryggju eru orðnir fúnir og hættulegir. Helluleggja á einhverjum stöðum með þverskurðum af bjálkum. Útbúa svæði fyrir barnavagna. Athuga þarf fjölgun bílastæða, setja þrengingar í götu til að minnka hraða eða jafnvel hringtorg. Hugsanlega búa til fleiri bílastæði austan við leikskólann. Byggja palla bak við hús við allar deildar. Setja gúmmímottur undir stærri rólurnar, leggja tröppur úr bjálkabútum á hólinn og fá borð á litla svæðið hjá brúnni. Gera gervigrasvöll (battavöll) á svæði norðan hússins, fá stærri klifurkastala og vegasalt. Fjarlægja 4 stóra steina og gera fótoltavöll þar ef hann verður ekki á bak við hús og færa hringekju. Gera sullusvæði (eins og í Baugi), fá fleiri rólur – líka í litla garð. Setja umferðarljós og stoppmerki fyrir hjólaleiki og jafnvægisglá úr trjádrumbi sem skorinn er þvert. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Allt viðhald tréverks fellur undir reglubundin verkefni eignasjóðs og verða þau verk unnin á næstunni. Athuga má möguleika á fjölgun bílastæða í nágrenni leikskólans en slík verkefni falla ekki undir Skemmtilegar leikskólalóðir.

- Samhliða endurnýjun leiktækja verður undirlag endurnýjað í gúmmihellur og gervigras, skoðaður möguleiki á fjölgun leiktækja o.fl. Smærri verk, eins og t.d. tröppur og jafnvægisglá úr trjádrumbum o.fl. er þó hægt að sinna áður en endurnýjunin á sér stað.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig
Róla 1., eldri		1	3
Róla 2., eldri		1	3
Róla 3., yngri		1	2
Ungbamaróla 1.		1	2
Ungbamaróla 2.		1	2
Sandkassi lítill		1	2
Sandkassi stór	2002	1	4
Jafnvægisglá 1.	2002	1	1
Jafnvægisglá 2.	2002	1	1
Gormtæki 1.	2002	1	2
Gormtæki 2.	2002	1	2
Gormtæki 3.	2002	1	2
Kofi 1.	2002	1	2
Kofi 2.	2002	1	2
Kofi 3.	2002	1	2
Kofi 4.		1	2
Kastali	2002	1	4
Staurahús við kastala	2002	1	1
Rennibraut í kastala	2002	1	2
Vatnstunna	2015	1	2
Hringekja	2002	1	2
Borð í sandkassa	2002	1	1
		<b>22</b>	<b>46</b>

Leiktækifæri	Stig
Matjurtasvæði	1
Gróðursæld	2
Útivatnskranir	1
(Hjóra)-stigur	2
Brú	1
Eldstæði	1
Grasflöt	1
Hóll	1
Grjót	1
Stór stétt eða malbik	1
Malarsvæði	1
Timburpallur	1
Bekkir	2
Borð með bekkjum	2
	<b>18</b>

Tafla 44.



Mynd 79. Sandskipti í Rjúpnahæð. Árlega er skipt um sand í öllum sandkössum leikskólanna. GH.

# LEIKSKÓLINN SÓLHVÖRF



Leikskólinn Sólhvörf er sex deilda leikskóli sem var tekinn í notkun árið 2005 en Kópavogsbær tók við rekstri leikskólans 1. maí 2008. Fram að þeim tíma var nefndist hann leikskólinn Hvarf og var einkarekinn. Í Sólhvörfum er starfað eftir hugsmíðahyggju sem

byggir á kenningu Jean Piaget um nám og þroska barna. Lögð er áhersla á virkni barnsins í eigin þekkingarleit og mikilvægi þess að kennarar nýti áhugahvöt barnsins hverju sinni. Kennsluaðferðir hugsmíðahyggunnar byggja á því að barnið fáist við raunveruleg verkefni, fái tíma til að rannsaka umhverfið, nýta frumkvæði og prófa eigin hugmyndir.

Börn í Sólhvörfum í desember 2016 voru 120 og starfsmenn voru 38 í 33,55 stöðugildum.

## LEIKSKÓLABYGGINGIN


Leikskólinn Sólhvörf er í Álfrkonuhvarfi 17 (landnr. 199736) og var byggður árið 2005. Flatarmál leikskólabyggingar er 842 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 5.909 m<sup>2</sup> en lóð innan girðingar er 4.110 m<sup>2</sup> sem gerir um 34,3 m<sup>2</sup> pr. barn.

Lóðargerð lauk árið 2005 áður en leikskólinn tók til starfa. Síðan þá hafa engar stórlagfæringar eða endurnýjun átt

	2005	2010	2016
1 árs börn	22	8	16
2 ára börn	36	28	21
3 ára börn	22	31	25
4 ára börn	16	33	25
5 ára börn	13	20	33
Samtals	109	120	120



Tafla 45. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Sólhvörfum.



Mynd 80. Leikskólinn Sólhvörf sumarið 2009. BM

sér stað á lóðinni, utan venjubundins viðhalds.

Leiktæki eru 18 og upplýsingar um þau er að finna í töflu 46. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist öryggismöl eða gúmmíhellur.

Bílastæði vestan lóðarinnar eru 32 talsins, þar af 1 bílastæði hreyfihamlaðra, en að auki eru 10 bílastæði í eigu bæjarins við enda Andarhvarfs. Hjólastæði eru engin.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu og eru ljósastólpar 9 talsins en auk þess eru 2 stólpar við bílastæði. Þá eru 9 útiljós á húsi.

Girðing umhverfis lóðina er úr stálgrindum og mælist um 310 m að lengd. Hlið er við bílastæði vestan við leikskólabygginguna.

Ekkert afgirt ungbarnaleiksvæði er á lóðinni.

Matjurtagarður er á afgirtu svæði norðan við hús. Þar eru einnig safnkassar.

Sorpgerði er staðsett í suðvestur horni lóðarinnar, nærri bílastæðum. Leikfangaskúr er á vesturhluta lóðarinnar.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Sólhvörfum sé svæðið fyrir framan innganga leikskólans í mestri notkun. Svæðið sunnan megin við skólann sé mikið notað yfir vetrartímam þar sem sleðabrekkan sé þar. Einnig sé þetta svæði í mikilli notkun yfir sumartímam þegar sumarskólinn er því þar séu þrjú svæði alltaf í notkun, fjóra morgna í viku. Mikill áhugi er fyrir sérstöku vatnssvæði á lóð. Leikskólinn er með grænmetisgarð og nýtir hann á hverju ári. Einnig eru rifsberjarunnar á lóð sem börnin tína af upp í sig.

Leikskólinn er mjög duglegur að fara út fyrir skólalóðina með barnahópinn, í lengri og skemmri ferðir. Skemmtileg útivistasvæði eru í næsta nágrenni, s.s. Elliðavatn og Vatnsendahvarf. Sparkvöllur er í nágrenninu og stór sleðabrekka í Breiðholti hinum megin við hæðina. Einnig er skólalóð Vatnsendaskóla nýtt á sumrin. Sólhvörf hefur aðgang að útikennslusvæðinu Garð við Dimmu ásamt Vatnsendaskóla og Aðalþingi. Það hefur af ýmsum ástæðum lítið verið nýtt en væri hægt að gera svæðið að frábæru útikennslusvæði. Leikskólinn er í samstarfi við HK og á hverjum vetri fara elstu börnin á íþróttæfingar í Kórnum einu sinni í viku. Innan hverfis telur leikskólinn gönguleiðir vera öruggar, góðir göngustígar og undirgöng eða göngubrýr yfir aðal umferðargötuna í



Mynd 81. Leikskólinn Sólhvörf í júlí 2015. LUKK

hverfinu. Þegar farið er lengra er farið í strætó og reynt að fara öruggustu leiðina á áfangastað hverju sinni.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Fulltrúar í foreldraráði Sólhvarfa og leikskólastjóra funduðu um Skemmtilegri leikskólalóðir og sammæltust um að koma með tvíþættar tillögur um úrbætur á skólalóðinni. Annars vegar um viðhald og öryggisatriði og hins vegar um úrbætur til að gera leikskólalóðina skemmtilegri fyrir börnin.

Viðhald og öryggisatriði: Lagfæra þarf girðingu í kringum lóðina, sumstaðar er of mikið bil undir hana og bak við hólinn er hún of lág. Laga þarf aðalhlíð leikskólans og tvöfalt hlið við sorpgeymslur. Gras á lóðinni þarf að lagfæra fylla í holur sem börnin hafa grafið.

Skemmtilegri leikskólalóð: Festa niður safnkassa við matjurtagarð svo þeir nýtist. Fjarlægja trégrindverk og gróður meðfram húsinu og tyrfa í staðinn. Bæta við gróðri meðfram girðingu umhverfis lóðina, t.d. greni sem klippt yrði í limgerði. Endurhanna norðurgarð leikskólans og breyta í fjölnota svæði fyrir hreyfileiki. Breyta tveimur sandkössum á vesturlóð. Fjarlægja sandkassa í suðurgarði og gera þar eldstæði og setja trjádrumba (bekki) í staðinn. Fjarlægja tréstauro sem eru á tveimur svæðum, tyrfa yfir annað og breyta hinu í drullumallsvæði. Setja upp vatnstunnu (eins og í Rjúpnahæð) sem tengist þakrennum leikskólans. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Búið er að laga hliðin, fjarlægja sandkassa í suðurgarði og koma fyrir eldstæði. Að laga girðingu og grassvæði, festa safnkassa, fjarlægja staurapýrpingar og tyrfa beð næst húsi eru allt viðhaldsverk sem ætti að vera hægt að sinna á næstunni.

- Endurhanna norðurgarð og gera þar fjölnota svæði fyrir hreyfileiki, breyta sandkössum, skipta út malarsvæðum fyrir fast undirlag, s.s. gúmmíhellur og gervigras, auka gróður á lóðinni til skjólmyndunar o.fl.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri	2009	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2., eldri	2009	1	3	Berjarunnar	1
Róla 3., eldri	2009	1	3	(Hjóla)-stigur	1
Ungbarnaróla	2009	1	2	Eldstæði	1
Stauraróla	2009	1	2	Staurapýrping	1
Sandkassi 1.	2009	1	3	Sleðabrekka	1
Sandkassi 2.	2009	1	3	Grasflöt	1
Klifurgrind	2009	1	3	Hóll	1
Jafnvægisslá	2009	1	1	Grjót	1
Gormtæki 1.	2009	1	2	Stór stétt eða malbik	1
Gormtæki 2.	2009	1	2	Malarsvæði	1
Kofi 1.	2009	1	2	Boð með bekkjum	1
Kofi 2.	2009	1	2		
Kastali	2009	1	4		
Rennibraut	2009	1	2		
Hringekja	2009	1	2		
Veltipétur	2009	1	2		
Rör í sandkassa	2009	1	1		
		<b>18</b>	<b>42</b>		<b>12</b>

Tafla 46.



Mynd 82. Sólhvörf. FB.

# LEIKSKÓLINN URÐARHÓLL




Leikskólinn Urðarhóll er heilsuleiksskóli og hóf starfsemi sína árið 2000. Leikskólanum tilheyra tvær deildir: Skólatröð og Stubbasel, sem frá því 1995 voru reknar sem sjálfstæð eining undir nafninu heilsuleiksskóli. Urðarhóll er sjö deilda

leiksskóli sem starfræktur er í þremur húsum. Markmið skólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Leikskólinn hefur tvívegis fengið styrk frá Heilsueflingu og gefið út „Heilsubók barnsins“ sem við skráningu gefur leikskólakennurum og foreldrum yfirsýn yfir stöðu barnsins í þroska, leik og starfi. Lögð er áhersla á nýbreytni og þróunarstarf.

Börn í Urðarhól í desember 2016 voru 134 og starfsmenn voru 39 í 35,38 stöðugildum.

	2000	2005	2010	2016
1 árs börn	0	16	13	1
2 ára börn	27	31	17	21
3 ára börn	24	36	34	31
4 ára börn	29	35	42	45
5 ára börn	22	22	34	36
<b>Samtals</b>	<b>102</b>	<b>140</b>	<b>140</b>	<b>134</b>



Tafla 47. Fjöldi og aldur barna í leikskólanum Urðarhóli.



Mynd 83. Leikskólinn Urðarhóll sumarið 2009. Kópavogsbraut til vinstri og Skólatröð til hægri. BM

# LEIKSKÓLINN URÐARHÓLL - KÓPAVOGSBRAUT

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Tvö hús eru á lóðinni. Kópavogsbraut 19A (landnr. 188281) sem er ný leikskólinn sem var byggður árið 2000 og svo Kópavogsbraut 19 (landsnr. 115589). Það hús, sem kallað er Stubbasel var byggt árið 1944 sem læknisbústaður við Kópavogshæli. Þar var síðar

rekinn leikskóli á vegum Ríkisspítalanna allt til 1995 að Kópavogsbær yfirtók reksturinn.

Grunnflötur Kópavogsbrautar 19A er skv. FMR (Fasteignamati ríkisins) 655 m<sup>2</sup> og Kópavogsbrautar 19 er 140 m<sup>2</sup>. Flatarmál þess síðarnefnda er skráð 163 m<sup>2</sup>



Mynd 84. Leikskólinn Urðarhóll - Kópavogsbraut í júlí 2015. LUKK

og því er heildarflatarmál leikskólabygginga alls 818 m<sup>2</sup> skv. FMR.

### LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóð Kópavogsbrautar 19 er skv. FMR 920 m<sup>2</sup> og lóð Kópavogsbrautar 19A er skráð 4.018 m<sup>2</sup>, samtals 4.938 m<sup>2</sup>. Lóð sem er innan girðingar mælist um 3.730 m<sup>2</sup>. Börn í Urðarhóli – Kópavogsbraut eru 109 og eru því um 34,2 m<sup>2</sup> pr. barn.

Lóðargerð lauk árið 2000 samhliða byggingu skólans. 2006-2007 var farið í endurgerð nær helmings lóðarinnar vegna ræsagerðar og byggingarframkvæmda við Kópavogsbrún og -barð. Árið 2009 voru gerðar endurbætur á leiksvæði vestan húss og lokið við girðingar.

Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra er að finna í töflu 48. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er ýmist gúmmihellur eða öryggismöl.

Bílastæði eru 15 talsins, ekkert þeirra er fyrir hreyfihamlaðra. Hjólastæði eru 5 og eru nærri hliði að norðanverðu.

Lýsing á lóðinni tengist gatnalýsingu og eru ljósastólpar 9-10 talsins, auk lýsingar við bílastæði. Þá eru 14 útiljós á húsum alls, 7 á hvoru.

Girðingar umhverfis lóðina eru úr timbri og eru um 260 m að lengd. Aðalhlíð er við bílastæði en einnig er hlið nærri suðurgafli leikskólans.

Ekkert afmarkað ungbarnasvæði er á lóðinni. Matjurtagarður er enginn.

Sorpgerði er við bílastæði, nærri hliði. Leikfangaskúr með steiptum sökkli er við norðurgafli leikskólans. Gámur er staðsettur við suðurgafli og er hann nýttur fyrir starfsemina.

Í könnun um nýtingu lóðar og nærumhverfis kom fram að í Urðarhóli – Kópavogsbraut séu rólur, fótboltavöllur, kastali og hringir vinsælast. Einnig að klifra í trjánnum og tína gullbjöllur á sumrin. Minnst notkun sé á jafnvægishring. Börnin moki í brekkunni við Stubbasel. Snjór festist ekki í brekkunni. Sandkassinn sé á röngum stað, ætti að vera vestar í garðinum. Mikill áhugi sé á sérstöku vatsleiksvæði auk þess sem þarf að laga vatnshannann. Þar vanti stút fyrir slöngu. Efasemdir eru um grænmetisrækt, hvort tími sé til þess líka áhyggjur af skemmdarverkum á kvöldin og um helgar. Auðvelt ætti hins vegar að vera að nýta berjarunna því börnin geta tínt sjálf upp í sig.

Urðarhóll nýtir Ævintýraskóginn, Rútstún, Stelluróló, fjöruna, Kópavogstúnið, Hlíðargarðinn og Borgarholtíð. Útikennslusvæðið er Ævintýraskógur á Kópavogstúni. Gönguleiðirnar á þessa staði telur leikskólinn vera nokkuð öruggar.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Í greinargerð frá Urðarhóli kemur fram að lóðin sé stór og skemmtileg. Óskað er eftir að fá meiri klifur áskoranir og „drullusvæði“ fyrir skapandi starf. Einnig væri til bóta að færa og laga fallhættu við vesturhlíð Stubbasels auk þess að fá hlið fyrir vörumóttöku. Einnig að laga þurfi sár í grasflöt, bæta mól á malarsvæði og mold í beð, niðurföll sé orðin léleg. Einnig er óskað eftir að fá betra aðgengi að vatni og fá gervigras á fótboltasvæði. Sjá einnig óstytt í viðauka 2.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Að laga aðstæður vegna fallhættu, laga grasflöt, malarsvæði, beð, niðurföll o.fl. flokkast undir viðhaldsverk sem sinnt er jafnt og þétt. Strax þarf að útbúa bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

- Setja upp „drullumallssvæði“ og klifurtæki, setja gervigras á fótboltasvæði o.fl.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1., eldri (dekk)	2006	1	3	Gróðursæld	1
Róla 2., eldri (sessur)	2006	1	3	Útivatnskrani	1
Róla 3., yngri		1	3	(Hjóra)-stigur	2
Sandkassi (stærri)	2000	1	4	Brú	1
Sandkassi (minni)	2006	1	2	Boltasvæði	1
Klifurtæki	2000	1	3	Sleðabrekka	1
Jafnvægisslár (5 arma)	2006	1	2	Grasbrekka	1
Jafnvægisslá (með palli)	2006	1	2	Grasflöt	1
Jafnvægisslá (gorma-)	2006	1	2	Grjót	1
Gormtæki	2016	1	2	Stór stétt eða malbik	1
Kofi	2006	1	2	Malarsvæði	1
Kastali	2006	1	3	Bekkir	2
Rennibraut	2006	1	2	Borð með bekkjum	1
Vatnspóstur	2000	1	2		
Bátur	2006	1	2		
Lest		1	3		
Svifrú	2006	1	1		
Karfa		1	2		
"Drullumallseldhús"		1	2		
Borð í sandkassa 1.		1	1		
Borð í sandkassa 2.		1	1		
Litil borð, 2 stk.		2	2		
Ungbarnaborð	2000	1	1		
		<b>24</b>	<b>50</b>		

Tafla 48.

# LEIKSKÓLINN URÐARHÓLL - SKÓLATRÖÐ

## LEIKSKÓLABYGGINGIN

Urðarhóll – Skólatröð er í Vallartröð 12A (landnr. 116283) þó nafnið bendi til annars. Núverandi leikskólabyggging var upphaflega reist árið 1980 sem 64 m<sup>2</sup> gæsluvallarhús við Traðarvöll. Árið 1995 var gæsluvöllurinn lagður niður og var þá byggt við húsið til norðurs og er það nú 169 m<sup>2</sup> skv. FMR (Fasteignamati ríkisins).

Bent hefur verið á að húsnæði Skólatraðar sé ekki viðunandi og að ákveða þurfi hvort leikskólastarfsemi eigi að vera þar áfram og þá hvernig að endurbótum skuli staðið. Aðkallandi sé að fá ákvörðun í málinu.

## LEIKSKÓLALÓÐIN

Lóðarstærð skv. FMR er 2.000 m<sup>2</sup> en svæðið sem er innan girðingar mælist um 1.760 m<sup>2</sup>. Rými í Urðarhóli – Skólatröð eru 26 og eru því um 67,7 m<sup>2</sup> pr. barn, sem er það mesta á leikskólum bæjarins.

Árið 1996 var farið í endurnýjun lóðar, leiktækja og girðingar og 1998 austurhluti lóðarinnar endurnýjaður. Upplýsingar um leiktæki á lóðinni og aldur þeirra má sjá í töflu 49. Yfirborðsefni (undirlag) við leiktæki er yfirleitt öryggismöl en einnig gúmmíhellur.



Mynd 85. Leikskólinn Urðarhóll - Skólatröð í júlí 2015. LUKK



Bílastæði, sem eru sameiginleg með Kópavogsskóla, eru alls 32 talsins milli skólans og leikskólans. Þar af er 1 bílastæði hreyfihamlaðra ætlað leikskólanum. Hjólastæði eru engin.

Engir ljósastólpar eru á lóðinni en lýsing berst frá aðliggjandi göngustíg að sunnanverðu. 5 útiljós og einn ljóskastari eru á húsi.

Girðing umhverfis lóð er úr timbri, alls um 170 m löng. Hlið er við göngustíg að sunnanverðu.

Ekkert afgirt ungbarnasvæði er á lóðinni.

Leikfangaskúr og sorpgeymsla er staðsett í norðvestur horni lóðarinnar.

Skólatröð notar boltavelli á lóð Kópavogsskóla og nýtir einnig lausa tíma í íþróttahúsi skólans.

### Ábendingar frá leikskólasamfélaginu

Engin greinargerð barst frá leikskólanum Urðarhóli varðandi Skólatröð.

### Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

Ekki er hægt að fara í endurgerð lóðar eða leiktækja fyrir en fyrir liggur hvert framhaldið verður.

Leiktæki	Upps. ár	Fjöldi	Leikt. stig	Leiktækifæri	Stig
Róla 1.	1996	1	3	Matjurtasvæði	1
Róla 2.	1998	1	3	Berjarunnar	1
Sandkassi	1996	1	3	Útivatnskranir	1
Klifurgrind	1998	1	3	Drullumallssvæði	1
Gormtæki		1	2	Göng	1
Kofi 1.		1	2	Grasbrekka	1
Kofi 2.		1	2	Hóll	1
Rennibraut í brekku	1998	1	2	Grjót	1
Rekaviðardrumbar	1996	3	3	Stór stétt eða malbik	1
Borð 1.		1	1	Malarsvæði	1
Borð 2.		1	1	Bekkir	1
		13	25	Borð með bekkjum	1
					12

Tafla 49.



Mynd 86. FB.



Mynd 87. Barnamynd frá Rjúpnahæð.

# MAT Á LEIKSKÓLALÓÐUM

Við mat á leikskólalóðunum ræddi starfshópurinn margskonar útfærslur á matskerfi sem gefið gæti hlutlaus mynd af ástandi og innbyrðis samanburði milli lóðanna. Nauðsynlegt væri að vera með slíka faglega nálgun á málinu til að hægt væri að rökstyðja forgangsröð við endurbætur. Einnig væri æskilegt að mat á leikskólalóðunum væri sett fram á þann hátt að það sé mælanlegt, þ.e. að eftir nokkurn tíma sé hægt að nota sömu aðferðir og mæla breytingar sem orðið hafa. Í grunninn eru þetta samskonar aðferðir og beitt var í skýrslu um Skemmtilegar skólalóðir árið 2016.

Aðferðin sem hér er notuð byggist á því að nota tölfræðina sem kynnt hefur verið í þessari skýrslu auk þeirra staðreynda sem komu fram við gerð hennar til að gera einskonar mælikvaðra sem gefin eru stig eftir innbyrðis samanburði. Starfshópur um skemmtilegar leikskólalóðir kom sér saman um að nota við matið 13 mælikvarða í sem ýmist voru metnir út frá fyrirliggjandi tölfræðigögnum, af starfshópnum eða af starfsmönnum garðyrkjudeildar. Mælikvörðunum 13 má skipta í eftirfarandi þrjá flokka:

	Aðstæður						Stig	Hlutfell	Ástand						Stig	Hlutfell	Tími		Stig	Hlutfell	
	Lóð innan gróingja pr. rými	Þrjú lóð rými pr. leikskóli	Þrjú lóð rými pr. leikskóling	Önnur leikskóling á lóð	Aðgang að útvistarv. í nágr.	Almanni ástand leikskóla			Alm. ástand undirlagsloft.	Almanni ástand barna	Alm. ástand gróingja og hlíða	Alm. ástand ljósingar á lóð	Alm. ástand lóðar, annað	Akkur leikskóla			Tími frá gerð / Jónker þegar lóðar				
Aðalþing	2	2	2	2	2	10	40%	4	4	4	4	4	24	80%	4	4	8	80%	42	65%	
Arnersmári	3	3	3	3	3	15	60%	3	3	2	2	2	14	47%	3	2	5	50%	34	52%	
Austurkór	2	2	2	2	3	11	44%	5	4	4	4	4	25	83%	5	5	10	100%	46	71%	
Álfheiði	3	3	3	4	3	16	64%	4	4	4	3	2	4	21	70%	5	5	10	100%	47	72%
Álfatún	2	2	2	3	4	13	52%	3	3	3	3	2	17	57%	3	3	6	60%	36	55%	
Beugur	3	2	2	2	3	12	48%	4	4	4	4	4	24	80%	4	4	8	80%	44	68%	
Delur	2	4	5	4	3	18	72%	4	5	4	3	4	5	25	83%	5	5	10	100%	53	82%
Efstíhjálli	5	4	3	2	3	17	68%	2	3	4	3	2	2	16	53%	2	3	5	50%	38	58%
Fagra brekka	2	4	4	3	2	15	60%	3	3	4	2	2	3	17	57%	3	2	5	50%	37	57%
Fífuselir	3	3	3	3	4	16	64%	4	4	4	4	3	3	22	73%	3	3	6	60%	44	68%
Furugrund	2	2	3	3	5	15	60%	4	5	4	4	4	5	26	87%	5	5	10	100%	51	78%
Graenatún	3	4	5	4	5	21	84%	4	5	4	3	5	5	26	87%	5	5	10	100%	57	88%
Kópa hvöll	5	3	3	3	5	19	76%	4	4	3	2	3	2	18	60%	3	2	5	50%	42	65%
Kópasteininn	3	4	4	4	4	19	76%	4	4	3	4	3	3	21	70%	3	2	5	50%	45	69%
Kór	5	2	2	2	2	13	52%	4	4	3	4	4	3	22	73%	4	4	8	80%	43	66%
Lækur (Stóri Lækur)	3	4	4	3	5	19	76%	3	3	4	3	3	2	18	60%	3	2	5	50%	42	65%
Lækur (Lítli Lækur)	5	4	5	4	5	23	92%	4	4	4	4	3	4	23	77%	4	4	8	80%	54	83%
Marbekki	2	3	3	2	5	15	60%	3	4	3	4	2	3	19	63%	3	4	7	70%	41	63%
Núpur	2	3	3	3	4	15	60%	3	4	4	4	3	4	22	73%	2	2	4	40%	41	63%
Rjúpnehæð	3	3	2	4	5	17	68%	4	3	4	4	3	4	22	73%	3	3	6	60%	45	69%
Sólhvörf	3	2	2	2	3	12	48%	4	4	4	4	4	3	23	77%	4	4	8	80%	43	66%
Urðarhóll (Kóp.br.)	3	3	3	3	5	17	68%	4	3	4	4	4	2	21	70%	4	4	8	80%	46	71%
Urðarhóll (Skólaströð)	5	5	5	4	2	21	84%	2	4	3	3	2	3	17	57%	2	2	4	40%	42	65%
meðaltal:	3,1	3,1	3,2	3,0	3,7	16	64%	3,6	3,8	3,7	3,4	3,2	3,3	21	70%	3,6	3,4	7	70%	44	68%

Tafla 50. Mat leikskólalóða í mismunandi flokkum.

### Aðstæður:

- Stærð útisvæða.  
Metið út frá gögnum um fjölda m<sup>2</sup> pr. barn (rými) og stærð lóða innan girðingar, sjá töflu 50. Metið var; nærri meðaltali (+/-5%), undir því og yfir því. Því stærra svæði, þeim mun meira pláss og minni átroðningur.
- Leiktæki.  
Notaðir voru tveir mælikvarðar. Annars vegar fjöldi barna (rýma) pr. leiktækja á lóð og hins vegar fjöldi barna (rýma) pr. leiktækjastig, sjá töflu 50. Metið var; nærri meðaltali (+/-5%), undir því og yfir því. Því færri börn um leiktækin, þeim mun betra.
- Önnur leiktækifæri.  
Sjá bls. 20. Metið var út frá fjölda atriða sem áttu við viðkomandi lóð m.t.t. fjölda barna (rýma) og flokkað í; nærri meðaltali (+/-5%), undir því og yfir því. Því fleiri stig, þeim mun fjölbeyttari lóð og fleiri leiktækifæri.
- Aðgengi að útivistarsvæðum í nágrenninu.  
Metið annars vegar út frá hversu langt var að fara frá leikskóla að útivistarsvæði og hversu örugg leiðin væri og hins vegar út frá stærð og fjölbreytni útivistarsvæðanna. Því fleiri stig, þeim mun betra er aðgengið og útivistarsvæðið betra.

### Ástand:

Eðlilegt þótti við mat á leikskólalóðum að ástand þeirra og búnaðar á þeim myndi vega þungt á metunum og eru því 6 af 13 mælikvörðum í þessum flokki. Starfsmenn garðyrkjudeildar, sem sjá um rekstrarskoðanir og viðhald leikskólalóðanna og alls þess sem þar er að finna, voru fengnir til að meta:

- Almennt ástand leiktækja,
- almennt ástand undirlags við leiktæki,
- almennt ástand annars búnaðar á lóð,
- almennt ástand girðinga og hliða,
- almennt ástand lýsingar á lóð og loks
- almennt ástand annarra lóðarhluta.

Gefin voru 1-5 stig fyrir hvern mælikvarða þar sem ástandið var metið: 1 = mjög slæmt, 2 = ekki nógu gott, 3 = í lagi, 4 = gott, 5 = mjög gott. Því fleiri stig, þeim mun betra er ástandi metið. Þess má geta að einkunnin 1 var aldrei notuð, enda er sem betur fer hvergi hægt að segja að ástand leikskólalóðanna eða annars á þeim sé mjög slæmt.


### Tími:

Í þessum flokki er metinn

- aldur leiktækja á lóðum annars vegar og
- hins vegar hvenær lóð var gerð eða endurgerð, eða réttara sagt sá tími sem liðinn er frá því.

Því fleiri stig, þeim mun yngri eru leiktækin og styttra tími liðinn frá gerð eða endurgerð lóðar.

Í töflu 50 eru niðurstöður matsins settar fram í tölum í fyrrnefndum þremur flokkum. Eins og sjá má eru niðurstöður stundum mismunandi eftir flokkum, t.d. þar sem aðstæður eru ekki góðar en ástand lóðar og búnaðar er gott. Tekin eru saman stig fyrir hvern flokk og síðan sett fram sem hlutfall af mögulegum hámarksfjölda stiga. Til auðkenningar er hlutfallstalan merkt með bláum lit ef hún er +/- 10% frá meðaltali, grænum lit ef hún er meira en 10% yfir meðaltali og með gulum lit ef hún er meira en 10% undir meðaltali.



Mynd 88. Börn að leik. FB.

# TILLÖGUR AÐ FORGANGSRÖÐUN Í ENDURGERÐ LEIKSKÓLALÓÐA

Í töflu 51 er samanlögðum niðurstöðum matsins stillt frá fæstum og upp í flest stig. Ekki kemur á óvart að nýendurgerðar lóðir raði sér efst, þar er ástandið að jafnaði best og síst þörf á endurbótum. Á sama hátt er eðlilegt að þær lóðir sem fá lökustu útkomuna verði í mesta forgangi hvað endurbætur varðar.

Til auðkenningar er hlutfallstalan merkt með bláum lit ef hún er +/- 5% frá meðaltali, grænum lit ef hún er meira en 5% yfir meðaltali og með gulum lit ef hún er meira en 5% undir meðaltali.

Forgangsröðun er hér sett fram til viðmiðunar. Sum verkin er hægt að vinna í áföngum, fara fyrir í ákveðna hluti og bæta ástandið verulega áður en hér greinir frá. Annarsstaðar er það óskynsamlegt.

	Aðstæður					Ástand							Tími		Stig	Hlutfall	Forgangur
	Löð innan girðingar pr. rými	Fjöldi rýma pr. leiktækj	Fjöldi rýma pr. leiktækjastig	Önnur leiktækjefari á löð	Aðgengi að útlitarsv. í neigr.	A lme nnt ástand leiktækja	A l m. ástand undirlags leikt.	A lme nnt ástand búnaðar	A l m. ástand girðinga og hlíða	A l m. ástand ljósingar á löð	A l m. ástand löðar, annað	A l m. ástand leiktækja	Tími frá gerð / endurgerð löðar				
Amarsmári	3	3	3	3	3	3	3	2	2	2	2	3	2	34	52%	1	
Álfatún	2	2	2	3	4	3	3	3	3	3	2	3	3	36	55%	1	
Fagrabrekka	2	4	4	3	2	3	3	4	2	2	3	3	2	37	57%	1	
Efstihjalli	5	4	3	2	3	2	3	4	3	2	2	2	3	38	58%	1	
Marbakki	2	3	3	2	5	3	4	3	4	2	3	3	4	41	63%	1	
Núpur	2	3	3	3	4	3	4	4	4	3	4	2	2	41	63%	1	
Aðalþing	2	2	2	2	2	4	4	4	4	4	4	4	4	42	65%	2	
Kópahvoll	5	3	3	3	5	4	4	3	2	3	2	3	2	42	65%	2	
Lækur (Stóri Lækur)	3	4	4	3	5	3	3	4	3	3	2	3	2	42	65%	2	
Urðarhóll (Skólatröð)	5	5	5	4	2	2	4	3	3	2	3	2	2	42	65%	2	
Kór	5	2	2	2	2	4	4	3	4	4	3	4	4	43	66%	2	
Sólhvörf	3	2	2	2	3	4	4	4	4	4	3	4	4	43	66%	2	
Baugur	3	2	2	2	3	4	4	4	4	4	4	4	4	44	68%	2	
Fífusalir	3	3	3	3	4	4	4	4	4	3	3	3	3	44	68%	2	
Kópasteinn	3	4	4	4	4	4	4	3	4	3	3	3	2	45	69%	2	
Rjúpnahæð	3	3	2	4	5	4	3	4	4	3	4	3	3	45	69%	2	
Austurkór	2	2	2	2	3	5	4	4	4	4	4	5	5	46	71%	3	
Urðarhóll (Kóp.br.)	3	3	3	3	5	4	3	4	4	4	2	4	4	46	71%	3	
Álfaheiði	3	3	3	4	3	4	4	4	3	2	4	5	5	47	72%	3	
Furugrund	2	2	3	3	5	4	5	4	4	4	5	5	5	51	78%	3	
Dalur	2	4	5	4	3	4	5	4	3	4	5	5	5	53	82%	3	
Lækur (Litli Lækur)	5	4	5	4	5	4	4	4	4	3	4	4	4	54	83%	3	
Grænatún	3	4	5	4	5	4	5	4	3	5	5	5	5	57	88%	3	
<b>Meðaltal:</b>	<b>3,1</b>	<b>3,1</b>	<b>3,2</b>	<b>3,0</b>	<b>3,7</b>	<b>3,6</b>	<b>3,8</b>	<b>3,7</b>	<b>3,4</b>	<b>3,2</b>	<b>3,3</b>	<b>3,6</b>	<b>3,4</b>	<b>44</b>	<b>68%</b>		

Tafla 51. Heildarmat leikskólalóða, flokkað eftir stigagjöf.

## Verk sem falla undir verkefnið, flokkuð í áfanga 1-3.

Hafa verður fyrirvara á þeirri röð sem hér er sett fram varðandi endurbætur á leikskólalóðunum, því hún getur af ýmsum orsökum breyst. Frekar ætti að líta til þessara þriggja megináfanga, þ.e. 1. áfanga sem brýnast er að fara í að mati starfshópsins, 3. áfanga sem síst liggur á, og síðan 2. áfanga.

### Áfangi 1:

#### Arnarsmári

Endurgera lóð að miklu leyti, minnka malarsvæði, gera afgirt ungbarnasvæði og útikennslusvæði. Endurnýja hluta leiktækja og leiktækjaskúr, setja nýtt undirlag o.fl. Endurnýja alla lýsingu á lóð og stóran hluta girðingar.

#### Álfatún

Endurnýjun leiktækja og undirlags á núverandi malarsvæði, fjölga leiktækjum og leiktækifærum á lóð. Gera nýtt hlið á norðanverða girðingu og tengja með stíg niður í dalinn.

Fagrabrekka Endurnýja hluta norðurgarðs og svæðis við húsgafl og leiktækja sem þar eru. Endurnýja undirlag og endurskoða hluta lóðarinnar.

#### Efstihjalli

Endurnýja hluta leiktækja og undirlags og fjölga leiktækjum og leiktækifærum, auka trjágróður á lóð, setja upp leikfangaskúr og hjólagrindur, gera matjurtagarð, bæta lýsingu á bílastæðum o.fl.

#### Marbakki

Fjölgun leiktækja og ýmsar endurbætur. Bæta lýsingu við bílastæði. Athuga möguleika á stækkun lóðar til suðurs og gera þar útikennslusvæði.

#### Núpur

Endurnýjun leiktækja og undirlags, gert eldstæði o.fl.

### Áfangi 2:

#### Aðalþing

Ýmsar endurbætur á lóð, útskipti á leiktækjum þegar komið er nær endurnýjunartíma þeirra.

#### Kópahvoll

Endurnýja tröppur frá Bjarnhólastíg eða breyta aðgengi. Endurnýjun hluta leiktækja og lóðar, ásamt því að skipta um undirlag. á Samhliða því verði athugað með fjölgun tækja of.l.

#### Stóri-Lækur

Endurnýjun leiktækja ásamt endurnýjun undirlags, hugað að breytingum á suðurlóð ásamt stígum og svæði næst húsi.

#### Urðarhóll – Skólatröð

Ekki er hægt að fara í endurgerð lóðar eða leiktækja fyrr en fyrir liggur hvert framhaldið verður.

#### Kór

Setja gúmmihellur og gervigras undir leiktækki, fjölga leiktækjum, setja upp eldstæði, auka trjágróður o.fl.

#### Sólhvörf

Endurhanna norðurgarð og gera þar fjölnota svæði fyrir hreyfileiki, endurnýja undirlag, auka gróður á lóðinni o.fl.

#### Baugur

Endurskoða nýtingu norðaustur hluta lóðar, fjölga þar fjölbreyttum leiktækjum og leiktækifærum.

#### Fífusalir

Endurnýjunar leiktækja vegna aldurs, skipt um undirlag o.fl.

#### Kópasteinn

Setja upp girðingu í holtinu norðanverðu og gera þar útikennslusvæði.

#### Rjúpnahæð

Endurnýjunar leiktækja vegna aldurs, skipt um undirlag, skoðaður möguleiki á fjölgun leiktækja o.fl.

### Áfangi 3:

#### Austurkór

Gera lóðina áhugaverðari og auka leiktækifæri, t.d. með gerð jafnvægis- og klifursvæðis, og auka gróður á lóð.

#### Urðarhóll – Kópavogsbraut

Setja upp „drullumallssvæði“ og klifurtækki, gervigras á fótboltasvæði o.fl.

#### Álfaheiði

Bæta lýsingu við bílastæði, gera yfirbyggt svæði fyrir hlutverkaleiki.

#### Furugrund

Athuga fjölgun leiktækja og leiktækifæra á lóð.

#### Dalur

Lóðin var endurgerð 2015-2016.

#### Litli-Lækur

Auka gróður innan lóðarinnar og endurnýja undirlag leiktækja.

#### Grænatún

Ljúka síðari áfanga lóðarinnar vorið 2017; gerð „náttúrusvæðis“ með þrautabraut í, gróðursetning, endurnýjun hluta girðingar o.fl.

## LOKAORÐ

Á næstu árum er fyrirjábanlegt að mikið verður gert í endurbótum á leikskólalóðum Kópavogsbæjar, enda mikið verk þar að vinna. Eins og nefnt er fyrr í þessari skýrslu er nauðsynlegt er að vanda vel til verka og á það ekki síst við um undirbúningsvinnuna, áður en að framkvæmdum kemur.

Í tengslum við verkefnið um skemmtilgri leik- og grunnskólalóðir hefur verið tekin upp ný vinnutilhögun. Við meiriháttar endurhönnun og endurgerð leikskóla- og grunnskólalóða er skipaður starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af starfsfólki umhverfissviðs og menntasviðs, viðkomandi leikskóla- eða skólastjóra, ásamt fulltrúum leikskóla- eða grunnskólakennara og foreldra, auk landslagsarkitekts. Þessi tilhögun hefur skilað sér í mikilli ánægju skólasamfélagsins með þær framkvæmdir sem þegar hafa verið unnar.

Það er von okkar sem störfuðum í starfshópi um skemmtilegar leikskólalóðir og vinnan sem lögð hefur verið í þessa skýrslu komi að gagni og skili sér í verkefnið á næstu árum.



Mynd 89. Leikskólastjórar og starfsmenn leikskóladeildar sumarið 2000 við víslu Leikskólalundar í Lækjarnesi í Kópavogsdal. FB.

9. mars 2017

F.h. starfshóps um skemmtilegar leikskólalóðir,  
Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar



Mynd 90. Sólsetur. GH.

# HEIMILDIR - VINNUGÖGN OG MYNDASKRÁ

---

## HEIMILDIR OG VINNUGÖGN

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Áætlun um útikennslusvæði í Kópavogi (drög). 2016. Menntasvið og Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. 2014. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Aðalskoðun leikskólalóða í Kópavogi 2015 – skýrslur. Apríl 2015. BSI á Íslandi.

Aðalskoðun leikskólalóða í Kópavogi 2015 – kynning fyrir leikskólastjóra. Október 2015. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Bílastæði hreyfihamlaðra við stofnanir Kópavogsbæjar - úttektarskýrsla. Júlí 2014. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Bílastæði við leikskóla Kópavogs. Desember 2014. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Flatarmál leikskólahúsnæðis og leikskólalóða. 2016. Fasteignamat ríkisins og byggingarfulltrúi Kópavogsbæjar.

Leikskólalóðir í Kópavogi 1996-2016 – yfirlit yfir helstu framkvæmdir. 2016. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Leikskólar Kópavogs – fjöldi nemenda og starfsfólks 2016. 2017. Menntasvið Kópavogsbæjar.

Leikskólar Kópavogs – fjöldi nemenda 2000, 2005 og 2010. 2016. Menntasvið Kópavogsbæjar.

Leikskólar Kópavogs – fjöldi bílastæða við leikskóla. 2014. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Leikskólar Kópavogs – upplýsingar af heimasíðum. 2016.

Málefнасamningur um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Kópavogs 2014-2018. 2014. Sjálfstæðisflokkur og Björt framtíð.

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002.

Rekstrarskoðun leikskólalóða í Kópavogi – skýrslur. Nóvember-desember 2016. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Skóla- og leikskólalóðir í Kópavogi – yfirlit um ástand lóða. Október 1994. Bæjarskipulag Kópavogs.

Skólar á grænni grein á Íslandi. 2017. grænfaninn. landvernd.is

Umhverfi og heilsa barna í norrænum leikskólum. Júlí 2007. Norræna ráðherranefndin.

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs. 2006. Menntasvið Kópavogsbæjar.

## MYNDASKRÁ

BM: Bent Marínósson

FB: Friðrik Baldursson

GH: Gunnþór Hermannsson

LUKK: Landupplýsingakerfi Kópavogsbæjar

Landvernd: [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is)

NN: Ljósmyndari óþekktur.

**Bréf til leikskólustjóra:**

10. desember 2015

## **„Skemmtilegri leikskólalóðir“**

Í málefnaáætlun um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Kópavogs kjörtímabilið 2014-2018 segir í kaflanum um skóla- og menntamál:

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf að skerpa á ýmsum þáttum innan skólanna sem snúa að náminu en um leið tryggja að börnunum líði vel í skólanum og að hugað sé að velferð þeirra í hvívetna. Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði verður elft, farið verður í stefnumótandi verkefni um leið og ráðist verður í framkvæmdir á ýmsum sviðum.

Eitt þessara verkefna er skemmtilegri skóla- og leikskólalóðir.

Í nýsamþykktri fjárhagsáætlun fyrir 2016 eru fjárveitingar ætlaðar þessum framkvæmdum og gert er ráð fyrir að svo verði næstu árin þar sem verkefnið er yfirgripsmikið. Settir hafa verið á laggirnar tveir starfshópar skipaðir starfsmönnum Umhverfissviðs og Menntasviðs, annars vegar fyrir grunnskólalóðir og hins vegar fyrir leikskólalóðir, en verkefnisstjóri hópanna er undirritaður. Starfshópunum er m.a. ætlað að kynna sér ástand lóða, meta þörf á endurgerð þeirra og gera tillögur um forgangsröðun verkefna til næstu ára.

Með „skemmtilegri“ lóðum er ekki aðeins átt við að gera lóðirnar fjölbreyttari og auka notagildi þeirra fyrir alla aldurshópa, heldur einnig að sinna meiriháttar viðhaldi og eðlilegri endurgerð lóðanna og búnaðar á þeim. Þetta getur m.a. náð til leiktækja o.þ.h. búnaðar og -tækja, breytinga á yfirborði lóða, lýsingar og girðinga svo nokkuð sé nefnt.

Verkefnið verður unnið í samstarfi við leikskóla og foreldrafélög. Því er hér með óskað eftir ábendingum og stuttri greinargerð frá hverjum leikskóla um hvað er talið brýnast að gera á hverjum stað. Mikilvægt er að greinargerðin verði unnin í samráði við skólaráð og stjórnir foreldrafélaga. Æskilegt er að greinargerðin berist undirrituðum í síðasta lagi 15. mars 2016.

Virðingarfyllt,  
Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri  
fridrik@kopavogur.is



## VIÐAUKI II - GREINARGERÐIR FRÁ LEIKSKÓLUM

### AÐALÞING:

Greinargerð leikskólans Aðalþings - Skemmtilegri leikskólalóðir

Greinargerð þessi var unnin af foreldrum og kennurum Aðalþings. Henni er ætlað að skýra frá væntingum og óskum beggja aðila um framtíð lóðar leikskólans. Brynustu verkefni verða sett fram fyrst og svo koll af kolli eftir því hve aðkallandi verkefni teljast.

Þegar hugað er að viðhaldi á lóð Aðalþings ber að hafa í huga smæð lóðarinnar. Leiksvæði innan girðingar er u.þ.b. 2600 m<sup>2</sup> og börnin sem þetta svæði nýta eru 120. Þetta skapar mikið álag á allt sem í lóðinni er, svo sem grasflöt, leiktæki og tré.

### Slysaþætta-viðhald

Frárennismál á lóð Aðalþingsu er óviðunandi. Nokkra daga á áru eru börnin í hættu og stundum reynist nauðsynlegt leggja útivera af vegna slysaþættu. Þegar þessir erfiðustu dagar ársins eiga ekki við eyðir starfsfólk leikskólans samt sem áður ómældum tíma í að vatnsræsta, sópa frá leiktækjum og hreinsa niðurföll. Að laga frárennislvandamálið er stór framkvæmd en samt gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagið sem leikskólinn Aðalþing er. Ef ekki er hægt að veita vatninu frá garðinum þarf að endurhugsa landslagið í garðinum svo hann sé ekki dýpstur í miðjunni.

Fyrir framan sandkassa Aðalþings eru gúmmihellur sem eru farnar að skemmast. Orpnir kantar þeirra hafa valdið slysum og óhöppum. Þessum hellum þarf að skipta út hið snarasta.

### Almennt viðhald

Grasflöt Aðalþings þarfnast endurnýjunar/viðgerða. Mottum sem komið var fyrir í miklum halla í grasinu hafa færst til og þarfnast einnig yfirferðar.

Trjábeð á lóðinni eru farin að þarfnast hreinsunar og áburðar.

Í ljósi dóms sem féll í Héraðsdómi Reykjaness varðandi foreldri sem rann í hálfu við leikskóla í Hafnafirði, teljum við mikilvægt að Kópavogsbær geri áætlun um hálfuvarnir við leikskóla og kynni þær starfsfólki skólans.

### Leiktæki-endurnýjun/viðbætur

Gormatækin tvö eru nánast ónýtt, plastsætin eru byrjuð að brotna og ýmsir hlutar farnir að losna.

Á Aðalþingi er ein róla ætluð yngstu börnunum sem óskað er eftir að verði fjarlægð. Ein róla fyrir 30 börn, sem eru að læra listina að skiptast á, hefur oft skapað mikinn óróleika í barnahópnum og valdið þeim meiri erfiðleikum en ánægju. Að bíða er mikilvæg og góð æfing en bið eftir þessari rólu getur verið löng of erfið. Í staðinn fyrir róluna væri vænlegra að setja útileiktæki sem býður uppá hlutverkaleik og er aðgengilegt yngsta barnahópnum. Hugmyndir sem upp hafa komið eru bátur, bill eða strætó. Óskað er eftir borði í miðjan sandkassann.





Laggt er til að sett verði upp efni til jafnvægisæfinga fyrir aftan hólinn/brekkuna í Aðalþingi. Börnin á Aðalþingi nota oft sandkassan til jafnvægisæfinga en fallið niður er mjög hátt á ákveðnum stað. Jafnvægisæfingar á grasflöt væri vænlegri kostur.

Í Aðalþingi verður mjög vindasamt. Gott væri að setja upp skjólvegg í fyrir austanátt þar sem yngri börn skólans geti komið sér fyrir á vindsömum dögum. Góður staður er til dæmis við stóra sandkassann eða við pallinn.

Á Íslandi eru börnum úthlutað litlu rými innan veggja leikskólans, erlendir gestir sem heimsótt hafa Aðalþing hafa flestir tekið eftir og undrast þetta. Þessi og aðrir þættir gera það að verkum að útivera er mjög mikilvæg börnunum og að leikskvæðið við skólann sé viðunnandi. Það er mikill áhugi hjá foreldrum og starfsfólki Aðalþings til þess að þróa lóð skólans og aðlaga hana þörfum barnanna. Eins og fram hefur komið er lóðin lítil og á henni mikið álag, það er aldrei eins sýnilegt og þegar vorar og snjó tekur að leysa. Kennarar og foreldrar Aðalþings hafa ákveðið að hafa Garðadag fjölskyldunnar í maí á hverju ári þar sem við munum gerum okkar besta með að hreinsa til á leikskólalóðinni og undirbúa fyrir sumarið. Þetta verður gert í samráði við Garðyrkjustjóra Kópavogs. Gerð þessarar greinagerðar hefur skapað umræðu innan skólans og þökkum við þetta skemmtilega tækifæri.

Með vinsemd og virðingu, fyrir hönd kennara og foreldra á Aðalþingi.

Helga Hreiðarsdóttir



## ARNARSMÁRI:

Skemmtilegri lóð í Arnarsmára

Ábendingar og óskir frá kennurum og foreldraráði

Það skal tekið fram strax í upphafi lóðin í Arnarsmára er stór og býður upp á mikla fjölbreytni.

En það er komið að ýmsu viðhaldi og gott væri að fá einhverja nýbreytni.

Neðangreind þrjú atriði hafa verið á lista sem undirrituð hefur sent vegna viðhalds á lóð í nokkur ár:

1. Þar sem börnin í skólanum hafa yngst mjög þyrfti að vera hægt að skipta hópnum stundum. Það þyrfti að girða af baklóðina fyrir yngstu börnin.

2. Við hönnun skólans gleymdist að gera ráð fyrir geymslu fyrir útileikföng og fannst mjög lítill skúr hjá bænum sem settur var til bráðabirgða á lóðina og er hann þar enn, 18 árum síðar, allt, allt of lítill. (Gott væri að nýr skúr væri ekki með tröppum, erfitt að ganga frá t.d. hjólum)

3. Gott væri að fá gerfigras (af því sem er endurnýjað) bak við stóra sandkassann, það svæði er mikið notað sem sparkvöllur.

- Ef byrjað er á að taka það viðhald sem komið er að ber fyrst að nefna lítinn kastala fyrir yngri börnin, búið er að fjarlægja rennibrautina af honum og hann er orðinn lúinn og fúinn.
- Litlir kofar eru orðnir fúnir og þyrfti að fjarlægja.
- Girðingin er farin að halla undir flatt á nokkrum stöðum.
- Ljósastaurar á lóðinni eru óhentugir, kúplar oft brotnir.
- Mála leiktæki
- Á neðra svæðinu safnast alltaf mikið vatn, þar mætti skipta um jarðveg og t.d. gera þrautarbrautir.
- Grisja tré og setja skyggni, markísu (skjól)
- Fá stóran kofa opinn að framan (þrjár hliðar)

Útielldhús með drullumalli

Klifurveggur

Fá aðra saltkistu undir skóflur og fötur

Þetta eru helstu niðurstöður kennara og foreldraráðs.

Brynja Björk Kristjánsdóttir

Leikskólustjóri Arnarsmára

## AUSTURKÓR

### Skemmtilegar leikskólalóðir - Austurkór

Stjórnendur telja hönnun útisvæðis ágætt vegna þess hve auðvelt er að hafa yfirsýn yfir það og lítið um skot og feluhorn. Uppbygging svæðisins er mjög hefðbundið og hafa strax verið gerðar breytingar til að auka fjölbreyttni s.s. drullu-eldhús, drullusvæði. Einnig hefur starfsfólk skólans sett upp eldstæði (sem var skemmt utan skólatíma og þarf að laga).

Við myndum vilja bæta hönnun svæðisins á ýmsan hátt s.s. bæta aðgengi að vatni, gera „dauð“ svæði áhugaverð, vantar leiksvæði til að æfa jafnvægi og klifur (til að æfa efri part líkamans), bæta og afmarka drullusvæði, gera matjurtasvæði ræktanlegt.

Ýmsar viðgerðir og úrbætur hafa verið gerðar en ekki hefur fengist lausn á öllum göllum. Pollamyndun er mikil og þarf að skoða dren, gras er ónýtt víða, skoða hitalögn á gangstéttum. Ljósastaurar eru komnir í lag og eru nú vindheldir. Leikfangaskúr hefur verið endurbættur og eru nú hillur o.fl. til að bæta aðgengi að leikföngum og bæta geymslupláss.

## ÁLFAHEIÐI

Skemmtilegri leikskólalóðir

Leikskólinn Álfaheiði óskar eftir eftirfarandi:

Hlutverkaleikur



Falllega yfirbyggt svæði þar sem hægt að að skapa skemmtilegan hlutverkaleik allan ársins hring , sjá ýmsar útfærslur

[https://www.google.is/search?q=mud+kitchen&espv=2&biw=1280&bih=899&site=webhp&tbm=isch&imgil=-Mp2Drq9A102JM%253A%253BJmL\\_HgtmqLr7mM%253Bhttp%25253A%25252F%25252Fwww.abcdoes.com%25252Fabc-does-a-blog%25252F2015%25252F09%25252Fmake-a-mud-kitchen-its-a-must%25252F&source=iu&pf=m&fir=-Mp2Drq9A102JM%253A%252CJmL\\_HgtmqLr7mM%252C\\_&usg=\\_\\_j\\_Bjlge-HfLbs9azVNrwIAiEzLd0%3D&ved=0ahUKEwiSvc3Uj53LAhXGMB0KHdb7DXgQyjclLg&ei=b03UVtLJlcbhaN-b3t8AH#imgsrc=DIWuYsw7\\_fCSLM%3A](https://www.google.is/search?q=mud+kitchen&espv=2&biw=1280&bih=899&site=webhp&tbm=isch&imgil=-Mp2Drq9A102JM%253A%253BJmL_HgtmqLr7mM%253Bhttp%25253A%25252F%25252Fwww.abcdoes.com%25252Fabc-does-a-blog%25252F2015%25252F09%25252Fmake-a-mud-kitchen-its-a-must%25252F&source=iu&pf=m&fir=-Mp2Drq9A102JM%253A%252CJmL_HgtmqLr7mM%252C_&usg=__j_Bjlge-HfLbs9azVNrwIAiEzLd0%3D&ved=0ahUKEwiSvc3Uj53LAhXGMB0KHdb7DXgQyjclLg&ei=b03UVtLJlcbhaN-b3t8AH#imgsrc=DIWuYsw7_fCSLM%3A)

- Útilistaverk sem lýsir hugmyndafræði leikskólans
- Hugmyndin er að efna til hugmyndasamkeppni meðal foreldra, barna og starfsmanna um útilistaverk sem lýsir hugmyndafræði leikskólans. Fengnir yrðu listamenn og hönnuðir úr Kópavogi ásamt starfsmanni, foreldri og elsur börnum leikskólans til að velja úr bestu tillöguna. Skemmtilegt væri að fá listamann úr Kópavogi til að aðstoða við að útfæra vinningshugmyndina og hjálpa til við að vinna hana áfram með börnum og starfsmönnum.
- Ef það gengur ekki þá væri gaman ef Kópavogur ætti listaverk sem gæti prýtt aðkomuna að skólanum. Falleg listaverk hafa uppeldislegt gildi og gefa Kópavogsbæ skemmtilegt yfirbragð.
- Til gamans má geta að merki leikskólans var unnið fyrir nokkrum árum eftir eftir samskonar hugmyndasamkeppni og áætlað er að efna til.
- Lagfæra girðingu
- Lagfæra hluta af girðingu sem verið hefur í 25 ár.
- Lýsing
- Auka lýsingu vestan megin á lóðinni.
- Girða kartöflugarð
- Girða kartöflugarð með fallegri girðingu í anda Ásgarðs.
- Útskorin skilti
- Fá útskorin skilti úr tré með nafni leikskólans og deildum í anda Sólheima, við inngang leikskólans og við inngang á deildir.

## ÁLFATÚN

Óskir frá leikskólanum Álfatúni:

- Ævintýralega skemmtilega klifur /þrauta grind
- Bæta við „þrautum“ í kringum rennibrautina
- Útielldhús við „drullumallasvæðið“
- Plexigler í stað hluta af trégrindverki fyrir framan 1. hæð og uppi
- Kofa / gormadýr /rör /körfuboltaspjald
- Mála mark á vegg og „parís“ ofl. á stétt
- „Tónlistar- hljóðavegg“
- Meira náttúruæfni s.s. tréstubba
- Nýtt aðgengi niður í dalinn og stíga-gerð í framhaldi

Við erum með „ævintýralega skemmtilegan“ dal við túnfótinn sem væri hægt að nýta svo mikið betur ef yngri börnin hefðu betra aðgengi að honum – Leiðin sem allir hafa núna er þung á fótinn þegar við tölum um 1- 2ja ára börn.

Með kveðju

Lilja Kristjánsdóttir, leikskólastjóri

## BAUGUR:

### „Skemmtilegri leikskólalóðir“

Garðurinn í leikskólanum Baugi er stór en miðað við stærð þyrfi hann að bjóða upp á fleiri möguleika í leiktækjum og efnviði. Einnig er Baugur fjölmennasti leikskóli Kópavogs og mikið af börnum yngri en 2ja ára. Þar af leiðandi þyrfti garðurinn að vera tvískiptur fyrir yngri og eldri börn og leiktæki og efniviður í samræmi við það. Okkar óskir og tillögur:



Nýjar rólur í stað körfurólu.



Fjölbreytt leiktæki sem byggja á samvinnu barnanna.



Fjölbreytt leikefni úr efniviði sem gefur ýmsa möguleika, t.d. í málörvun, hreyfingu og samhæfingu






Rennibraut í brekkuna fyrir ofan húsið.



Fjölbreytt leikfni úr náttúrlegum efnivið sem bíður upp á þor og kjark



Fjölbreytt leikfni úr efnivið sem gefur ýmsa möguleika, t.d. í málörvun og hreyfingu



Bekkir fyrir börn, foreldra og starfsfólk



Hjóla- og kerrugeymsl sambærileg við leikskóla Austurkór.



Útielldhús sem b upp á hugmynda ímyndunarafli.

## DALUR

### Skemmtilegri leikskólalóðir

Við viljum fyrst og fremst þakka fyrir þá vinnu sem unnin var þegar leikskólalóðin við Dal var endurhönnuð og endurgerð. Mjög gott samstarf milli allra aðila, arkitekts, foreldra, leikskólustarfsmanna og yfirmanna hjá Kópavogsbæ þar sem sjónarmið allra aðila fengu hljómgrunn.

Eftirfylgni arkitekts var til sóma og eins vinnan hjá þeim sem unnu í garðinum. Mikil samvinna milli okkar allra og mjög góð samskipti.

Það er mikil breyting frá því sem var þar sem kominn er meiri náttúrulegur efniviður á lóðina. Girðing að hluta úr við, geymsluskúr klæddur að utan með við, viðarpallar og þrautabrautir úr við. Tækjabúnaður er mun betri, fjölbreyttari og barnvænni. Undirlag er allt miklu betra þar sem minnkað hefur verið malbik og mól varla lengur sjáanleg, í stað eru grasmottur og gúmmihellur. Lýsingu var einnig breytt og var það til bóta. Notagildi garðsins og fjölbreytni í leiktækifærum jókst til muna við breytinguna.

Það eru allir sammála um að þetta verkefni var fagmannlega unnið á allan hátt og til sóma fyrir Kópavog að vinna þetta á þennan hátt. Samstarfsverkefni til eftirbreytni.

Kveðja fyrir hönd foreldra og starfsmanna leikskólans Dals

Sóley Gyða leikskólustjóri

Leikskólinn Dalur

Nóvember 2016

## EFSTIHJALLI

Efstihjalli hugmyndir af leiksvæði

Setja tré og runna á lóðin upp við bílastæði

Vera með fjölbreytta berjarunna

Skúr fyrir útileikföng

Kurl í beð þar sem mikil bleyta er

Kartöflugarð

Betra aðgengi í vatn fyrir sulluleiki/drullumall

Setja fjölbreytileg tré í garðinn með haustliti í huga

Fuglahús og bretti þar sem hægt er að setja mat fyrir fuglana


Statíf fyrir hjól og fyrir kerrur

Setja upp lítinn pall norður (vestur) af Kattholti

Aðrar hugmyndir voru teiknaðar upp og fylgja með.




Éfthelgell.



Hús

Éfthelgell.



## FAGRABREKKA

### Leikskólinn Fagrabrekka - Lóðin

Það er komin tími á ýmist viðhald og úrbætur á leikskólalóð leikskólans Fögrubrekku.

- Malarundirlag í suðurgarði: Mölin fer upp á stétt og skapar hættu, það er erfitt fyrir starfsmenn að hlaupa til ef þess þarf og það er ekki nægilega djúpt niður á jarðveg undir henni til að hún virki sem skildi sem fallundirlag. Best væri að fá gúmmíundirlag þarna.
- Girðing: Í kringum leikskólann er viðargirðing, hún takmarkar mjög útsýni barnana útaf lóðinni og væri æskilegt að skipta henni út fyrir málmgirðingunum sem notast er við í dag.
- Það þarf að treysta lásinn á grind sem er fyrir neyðarútganginn, börnin geta opnað grindina utanfrá og það er fallhætta sem hlýst af því þar sem stiginn upp frá neyðarútganginum er brattur.
- Gras lóðar í suðurgarði er orðið ónýtt.
- Hólar í norðurgarði, norðaustur horni, eru orðnir holóttir og gras orðið lélegt.
- Pallur í norðurgarði er orðin ónýtur. Hann umlykur svokallaðan kartöflugarð, sem ekki var hægt að nota sem slíkan útaf skemmdarverkum. Börnin hafa smíðað drullumalls eldhús í honum og væri æskilegt að halda í smá svæði til slíks leiks en ef pallurinn væri rifin losnaði um mikið pláss sem mætti nýta td. til að gera þrautabraut eða bæta við leiktækjum.
- Eins er dótaskúr í norðurgarði allt of lítil og liggur búnaður undir skemmdum útaf því.
- Stór kastali er í suðurgarði en steinkantur sem markar skil malarundirlags og gras er of nálægt honum. Ef börn detta úr kastalanum er mikil hættu á að þau lendi á þessum kanti.
- Á milli norðurgarðs og suðurgarðs er hæðarmunur upp á nærri því heila hæð, brekka vestan leikskólans tengir garðana og þar þarf að taka allt í gegn. Á veturnar er göngustígur niður hana hættulegur vegna hálfu og þarf að finna lausn á því. Þetta væri upplagður staður til að gera sleðabrekku ef gróður og girðingar væru fjarlægðar og fyrir rennibraut í brekkunni. Hinsvegar þarf fyrst að tryggja örugga gönguleið þarna um.
- Tæki á lóð þarfnast öll yfirferðar og er ósk um einhverja endurnýjun þar. Það vantar valkosti fyrir allar yngstu börnin, td. gormruggari. Klifurveggur í norðurgarði er ónýtur og er ósk um að fá svolítið krefjandi þrautabraut með jafnvægis og klifuræfingum. Það væri hægt að staðsetja slíkt þar sem pallur er í dag.
- Það er sérstök ósk foreldrafélagsins að notagildi norðurgarðs verði aukið til að börnin hafi möguleika á fjölbreyttari leik útivið á leikskólatíma.
- Það er ósk okkar að þessir punktar verði hafðir til hliðsjónar og að farið verði í umbætur á lóðinni sem fyrst. Það er aðkallandi bæði fyrir öryggi og ánægju barna okkar sem og til að auka starfsánægju starfsmanna.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Fögrubrekku,  
Anna Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Kópavogur 11. mars 2016

Beiðni kom frá bæjaryfirvöldum að leikskólinn í samráði við foreldraráð sendi inn tillögur um "skemmtilegri leikskólalóðir".

Það var samróma álit allra er koma að málefnum Fífusala að koma lóðinni í ásættanlegt horf áður en farið verður í aðrar breytningar. Það þarf að sinna almennu viðhaldi betur á lóðinni t.d þarf að laga drenlagnir á ansi mörgu stöðum. Það safnast alltaf vatn við kofana og eins undir brúnni, þrátt fyrir að hafa verið lagað sl sumar en ljóst er að sú lagfæring dugði ekki.

En aðrar hugmyndir sem við teljum nauðsynlegar eru :

Mjúkt undirlag  
Rólur fyrir yngstu börnin  
Sparkvöllur þar sem grasið er. ( Það er alltaf ein leðja).  
Laga vatnshannan í garðinum fyrir börnin

Eins þarf að gera átak í matjurtargarðinum breyta og laga ýmislegt, sem við þurfum aðstoð við, t.d.

Grisja rifsberjarunna  
Skít í beðin  
Tæma tunnur og safnkassa

Ýmislegt annað mætti bæta á þennan lista en látum þetta duga að sinni.

Með von um jákvæðar undirtektir,

f.h foreldraráðs og starfsmanna Fífusala

Erla Stefania Magnúsdóttir  
Erla Stefania Magnúsdóttir, leikskólastjóri

## FURUGRUND

Kópavogi 09.02.2017

Efni/ skemmtilegar leikskólalóðir

Lóðin í leikskólanum Furugrund er í alla staði til fyrirmyndar eftir gagngerar endurbætur sem gerðar voru á lóðinni árin 2013 og 2014. Það væri mjög skemmtilegt og til bóta að fjölga leiktækjum og hanna og útbúa svæðið vestan við húsið t.d. með því að gera moldarsvæðið gagnlegra með aðgangi að vatni og innréttingu sem býður upp á búleik.

Með kveðju  
Helga E. Jónsdóttir  
Leikskólastjóri

## GRÆNATÚN

Skemmtilegar leikskólalóðir

Leikskólinn Grænatún fékk leikskólalóðina gerða upp sumarið 2016 og var vinnsla á þeirri framkvæmd til fyrirmyndar, bæði af hálfu Kópavogsbæjar, arkitekta og framkvæmdaraðila. Áætluð lok á framkvæmd er vor 2017.

Í fyrstu fundaði Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri með fulltrúum starfsmanna Grænatúns, foreldrum úr stjórn foreldrafélags og foreldraráðs, arkitekt og fulltrúum menntasviðs.

Í allri vinnslu var haft samráð við alla þá aðila sem koma að skólanum og fengu allir foreldrar og starfsmenn að koma með sínar hugmyndir að gerð lóðar þegar drög lágu fyrir.

Við í Grænatúni erum mjög sátt með alla vinnslu að gerð lóðar og síðast en ekki síst ber að nefna samvinnu við verktakana Atla og Þórveigu sem eiga stórt hrós skilið fyrir fagmennsku í verki og frábært samstarf við starfsfólk og börn Grænatúns.

f.h. starfsfólks Grænatúns

-----  
Sigríður Ólafsdóttir  
Leikskólastjóri Grænatúns

f.h. foreldraráðs

-----  
Jón Ingvar Bragason  
Foreldraráð Grænatúns

### Inngangur

Hér gefur að líta greinargerð sem óskað var eftir frá leikskólum Kópavogsbæjar vegna verkefnisins „Skemmtilegri leikskólalóðir“ sem stofnað er til vegna málefnasamnings í meirihlutasamstarfi bæjarstjórnar Kópavogs um skóla- og menntamál. Við vinnslu þessarar greinargerðar var leitað til allra starfsmanna leikskólans og gafst þeim öllum kostur á að koma tillögum sínum á framfæri bæði með hliðsjón af uppeldislegu gildi leikvallar og vegna öryggis og eðlilegs viðhalds. Auk þess var tekið tillit til ábendinga frá foreldrum í foreldraráði skólans. Nú er viðamikilli foreldrakönnun lokið þar sem rúmlega 90% foreldra við skólann tóku þátt í og þar bárust töluvert magn af ábendingum varðandi upplifun þeirra á skólalóðinni. Einnig fóru starfsmannasamtöl fram nýlega og þar bættust við fleiri athugasemdir. Þessi greinargerð byggir á öllum þessum athugasemdum og ábendingum. Þau atriði sem nefnd voru tók leikskólastjóri saman, flokkaði og setti þessi atriði í fjóra meginflokka sem eru öryggismál, uppeldis- og menntunarlegt gildi, umhverfsgildi og viðhald á útisvæði. Þessum atriðum verður gerð skil hér á eftir.

Kópavogur, apríl 2016,  
Linda Hrönn Þórisdóttir, leikskólastjóri  
Leikskólinn Kópahvoll

### Öryggismál

Girðing á milli efri og neðri hluta garðsins:

Umræður hafa verið um langt skeið bæði hjá starfsmönnum og foreldrum að girða á milli efri og neðri hluta garðsins og setja hlið á girðinguna á tveimur stöðum. Brekkan er mjög brött og á veturna renna börnin niður og eiga erfitt með að komast aftur upp. Oft þurfa starfsmenn að sækja börnin í brekkuna og eiga sjálfir mjög erfitt með að fóta sig og er þar öryggi bæði starfsmanna og barna í hættu.

Lagfæra girðingu á svæði ætluðu yngstu börnunum

Girðing sem er á svæði ætluðu yngstu börnunum er mjög lág og standa börnin upp á henni og geta þannig opnað hliðið sem vísar að ruslafötunum og út af leikskólalóðinni.

Lagfæra hellur og endurskoða undirlag, tröppur og göngustíg að skólanum

Fara þarf í gegnum hellur á útisvæðinu og lagfæra tröppurnar sem eru brattar og margar að skólanum. Misfella er í hellunum og hálfan á veturna gerir það að verkjum að tröppurnar eru mjög hættulegar. Þá þarf að huga að aðkomunni við hliðið hjá bílastæðinu en þar er dæld sem í safnast pollar og hálkublettir myndast. Bæði foreldrar og starfsmenn telja mikilvægt að huga að undilaginu og hafa víða gúmmíhellur. Yfirfara þarf snjóbræðslu í stétt og tröppum.

Lagfæra og endurskoða hliðin

Endurskoða þarf hliðin þrjú að leikskólanum en stærstu börnin geta auðveldlega opnað hliðin sjálf. Hliðin eru farin að ryðga auk þess sem oft getur verið erfitt að loka þeim aftur með góðu móti.

Lagfæra og endurskoða þakið á Krummadeild

Á þaki Krummadeildar safnast miklar snjóhengjur á veturna sem falla með skellum niður og skapast af því miklar hættur auk þess sem stór grýlukerti safnast fyrir á þakkantinum. Starfsmenn hafa teygst sig með kúskafti í viðleitni sinni að losa snjóhengjurnar en fá þá snjóinn yfir sig. Þetta þarf að lagfæra, t.d. með því að byggja yfir pallinn fyrir framan inngang að deildinni.

Yfirfara mól á leiksvæði

Malarsvæði skólans er stórt og virðist sem um blandaða mól sé að ræða sem nær að frjósa með þeim afleiðingum að hún verður mjög hörð og hæðótt og skapar það hættu á slysum. Hugmyndir hafa komið með að minnka malarsvæðið eða jafnvel taka mólina alfarið í burtu og hafa gúmmímottur að hluta til á svæðinu.

Yfirfara undirlag við girðingu umhverfis skólann

Mikið er af holum við girðinguna sem freistar börnin að fara óboðin út fyrir skólalóðina. Yfirfara þarf undirlagið við girðinguna.

### **Uppeldis- og menntunarlegt gildi**

Tilfærsla á sandkassa

Starfsmenn komu margir hverjir með þá hugmynd að sandkassi sem stendur við húsið verði færður til á mölina. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að eðli málsins samkvæmt safnast mikill sandur á stéttum sem eru í gangvegi þegar foreldrar, börn og starfsmenn koma og fara frá skólanum. Þannig væri hægt að fegra aðkomuna að skólanum til mikilla muna.

Setja langan rugguhest eða strætó á útisvæði

Hugmynd kom að setja langan rugguhest eða svokallaðan strætó á útisvæðið sem nokkur börn geta verið á í senn.

Fá vegasalt á útisvæði

Hugmynd kom um að fá vegasölt á leiksvæðið

Fá kofa inn á lóðina

Hugmyndir komu um að fá litla kofa á leikvöllinn sem börnin geta dundað sér í og skapa þar óþrjótandi hugmyndir af ýmsum leikjum.

Minnka eða taka í burtu jafnvægislá

Jafnvægisláin sem er á útileiksvæði nýtist mjög takmarkað og tekur mikið pláss. Hugmyndir komu um að taka slána í burtu eða alla vega minnka hana til muna.

Fleiri rólur

Fá fleiri rólur á útisvæði, m.a. ungbarnarólu og stóra hringrólu

Búa til affallstunnur frá rennum

Börnin elska að leika með vatn úti og bæta þarf aðgengi þeirra að vatni utandyra. Hugmyndir komu um að setja tunnur upp við veggj sem tengdar eru rennum og geta börnin þá fengið sér vatn sem safnast saman eftir úrkomu.

Breyta hönnun sandkassans

Breyta þarf aðkomu barnanna að sandkassanum og endurskoða hönnun hans. Einnig mætti fjölga borðum sem börnin geta notað til að moka á og leika sér við.

### **Umhverfisleg gildi**

Fara í gegnum gróður á útisvæði

Athugasemdir bárust varðandi hríslur við fánastöng og tréð sem er á útisvæði við Lóudeildina. Einnig gróður í litla garði. Færa mætti gróðurinn til að hann nýtist betur setja þess í stað fallett svæði við húsið, t.d. beð, trépalla meðfram húsinu eða skjólsælt svæði sem börnin geta unað sér í rólegheitunum

Gera litla garðinn skjólsælli

Garðurinn sem ætlaður er yngstu börnunum veitir ekki skjól og er það í raun kaldasti staðurinn í garðinum og leita börnin lítið þangað. Kallað er eftir að gera þetta svæði skjólsælla og jafnvel færa til það svæði á skjólsælli stað.

Bæta aðgengi að leikskólanum

Athugasemdir hafa borist vegna þeirra sem eru hreyfihamlaðir sem þurfa að fara langa leið að skólanum. Skoða þarf möguleika á betra aðgengi með því að endurhanna tröppurnar að skólanum og jafnvel byggja yfir svæðið

frá hliðinu frá bílastæðinu upp að skólanum þannig að tröppur séu „innan dyra“. Ef það væri gert væri einnig auðveldara fyrir Spóadeildina sem nú þarf oft á dag að ganga í gegnum Lóudeildina til að komast milli rýma að geta farið út um sinn inngang og verið samt innanhúss þegar þeir þurfa að fara í önnur rými skólans án þess að trufla Lóudeildina margoft yfir daginn eins og nú er .

### Viðhald á útisvæði

Nýtt net yfir sandkassa

Þörf er á nýju neti yfir sandkassann við hús skólans og setja þarf net fyrir neðri sandkassann.

Yfirfara girðingu

Gera þarf við göt í girðingu og skipta út fjöllum þar sem þarf.

Setja nýjar tröppur að Krummadeildinni

Við Krummadeild eru viðarþrep sem eru orðin mjög léleg og hafa foreldrar gert margar athugasemdir með þær og sama á við um starfsfólk. Setja þarf nýjar tröppur og hafa þær steyptar.

Mála leiktæki

Mála þarf eða bera á leiktækin sem fyrir eru í garðinum

## KÓPASTEINN

14. mars 2016.

Greinagerð um leikskólalóðina í Kópasteini.

Kópavogsbær hefur sett af stað í átakið „skemmtilegri skólalóðir“.

Skólastjórar beðnir að taka saman í samvinnu við foreldraráð greinagerð um viðkomandi skólalóð og helstu áherslur og úrbætur út frá nýjum áherslum.

Kópasteinn þarfnast viðhalds á sinni lóð með megin áherslu á tvö svæði:

Svæðið við Hábrautina er orðið illa farið, girðingin er að falla inn í lóðina. Hugmynd hefur verið að setja upp betra „sull og drull“ svæði þarna. Fjarlægja sandkassann og setja upp fleiri starfsstöðvar fyrir börnin að vinna við. Einnig var hugmynd að setja upp lága girðingu til að afmarka þetta athafnasvæði frá stétt og rólum. Stóri steinn er kennileiti í lóðinni og mikið notaður. Það hafa verið gerðar athugasemdir við steininn og undirlag í kringum hann af úttektaaðilum. Skemmtileg hugmynd kom fram í tengslum við steininn og umhverfið til að tryggja öryggi. Girða af svæði í horni lóðarinnar í vesturátt, steininn myndi lenda innan girðingar. Einnig hefur komið fram hugmynd að setja upp aðstöðu fyrir „varðeld“ í því horni. Þar væri hægt að vera með samverustund og útikennslu með eldri börnum skólans. Svæðið yrði þá undir handleiðslu starfsmanna hverju sinni. Hægt að komast inn á svæðið í gegnum hlið.

Ofangreindar tillögur eru bornar undir foreldraráð.

Bestu kveðjur, Heiða Björk Rúnarsdóttir, leikskólastjóri Kópasteins.

- Sjá umsögn formanns foreldraráðs Kópasteins:

Foreldraráð Kópasteins tekur undir með leikskólastjóra um að viðhalds sé þörf á leikskólalóðinni og styður þær tillögur sem eru lagðar fram heilshugar. Hugmyndin um aðstöðu til útikennslu er sérstaklega áhugaverð og myndi bæta við möguleika í leikskólastarfinu. Því til stuðnings má nefna að sett hefur verið upp aðstaða til útikennslu nálægt Leikskólanum Urðarhóli sem er mikið notuð af bæði leikskólanum og nemendum í Kársnesskóla en heldur langt er að sækja í hana fyrir börnin á Kópasteini. Fyrir hönd foreldraráðs, María Nordahl.

Virðingarfyllst,

Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólastjóri Kópasteins.

## Inngangur

Heilsuleikskólinn Kór var opnaður 1. júní 2006. Hann er sjálfstætt starfandi skóli og er rekinn af Skólum ehf. sem er með þjónustusamning við Kópavogsbæ. Í leikskólanum dvelja um 120 börn sem skiptast niður á sex lundi. Aldur barnanna er frá 18 mánaða til 6 ára. Útisvæði er með leiktækjum, grjóti, sandi, möl, malbiki, grasi, mörgum tegundum af trjágróðri og plöntum, safnkassa og afgirtum matjurtagarði

Heilsuleikskólinn Kór var vígður Heilsuleikskóli 1. desember 2008 og er kjörorð leikskólans „Heilbrigð sál í hraustum líkama“. Frá opnun leikskólans var mikill áhugi fyrir umhverfismennt en snemma árs 2010 var tekin meðvituð ákvörðun um að efla hana enn frekar. Umhverfismennt fellur vel að heilsustefnunni, að hugsa vel um umhverfi sitt til jafns við líkama og sál.

Heilsuleikskólinn Kór varð leikskóli á grænni grein í ágúst 2010. Okkur hefur tvisvar sinnum hlotnast sá heiður að fá Grænfána. Það var þann 1. Júní 2012 og 2014 á afmælisdegi skólans og eigum von á að fá grænfána í þriðja sinn 1. júní 2016. Við erum mjög stolt af því að vera grænfánaskóli og teljum okkur hafa verið í framþróun og náð góðum árangri. Leikskólinn fékk umhverfis og samfélagsviðurkenning frá Kópavogsbæ vorið 2012.

Með því að breyta skólalóðinni verður hún umhverfissvænni, skemmtilegri og öruggari fyrir börnin. Auðveldara verður fyrir alla að búa til skemmtilegar kennslustundir í garðinum sem snúa að okkar umhverfisstefnu.

Haldinn var fundur með foreldraráði og á þeim fundi var rætt um hverju mætti breyta. Síðan var haldinn fundur með starfsfólki og með umræðu frá báðum aðilum komumst við að eftirfarandi niðurstöðu.

### Skemmtilegri leikskólalóð

Hér eru hugmyndir frá foreldraráði og starfsmönnum leikskólans.

Vantar gúmmímottur undir kastalann og svæðið þar sem hringekjan er. Þar er möl núna og er hún til vandræða vegna þess að hún helst illa á sínum stað og fer út um alla lóð, slysaþetta getur myndast þegar mölin fer á göngustíga þar sem börnin eru að hjóla, einnig eru tækin of há.

Taka burt sullukerið sem er austan megin bak við húsið og setja upp körfuboltaspjald í staðin á kubbana sem eru fastir við jörðina. Af þessu sullukeri stafar slysaþetta þegar litlu börnin eru að príla upp í þau, fallhæðin er of mikil.

Setja upp fótoltamörk á flötina til að geta verið í fótoltaleikjum og fl. Laga ræsið svo vatnið flæði frá.

Setja upp eldstæði á skólalóðina á annan hvorn staðinn og fasta bekkir í hring.

Setja upp hjóla / kerru-/vagnageymslu norðan megin við húsið. Meiri hvatning fyrir foreldra að koma gangandi eða hjólandi þegar aðstaðurnar eru góðar. Núna er engin aðstaða.

Setja palla í brekkuna austanmegin við húsið þannig að hægt sé að nota fyrir áheyranda palla og leiksvæði setja rennibraut öðrumegin við pallana þá er komin rennibraut sem bráð vantar fyrir yngstu börnin. (Sjá pallinn á leikskólanum Dal)

Setja ný hærri tré sem búa til meira skjól í garðinn austan megin.

Setja upp kofa fleiri en einn sem börnin geta leikið sér inn í.

Láta hækka upp matjurtagarðana norðan megin við húsið, setja meiri mold og athuga hvort ræktunin verði betri, annars notað svæðið sem sullusvæði.

Ekki hefur verið hægt að rækta matjurtir í þessum garði vegna þess að það er bæði kalt og of lítil mold höfum bætt mold í en ekki virkað. Við prufuðum líka að nota þetta svæði sem sullusvæði og þá komumst við að því hvers vegna var engin ræktun í gangi því svæðið varð að stórrí sundlaug og vatnið rann mjög hægt niður líklega vegna þess að það er klöpp undir. Erum búin að setja rabbabara í einn garðinn fyrir tveimur árum og hann hefur tekið illa við sér. Færa tré í beði norðaustan við skólann og flytja þau sunnan við húsið eða fá fleiri ný tré sunnan við húsið og setja í beðin.

Læt fylgja umhverfissáttmála barnanna og nokkrar skemmtilegar myndir úr starfinu.



Með fyrirram þökk um gott samstarf.

Bjarney Kr. Hlökkversdóttir  
Leikskólastjóri/preschool Director  
Fyrir hönd Foreldraráð  
Elfa Björk Hreggviðsdóttir  
Ingibjörg Björnsdóttir  
Unnur Bryndís Danielsdóttir



# Umhverfissáttmáli

Heilsuleikskólinn Kór



Við ætlum að vernda umhverfið og jörðina okkar  
með því að flokka, spara, nýta, laga og ganga vel um.

Moltan sótt og sett í kartöflubeðin.



Við fengum fiskikör á lóðina og notum þau til að rækta kartöflur



Endurrunninn efniviður nýttur í sköpunargleðina



Endurunninn efniviður nýttur í sköpunargleðina



Afrakstur ruslatínslu skoðaður



Stoltir menn búnir að byggja risa kastala úr skyrdósum.



Yoga úti í góða veðrinu.





## Framtíðarhugmyndir fyrir útisvæði

### Lækjavöllur

Þar verði engin hefðbundin leiktæki, heldur yrði þar náttúrulegt leiksvæði fyrir öll börn í Kópavogi sem myndi tengjast við útivistarsvæði niður í dalinn. Hefta aðgengi út að bílastæði, nota náttúrulegt efni/form sem stingur ekki í stúf við garðinn t.d. stóra steina og drumba. Koma fyrir eldstæði og helluleggja í kring. Gróðursetja ýmsar tegundir af berjarunnum.



### Stóri Lækur, norður.

Völlurinn í vestur garði verði endurnýjaður og klárað verði að endurnýja grindverk þar í kring. Brekkan fengi að halda sér þar sem hún nýtist bæði á sumrin sem áhorfendasvæði þegar einhverjar uppákomur eru og svo sem brekka til að renna þegar snjór er í garðinum. Jafnað yrði út frá hólnum að girðinu, þ.e. gróður fjarðlægður í horni. Setja gúmmíteppi á fótboltavöllinn sem nú er malbikaður.

### Stóri Lækur suður

Gera tengingu á milli garðanna norðurs og suðurs, vestan og austan megin, þar sem einnig verður hægt að loka þegar eingöngu á að nota hluta af garðinum. Koma fyrir jafnvægisdrumbum og stóru grjóti. Gera breytingar á undirlagi í garði og taka mið af reynslu annara þar sem verið er að endurnýja undirlag. Sandkassi myndi halda sér í óbreyttri mynd. Koma fyrir leiktækjum á grasflöt, sjá myndir hér fyrir neðan.




Moldarsvæði í suðvestur horni garðsins.  
**LITLI LÆKUR**

Tæki á grassvæði í suðaustur svæði

Að gróðursett verið trjágróður utan við girðinu til að mynda skjól fyrir yngstu nemendurna, skjól sem bæði skýlir vindi og dregur úr umferðarmengun. Loka fyrir bakgarðinn þar sem það dregur úr öryggi barnanna að hægt sé að fara hring í garðinum.

Gerð afgirt gróðurvín , með lágum trjágróðri og grasi, á því svæði sem myndin sýnir. Þar geti börnin farið í ævintýraleit með nesti. Bæði verði hægt að ganga þar inn um hlið og út frá listaskála, sjá mynd.

Gera breytingar á undirlagi í garði og taka mið af reynslu annara þar sem verið er að endurnýja undirlag.



## MARBACCI

Skemmtilegri leikskólalóðir – greinargerð foreldraráðs, foreldrafélags og starfsfólks á Marbakka

Vísað er til bréfs frá Friðriki Baldurssyni garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar dags. 10.12.2015 þar sem óskað var eftir að greinargerð yrði unnin í samráði við foreldraráð, stjórn foreldrafélagsins og starfsfólks leikskólans Marbakka vegna verkefnis Kópavogsbæjar sem ber heitið „skemmtilegri leikskólalóðir“.

Í upphafi er rétt að þakka fyrir fund sem var haldinn þann 20. janúar sl. með forsvarsmönnum foreldrafélagsins og leikskólans og starfsmönnum bæjarins. Foreldrafélagið óskaði eftir fundinum til að ræða um leiksvæðið á leikskólalóðinni. Auk þess sem leikskólinn fagnar 30 ára afmæli þann 11. maí nk. og foreldrafélagið hyggst gefa leiktæki á leikskólalóðina í tilefni þess. Í kjölfar fundarins og í samráði við starfsmenn bæjarins hefur foreldrafélagið tekið ákvörðun um að gefa leikskólanum vatnssulltæki. Vel var tekið í það af hálfu bæjarins að koma að uppsetningu þess á leikskólalóðinni og viljum við þakka fyrir það.

Á nefndum fundi var leikskólalóðin rædd og hugmyndir settar fram sem lutu einkum að því að gera lóðina öruggari og auka notagildi hennar. Þær hugmyndir sem þar voru settar fram eru grunnur að þessari greinargerð.

Þar sem leikskólalóð Marbakka er skipt í þrjú leiksvæði þ.e. ungbarnagarður, efri og neðri garður verður vikið að brýnustu verkefnum fyrir hvern garð um sig hér á eftir:

## Ungbarnagarður

Girðingin sem skilur að ungbarnagarðinn og efri garðinn er of lág þannig að börnin eiga auðvelt með að klifra yfir hana. Þá má benda á að tvær deildar deila þessum garði og er hann agnarsmár.

- Brýnt er að hækka girðinguna sem skilur að ungbarnagarðinn og efri garðinn. Jafnframt er óskað eftir að garðurinn sé stækkaður að hliði sem er vestan megin á leikskólalóðinni. Þannig minnkar efri garðurinn sem því nemur.

Húsið í sandkassanum er slysgildra þar sem vatn safnast saman undir því.

- Brýnt er að færa húsið. Óskað er þess að húsið sé fært samhliða stækkun ungbarnagarðsins þannig að það verði staðsett á lóðinni fyrir framan þar sem hliðið til vesturs er nú. Í stað hússins er óskað eftir borði til að drullumalla á í sandkassanum.

## Efri garður

Kastalinn er slysgildra þar sem hann er opin á þrjá vegu að vestan.

- Brýnt er að loka a.m.k. einu af þessum þremur opum á kastalanum.

Húsin efst í garðinum.

- Óskað er eftir því að undirlag húsanna sé hækkað.

## Neðri garður

Leiksvæðið er ætlað elstu börnunum en hefur fæst leiktæki.

Vatnssulltæki (gjöf foreldrafélagsins) - Fyrirhugað er að vatnssulltækið verði staðsett þar sem matjurtarbeiðin eru, austan megin í neðri garði.

- Óskað er eftir aðkomu bæjarins að uppsetningu tækjanna og við að fjarlægja matjurtarbeiðin.

## Fótboltamörk

- Óskað er þess að bærinn útvegi tvö fótboltamörk og setji upp vestan megin í neðri garði. Einnig langar okkur mikið til að sett verði eitt leiktæki í viðbót í neðri garð, helst vegasalt en ekkert slíkt er á leikskólalóðinni.

## Svæði fyrir ofan leikskólann

Á nefndum fundi voru uppi hugmyndir um að girða af lóðina sem er við bílastæði ofan við leikskólann og þannig stækka leiksvæðið. Einnig var rætt um að útbúa útikennslustofu á þessu svæði sem Friðrik tók vel í. Verði raunin að þetta verði útikennslustofa þá væri gaman að geta tilkynnt foreldrum um það á 30 ára afmæli skólans 11. maí næstkomandi.

## Almennar ábendingar:

- Brýnt er að auka lýsingu á gangstéttinni hjá bílastæðinu fyrir ofan leikskólann með tilliti til öryggis barna og foreldra. Þá mætti lýsingin á leikskólalóðinni einnig vera betri.
- Þörf er á að yfirfara grindverk með tilliti til eðlilegs viðhalds.
- Fækka má gróðri (runnum og blómabeðum) á leiksvæðinu til að skapa betra leikrými.
- Minnt er á að svæðið á milli kastalans og leikskólans fékk athugasemd í síðustu öryggisskoðun.

Foreldrafélagið og foreldraráð lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs og til að koma að nánari útfærslu á framangreindum ábendingum ef þörf þykir. Þá er þakkað fyrir tækifærið til að koma að ábendingum til að gera leikskólalóðina sem skemmtilegasta.

Með von um ánægjulegt samstarf

f.h. Foreldraráðs  
Stjórnar foreldrafélagsins á Marbakka  
Starfsfólks Marbakka

Gunndís Ýr Finnbogadóttir  
Þóra Marteinsdóttir  
Irpa Sjöfn Gestsdóttir

## NÚPUR

Skemmtilegri leikskólalóðir  
Leikskólinn Núpur

Litli garður: tvö lítil tæki s.s. gormatæki og lítil róla fyrir yngstu börnin

Suðaustur endi: stækka garð til austurs og setja fleiri leiktæki fyrir ung börn t.d. róla og ?. Setja langa girðingu frá húsi og út að girðingu til að afmarka þann hluta lóðar fyrir yngri börn.

Leikfangaskúr: hann skyggir mjög mikið á hluta lóðarinnar og af honum skapast mörg blindsvæði, mundum vilja sjá hann færðan í útjaðar lóðar, mögulega við hliðina á ruslagleymslu eða austan við hlið þannig að hann færi út fyrir lóð í beðin.

Suðvesturhlið- hækka jarðveg þannig að ekki sé brekka niður að girðingu. Að öðrum kosti mætti fjarlægja runna og setja í staðinn drumba og dekk í einhverskonar þrautabraut.

Neðri hluti lóðar – hóllinn við girðingu verði fjarlægður til að vatn og snjór renni betur burtu. Safnast mikið saman og veldur hættu. Færa girðingu utar eins mikið og mögulegt er til að stækka garðinn aftur eins og hann var. Það svæði væri gott að koma fyrir eldstæði og aðstöðu kringum það t.d. drumbum til að sitja á.

Neðan við sandkassa – klifurveggur / klifurstaurar

Fá bekk í kringum ljósastaur

## RJÚPNAHÆÐ

Skemmtilegri leikskólalóðir – fundur 20. maí 2016

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Margt sem þarf að bæta til þess:

Eitt af því eru skemmtilegri leikskólalóðir

Skemmtilegri leikskólalóð

### Viðhald

- Skipa umsjónarmann yfir viðhaldi
- Nauðsynlegt er að endurnýja og mála allt viðarverk. Stólpar á bryggju orðnir fúnir og eru orðnir hættulegir, það þarf að þússa brúnna og laga þar sem mjög auðvelt er að fá flís.
- Auka notagildi fyrir allan aldur
- Náttúrulegt umhverfi sem er krefjandi, getað gengið upp og niður, klifrað o.fl
- Helluleggja á einhverjum stöðum með þverskurðum af bjálkum.
- Það þarf að búa til svæði fyrir barnavagna þar sem börnin í leikskólanum eru að yngjast.

### Bílastæði

- Skapast hætta þar sem bílar leggja ólöglega. Börnin sjást ekki á milli bílanna. Þetta atriði var oft nefnt í foreldrakönnun og er mikið áhyggjuefni hjá foreldrum.
- Setja þrengingar til að minnka hraða. Eitt hjá göngubraut (sjoppumegin) og önnur nær blokkunum.
- Gera jafnvel hringtorg þannig að auðveldara sé að snúa við fyrir foreldra.
- Hugsanlega búa til bílastæði milli göngustígar og spennustöð. Þess vegna taka þau bílastæði sem eru meðfram skólalóðinni þá skapast minni hætta.
- Þarf allavega nauðsynlega að finna einhverja góða lausn á þessu – mikið vandamál.

### Í fremstu röð

#### Fjölbreyttari lóðir

- Byggja út af deildum fyrir aftan t.d. til að hafa vagna fyrir utan deildarnar. Ef allar deildir eru með palla og þá gætu líka allar deildir haft sér fataklefa og hurð þaðan út. Gengið út að aftan og meðfram leikskólanum til að

fara á leikskólalóðina.

- Setja undirlag (gúmmímottur) undir stærri rólurnar, taka mölina þar. Þá eru engar líkur á að undirlagið sé ekki nægt. Þá myndast engir pollar á veturna sem frjósa og verður hart.
- Setja náttúrulegar tröppur á hólinn, með bjálkabútum. Þeim megin sem óskastígur hefur myndast.
- Litla svæðið hjá brúnni (næst sjoppunni) gaman væri að fá borð þar (Eigum borð sem kemst þar)

### Leiktæki

- Fótboltavöllur með mörkum fyrir aftan leikskólann (eins og KSÍ vellirnir hjá grunnskólunum)
- Stærri klifurkastala (hærri rennibraut) fyrir elstu börnin (stórt skip).
- Venjulegt vegasalt og taka litla vegasaltið í burtu. Setja einhverskonar mottu undir þar sem vegasaltið lendir niður.
- Taka 4 stóra steina í burtu ef fótboltaleikurinn færir ekki bakvið hús.
- Færa hringekju á svæði þar sem enginn möl er því hún virkar ekki þar sem hún stíflast.
- Sullusvæði (t.d eins og á Baug)
- Setja fleiri rólur – líka í litla garði fyrir yngri börnin því rólurnar sem eru þar virka ekki fyrir yngri börnin.
- Umferðaljós og stoppmerki fyrir hjólaleikinn
- Jafnvægisslá – trjádrumbur, skorin þvert.

## SÓLHVÖRF

Miðvikudaginn 30. Mars 2016 var fundur haldinn með fulltrúum í foreldraráði leikskólans Sólhvarfa og leikskólastjóra. Fundarefni var að fara yfir og koma með hugmyndir til garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar skv. bréfi hans frá 10. Desember 2015 um Skemmtilegri leikskólalóðir.

Fundarmenn sammæltust um að koma með tvíþættar tillögur um úrbætur á skólalóðinni. Annars vegar um viðhald og öryggisatriði og hins vegar um úrbætur til að gera leikskólalóðina skemmtilegri fyrir börnin.

Þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram snúast ekki um róttækar né kostnaðarsamar breytingar á skólalóðinni. Bent skal á að mjög dýrt er að skipta um sand í sandkössunum á hverju ári. Með því að fækka sandkössunum um einn sparast fjármunir sem annars væri árlegur kostnaður á móti þeim breytingum sem við leggjum til. Einnig má benda á að ekki þarf að kaupa safnkassana, sem við viljum setja niður sem kennslutæki í moltugerð. Þeir eru til og hafa staðið í norðurgarðinum í 11 ár. Það þarf bara að festa þá niður nálægt matjurtagarðinum. Efniskostnaður vegna þessarar breytinga er tiltölulega ódýr þar sem flestar þessar tillögur snúast um torf, hellur, gróður o.þ.h efni. Því er það von okkar að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir sem fyrst.

### Viðhald og öryggisatriði:

- Grindverk í kringum lóðina þarf að laga á nokkrum stöðum. Sumarið 2015 voru berðin meðfram girðingu að norðan og vestan tyrfð til að varna því að of stór bil mynduðust á milli jarðvegs og girðingar. Þessi aðgerð heppnaðist að mestu leyti en enn þarf að laga bil á nokkrum stöðum t.d með því að setja niður tréverk þar sem bilið á milli grass og girðingar er enn of mikið. Í suðurgarði leikskólans bak við hólinn er grindverkið það lágt að börn geta hæglega klofað yfir það. Nauðsynlegt er að gera úrbætur til að laga þetta sem allra fyrst með því að hækka grindverkið.
- Aðalhlíð leikskólans er mjög illa farið og er klinkan til að loka og opna hliðið brotin þannig að erfitt er að loka og opna hliðið. Einnig er málning farin að flagna af hliðarstólpanum þannig að klinkan frýs oft á tíðum við hliðastólpan á veturnar. Þetta þarf að lag eins fljótt og hægt er.
- Á girðingu við sorpgeyslurnar er tvöfalt hlið sem væntanlega var hugsað fyrir aðkomu stærri bíla s.s. sjúkrabíla og brunabíla eða sendibíla. Þetta hlið er ekki hægt að opna og sinnir því ekki hlurverki sínu. Það hefur oft reynst bagalegt t.d. þegar sumarhátíð foreldrafélagsins er. Þá koma hingað sendibílar með hoppukastala og búnað til að blása þá upp. Í þessum tilvikum hefur þurft að bera allan búnað inn í suðurgarðinn með ærinni fyrirhöfn. Nauðsynlegt er að breyta og laga hliðið á þann hátt að það opnast út úr garðinum þar sem göngustígur innan garðs við hliðið liggur hærra en hliðið og því er ekki hægt að opna hliðið inn í garðinn.
- Gras á skólalóðinni er mjög illa farið og er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að græða það betur upp t.d. með áburðargjöf.
- Í hólnum framan við skólahúsið þarf að fylla í holur sem hafa verið grafnar þar. Þessar holur hafa valdið slysum á börnum og fullorðnum þegar t.d. snjó er yfir og holurnar sjást ekki þá er auðvelt að stíga ofan í holurnar og meiða sig. Skemmtilegri leikskólalóð:



- Á leikskólalóðinni er matjurtargarður sem börnin rækta grænmeti í á sumrin. Það er mjög brýnt að festa niður safnkassa, sem eru til en hafa aldrei verið festir niður, í nánd við matjurtagarðinn. Þegar safnkassarnir verða jarðfastir getum við nýtt þá til að kenna börnunum að gera moltu sem hægt er að nýta í matjurtagarðinn.
- Í kringum skólann eru beð sem eru uppfull af illgresi sem er að kæfa allan gróður í beðunum. Einnig er trégrindverk meðfram húsinu þar sem þessi beð eru. Okkar tillaga er sú að taka grindverkið og gróðurinn í þessum beðum og tyrfa yfir þau. Þetta var gert s.l. sumar á einum stað í garðinum og er það miklu snyrtilegra og stækkar einnig leiksvæði barnanna.
- Bæta þarf í gróður í beð meðfram girðingunni umhverfis leikskólann þar sem ekki hefur verið sett niður rifsberjarunnar. Okkar tillaga er að sett verði niður t.d. grenitegundir sem hægt er að klippa niður í skjólbelti meðfram girðingunni að sunnan, austan og norðan megin í fremri garðinum. Það þarf einnig að tyrfa beðin sunnan megin í fremri garðinum.
- Norðurgarður leikskólans var hannaður sem matjurtagarður. Skemmst er frá því að segja að þar nýtur minnstrar sólar í gaðinum og því óhugsandi að nýta svæðið fyrir matjurtagarð. Okkar tillaga er að breyta þessu svæði í fjölnota svæði fyrir ýmiskonar hreyfileiki t.d. fótbolta, snú snú, hjólaþrautir ofl. sem hugurinn gírnist. Til að svo megi verða þarf að fjarlægja grindverk meðfram húsinu og helluleggja allt svæðið. En það er nú að hluta til hellulagt. Einnig þarf að frarlægja safnkassa sem eru þar geymdir og festa þá niður nálægt matjurtagarðinum í suðurgarðinum.
- Á skólalóðinni eru þrjár sandkassar og allir stórir. Mjög kostnaðarsamt er að endurnýja sandinn árlega í þessum sandkössum. Okkar tillaga er að sandkassinn sem er fyrir framan inngang á eldri gangi verði lagfærður á þann hátt að smíðaðar verði brúnir á hann til að varna því að sandurinn berist eins mikið á stéttar og þar með inn í fataklefan og að inngangan í sandkassann verði á vestur hlið sandkassans
- Á sandkassanum fyrir framan yngri gang þarf að laga timburbrúnir sem eru orðnar lúnar og endurhanna þær þannig að sandkassinn sé sem mest afmarkaður frá stéttum og inngangan í hann verði á vesturhlið kassans
- Í suðurgarði leikskólans er stór sandkassi. Okkar tillaga er að fjarlægja sandinn og útbúa í staðinn eldstæði þar sem hægt er með öruggum hætti að kveikja eld með börnunum. Einnig þarf að setja trjádumba umhverfis þar sem hægt er að tilla sér niður eða æfa jafnvægi með því að ganga eftir þeim.
- Á leikskólalóðinni eru tvö svæði með tréstaum sem við viljum láta fjarlægja. Annað svæðið er á milli sandkassa við eldri barna inngang og kastalavæðis. Þar viljum við að verði tyrft alveg að gangstétt. Á þessu svæði myndast oft djúpur pollur framan við gangstéttina en með því að fjarlægja staurana og tyrfa allt svæðið ætti pollurinn að hverfa.
- Hinu svæðinu sem eru á norðvestur hlið í vestur garðinum viljum við breyta í afmarkað drullusvæði fyrir börnin. Börn hafa meðfædda þörf fyrir að drullumalla og með því að búa þeim aðstæður til að fullnægja þessari þörf má ætla að þau freistist síður til að drullumalla á óæskilegum stöðum í garðinum. Jafnframt því að útbúa afmarkað drullusvæði viljum við gjarnan að sett verði upp vatnstunna svipuð því sem er í garðinum á Rjúpnahæð og tengja hana við þakrennur leikskólans. Þetta er auðveldlega hægt að gera nálægt drullusvæðinu þannig að auðvelt sé fyrir börnin að nálgast vatnið og eins er slík tunna gott kennslutæki til að kenna börnunum um hringrás vatns og mikilvægi þess að fara vel með vatni sem við söfnum í tunnuna.

Bjarney Magnúsdóttir  
Leikskólastjóri Sólhvörfum.

## URÐARHÓLL

Greinagerð um leikskólalóð Urðarhóls

Lóðin er stór, skemmtileg og bíður upp á skapandi starf. Gaman væri að fá meiri klifur áskoranir og „drullusvæði“ fyrir skapandi starf. Það væri til bóta að færa sandkassann þar sem sandurinn berst mikið upp á stéttar og þar að leiðandi inn. Gott væri að laga fallhættu við vestur hlið Stubbasels auk þess að fá hlið fyrir vörumóttöku samkvæmt teikningu.

Lóðin þarfnast viðhalds:

- Sár eru komin í grasflötina
- Meiri mól á malarsvæði
- Niðurföll orðin léleg og standa uppúr á malarsvæði
- Beðin orðin moldarlaus
- Vantar betra aðgengi að vatni
- Gervigras á fótboltasvæði
- Klifurvegg í garðinn



Kópavogsbær